## Valentínusardagur fram undan

Una Dögg býður upp á rómantíska köku í tilefni dags ástarinnar. ➤ 28



## Aðstoðaði Amish konur í fæðingu

Kristbjörg Magnúsdóttir ljósmóðir kynntist samfélagi Amish betur en margur. ➤ 30









# FRÉTTABLAÐIÐ

30. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 12. FEBRÚAR 2022


# Margrét kveður Hússtjórnarskólann eftir kvartöld

Margrét Sigfúsdóttir hefur ráðið ríkjum á Sólvallagötu 12 í um aldarfjórðung en lætur nú af störfum 75 ára gömul. Hún segist vel hafa getað hugsað sér að vinna lengur en tími sé kominn til að hleypa nýjum kröftum að. ➤ 22



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR






Grímuskylda er áfram í gildi þar sem ekki er hægt að tryggja fjarlægð.

## Takmörkunum létt vegna Covid

birnadrofn@frettabladid.is

**COVID-19** Almennar fjöldatakmarkanir eru nú 200 manns í stað 50 en breytingar á sóttvarnareglum tóku gildi á miðnætti.

Ríkisstjórnin samþykkti í gær annað skref í afléttingaráætlun sinni. Með því duttu úr gildi reglur um sóttkví en reglur um einangrun eru enn þær sömu og reglugerð um skólahald var afnumin.

Opnunartími veitinga- og skemmtistaða lengdist um eina klukkustund og er nú leyfilegt að taka á móti gestum til miðnættis en allir skulu hafa yfirgefið staðinn fyrir klukkan eitt.

Grímuskylda er áfram í gildi þar sem ekki er hægt að tryggja eins metra fjarlægð, engar fjöldatakmarkanir eru í verslunum eða á sund-, líkamsræktar- og skíðasvæðum.

Íþróttakeppnir og æfingar eru heimilar með 200 manns í hólfi og heimilt er að halda þúsund manna viðburði að því tilskildu að allir sitji í sæti og beri grímu. ■

## Sjaldséðir gestir á heiðinni



Það er ekki á hverjum degi sem sleðahundar sjást á Mosfellsheiðinni. Kjöraðstæður voru til slíkra ferðalaga í gær, kalt og stillt. Höfuðborgarbúar nýta hvert tækifæri sem gefst fyrir margs konar vetrarútiveru. Ef fólk býr sig vel getur ómæld ánægja verið í boði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Prófkjör um helgina

birnadrofn@frettabladid.is

**SVEITARSTJÓRNIR** Prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík og Hafnarfirði fyrir sveitarstjórnarkosningar hefjast í dag. Dagur B. Eggertsson og Heiða Björg Hilmisdóttir gefa ein kost á sér í tvö efstu sætin í Reykjavík. Hann í fyrsta sæti og hún í annað sæti.

Töluverð barátta er um sætin þar fyrir neðan. Sextán manns bjóða sig fram í sex efstu sæti listans í borginni. Í sveitarstjórnarkosningunum í maí verður kosið um 23 einstaklinga til setu í borgarstjórn Reykjavíkur.

Um opið prófkjör er að ræða sem þýðir að bæði flokksfólk í Samfylkingunni og þeir sem hafa skráð sig sem stuðningsfólk hafa kosningarétt.



Dagur B Eggertsson, borgarstjóri

Töluvert hefur verið um nýskráningar í flokkinn í aðdraganda prófkjörsins, en prófkjörinu í Hafnarfirði lýkur í dag en í Reykjavík stendur það til morguns og má búast við niðurstöðu síðdegis eða snemma annað kvöld.

Prófkjör Samfylkingarinnar í Kópavogi fer fram um næstu helgi. Sömu helgi fer fram prófkjör Pírata í Reykjavík og Kópavogi. ■

## Lögreglan felldi rannsókn á umsvifum flugmanns niður

Samgöngustofa segist hafa fengið ábendingar um „meint flug“ flugmannsins Haraldar Diego í atvinnuskyni án þess að hafa tilskilin leyfi. Málinu hafi verið vísað til lögreglu sem hafi síðan fellt það niður.

gar@frettabladid.is

**FLUGMÁL** Málefni félagsins Volcano Air og eiganda þess, flugmannsins Haraldar Diego, voru til skoðunar hjá Samgöngustofu í fyrra vegna ábendinga um meintan ólöglegan flugrekstur. Lögregla tók við rannsókn málsins og felldi það síðan niður.

Haraldur Diego, sem fórst fimmtudaginn 3. febrúar síðastliðinn, átti í gegnum félag sitt Volcano Air sem hefur leyfi sem seljandi ferða sem standa yfir í að hámarki sólarhring og fela ekki í sér næturgistingu.

Undir Volcano air var starfræktur ljósmyndaklúbburinn Over Iceland. Meðlimir þar áttu samkvæmt reglum félagsins rétt á því að fljúga með atvinnuflugmanni gegn því einu að kostnaði við flugið væri skipt milli þeirra sem voru um borð hverju sinni. Á þeim grundvelli fór Haraldur með farþega í útsýnis- og ljósmyndaflug og önnur flug af þeim toga.

Þar sem hvorki Haraldur né félög hans höfðu flugrekstrarleyfi og þar með heimild til að fljúga með greiðandi farþega bárust Samgöngustofu athugasemdir frá flugrekendum um að starfsemi hans uppfyllti ekki skilyrði laga. Töldu þeir sem kvörtuðu flug Haraldar í raun leyfisskyldan atvinnurekstur og í samkeppni við fyrirtæki sem uppfylla þyrftu strangari skilyrði og eftirlit.



Björgunaraðgerðir við Ölfusvatnsvík þar sem mennirnir fjórir sem fórust með TF-ABB fundust. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Má skipta beinum kostnaði

Óheimilt er að fljúga með farþega gegn gjaldi á Íslandi, nema með flugrekstrarleyfi fyrir flutningaflug. Hins vegar er heimilt að skipta kostnaði við einkaflug þar sem óbreyttir einstaklingar skipta með sér beinum kostnaði, sem deilist niður á alla sem eru um borð, flugmanninn þar með talinn. Um er að ræða kostnað vegna eldsneytis, lendingargjöld eða leigugjöld fyrir flugvél. Enginn hagnaður má vera af fluginu.

HEIMILD: SAMGÖNGUSTOFA

Í svari til Fréttablaðsins kveðst Samgöngustofa geta staðfest að mál tengt viðkomandi loftfari og eiganda, sem sagt Cessna-flugvélinni TF-ABB og Haraldi Diego, hafi verið til meðferðar hjá stofnuninni.

„Var það meðal annars vegna ábendinga um meint flug viðkomandi í atvinnuskyni án þess að hafa til þess tilskilin leyfi,“ segir í svari Samgöngustofu, sem jafnframt staðfestir að TF-ABB hafi ekki verið með flugrekstrarleyfi. Um einkaflugvél hafi verið að ræða.

„Samgöngustofa tók málið til rannsóknar eftir hefðbundnum leiðum og ákvörðun var tekin í kjölfarið um að vísa því til lögreglu. Málinu lauk af hálfu lögreglunnar síðastliðið haust með niðurfellingu þess. Þá skal tekið fram að engin nýleg mál hafa borist stofnuninni vegna umrædds loftfars eða eiganda þess,“ er undirstrikað í svarinu. Samkvæmt þessu taldi lögregla að ekkert ólöglegt væri við það flug sem Haraldur heitinn stundaði.

Eins og kunnugt er náðust lík Haraldar og hinna þriggja farþega hans upp úr Ölfusvatnsvík í mikilli aðgerð við erfiðar aðstæður á fimmtudaginn. Til stóð að halda starfi þar áfram í gær og ná upp flugvél Haraldar, en vegna ísmyndunar var ákveðið að fresta aðgerðum þar til aðstæðurnar verða hagstæðari. ■

Drífandi ehf
Alhliða vertakaþjónusta og öll almenn smíðavinna
Gluggar, hurðir, kjarnaborun, steinsögun, fræsun, parket, flísar...
... eignilega allt sem þig vantar að gera.
Gunnar / s. 777 8371
gunnariceman@gmail.com

KINTO








# KINTO ONE LANGTÍMALEIGA

Með KINTO ONE langtímaleigu nýtur þú þess að keyra um á nýjum bíl, án þess að þurfa að eiga hann. Innifalið er trygging, þjónusta, dekk, bifreiðagjöld og ef þú leigir Plug-in Hybrid eða rafmagnsbíl þá fylgir hleðslustöð.* Allt þetta fyrir eina greiðslu á mánuði.

*Leigutaki ber sjálfur kostnað við uppsetningu hleðslustöðvar og eignast hana í lok leigutímans.

Og það besta við allt saman? Það er fljótlegt og auðvelt að byrja. Veldu lengd tímabils sem hentar þér, sæktu bílinn og aktu burt.

Kynntu þér langtímaleigu KINTO ONE.

**kinto-mobility.is**

## TOYOTA YARIS ACTIVE HYBRID

**Opnunartilboð gildir út febrúar 2022**

**1 ár:** ~~105.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 89.000 kr. á mán.**

**2 ár:** ~~96.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 86.000 kr. á mán.**

**3 ár:** ~~95.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 83.000 kr. á mán.**

# Ferðatími talinn vinnutími að fengnu áliti EFTA-dómstóls

adalheidur@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Flugvirki sem starfar hjá Samgöngustofu hafði betur gegn ríkinu, þegar Héraðsdómur Reykjavíkur viðurkenndi að tími starfsmanns sem fer í ferðalög á vegum vinnuveitanda utan dagvinnutíma teljist til vinnutíma.

Jón Sigurðsson, lögmaður mannsins, telur málið fordæmisgefandi hvort tveggja fyrir opinbera starfsmenn og starfsmenn á almennum vinnumarkaði.

Fréttablaðið fjallaði um mál flugvirkjans árið 2020 en aflað var ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins vegna þess.

Í málinu voru tilteknar tvær ferðir flugvirkjans, til Ísraels og til Sádi-Arabíu. Ferðatíminn í seinna tilvikinu náði frá klukkan 4.15 að morgni til klukkan 2.40 tæpum sólarhring síðar, en aðeins tíminn frá klukkan 8 til 16 taldist til vinnutíma. Um er að ræða prófmál sem var rekið fyrir hönd hóps flugvirkja sem starfa hjá Samgöngustofu.

» Lögmaður mannsins telur málið fordæmisgefandi fyrir alla ríkisstarfsmenn.

Aflað var ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins vegna málsins. Það var niðurstaða hans að sá tími, sem varið væri í ferðalög utan hefðbundins vinnutíma til annars áfangastaðar en fastrar eða hefðbundinnar starfstöðvar í því skyni að inna að hendi störf eða skyldur að kröfu vinnuveitanda, teljist vinnutími í skilningi vinnutímatilskipunar ESB.

Var þessi niðurstaða lögð til grundvallar í málinu og að mati héraðsdóms var flugvirkinn að sinna skyldum í þágu vinnuveitanda síns þegar hann fór umræddar ferðir utan hefðbundins vinnutíma. Því er viðurkennt af hálfu dómsins að ferðirnar teljist til vinnutíma. ■

## Fast fé í bætta geðheilsu fanga

bth@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðisráðherra hefur í ljósi góðrar reynslu af þjónustu geðheilsuteymis fanga ákveðið að tryggja rekstur teymisins til frambúðar með föstu fjármagni.

Teymið var sett á fót sem nýsköpunarverkefni á sviði geðheilbrigðismála til eins árs árið 2020 og síðan framlengt um eitt ár.



Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra

Á vef Stjórnarráðsins segir að algjör stakkaskipti hafi orðið á geðheilbrigðisþjónustu við fólk sem afplánar dóma í fangelsum með tilkomu teymisins.

Árlegur kostnaður nemur um 84 milljónum króna og verður hluti af föstu framlagi inn í rekstrargrunn Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. ■

## Tæplega sex milljónir látist

birnadrofn@frettabladid.is

**COVID-19** Rúmlega 408 milljón tilfelli af Covid-19 hafa verið staðfest í heiminum. Tæplega sex milljónir manna hafa látið lífið vegna sjúkdómsins.

Hér á landi var 10.241 einstaklingur í einangrun með Covid í gær og 34 lágu á sjúkrahúsi. 54 hafa látist hér á Íslandi vegna Covid-19. ■

# Virkjar átakshóp í húsnæðismálum á ný og boðar fundaröð Þjóðhagsráðs

Forsætisráðherra hefur skipulagt fundaröð Þjóðhagsráðs og endurvakið átakshóp um húsnæðismál í aðdraganda kjarasamninga. Hún telur að hugsanlegar sviptingar sveitarstjórnarkosninga muni ekki trufla þessa vinnu.



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra telur húsnæðismálin verða eitt af stærstu viðfangsefnum í aðdraganda næstu kjarasamningagerðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

kristinnhaukur@frettabladid.is

**KJARAMÁL** Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra er búin að skipa átakshóp til þess að finna leiðir til að örva framboð á húsnæði. Skipunin er gerð í tengslum við komandi kjarasamninga, en sambærilegur hópur var skipaður árið 2019 í aðdraganda Lífskjarasamninganna.

„Þessi hópur skilaði tillögum sem skiluðu miklum árangri,“ segir Katrín. „Árin 2020 og 2021 var meira byggt en í mörg ár þar á undan og þriðjungur var vegna þessara ákvarðana stjórnvalda. Það er stuðnings við almenna íbúðakerfið og hlutdeildarlánin sem gerðu að verkum að hlutur fyrstu kaupenda var mikill.“

Að auki hefur Katrín skipulagt fundaröð hjá Þjóðhagsráði og eru tveir fundir nú þegar búnir. Annars vegar var fundað um húsnæðismálin og hins vegar efnahagsmálin. En í Þjóðhagsráði sitja fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, ríkisins, sveitarfélaganna og Seðlabankans.

Katrín segir að allir sem sitja við þetta borð séu sammála um að húsnæðismálin séu stærsta viðfangsefnið. „Þetta snýst um lóðir, skipulag og uppbyggingu. Allir þessir aðilar þurfa að taka þátt,“ segir hún.

Viðbúið er líka að húsnæðismálin verði eitt stærsta málið í sveitarstjórnarkosningunum, ekki síst í þremur stærstu sveitarfélögunum, Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði.

” Árin 2020 og 2021 var meira byggt en í mörg ár þar á undan og þriðjungur var vegna þessara ákvarðana stjórnvalda.

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

„Ég ímynda mér að húsnæðismálin verði stórmál í sveitarstjórnarkosningunum sem fram undan eru en ég trúi því að það muni ekki trufla þessa vinnu,“ segir Katrín um kosningarnar. Allir sjái að það þurfi að byggja meira, því að frá hruni hafi aðeins verið byggðar 3.000 íbúðir árlega en þörfin sé 3.500.

Kjarasamingagerðin hefst seint í vor eða sumar og búist er við því að hún verði flókin og erfið. Bæði vegna stöðunnar á húsnæðismarkaði og yfirvofandi dýrtíðar, en einnig vegna þess hversu misvel atvinnugreinar komi undan faraldrinum. Eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni hafa forsvarsmenn verkalýðsfélaga kallað eftir aðgerðum frá ríkinu til þess að liðka fyrir, svo sem stuðningi við þá verst settu í gegnum bótakerfið.

Katrín segir kjarasamningagerð fyrst og fremst vera verkefni og skyldu aðila vinnumarkaðarins. Þjóðhagsráð leysi þá ekki undan þeirri skyldu. „Við viljum samt eiga gott samráð við þessa aðila til þess að geta tekið þátt í því að efla lífskjör almennings,“ segir Katrín.

Ríkisstjórnin hefur verið gagnrýnd fyrir að hafa ekki efnt allt sem hún lofaði fyrir síðustu kjarasamningagerð. Meðal þess voru aðgerðir eða lagasetning um húsaleigu, starfskjör, takmarkanir á verðtryggðum lánum og kennitöluflakk.

„Það hefur ekki allt verið klárað en samt ótrúlega stór hluti af þessum aðgerðum,“ segir Katrín. Nefnir hún að sumar aðgerðanna hafi ekki klárast vegna óeiningar milli aðila vinnumarkaðarins. Aðeins handfylli af málum standi eftir ókláruð. ■





ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16



Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Rýming
Troðfull verslun af merkjavöru!
70%
afsláttur af öllum vörum
BOSS
HUGO BOSS
Stenströms
HUGO
HUGO BOSS
gardeur
SAND
COPENHAGEN
EMPORIO
ARMANI
bugatti
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
POLO
RALPH LAUREN
eterna
LES DEUX
copenhague
LLOYD
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) Opið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512

## Fimm fjölbýli og hundruð nýrra íbúða í pípunum

birnadrofn@frettabladid.is

**HAFNARFJÖRÐUR** Byggingarfélagið MótX og BM Vallá undirrituðu í gær samstarfssamning að byggingu íbúða við Hamranes í Hafnarfirði. Um er að ræða fimm fjölbýlishús með alls 170 íbúðum. Húsin verða Svansvottuð og byggð úr umhverfisvænni steinsteypu.

Gert er ráð fyrir að fyrstu íbúðirnar verði tilbúnar til afhendingar 2024 og þær síðustu fyrir árslok 2025. Framkvæmdir við húsin hefjast á næstu vikum.

„Við áætlum að kolefnisfótspor steinsteypunnar verði 30-40 prósentum lægra en meðaltal markaðarins í dag,“ segir Þorsteinn Víglundsson, forstjóri Hornsteins, eiganda BM Vallá. „Það samsvarar því að taka um tólf þúsund bensínbíla úr umferð á ári hverju.“ ■




Bensínstöð N1 að Ægisíðu mun hverfa fyrr en síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Íbúðir komi í stað bensínstöðva

benediktboas@frettabladid.is

**SAMGÖNGUR** Alls er Reykjavíkurborg búin að semja um að 13 bensínstöðvar hverfi úr borgarlandinu í stað íbúðabyggðar. Á fimmta tug bensínstöðva eru í Reykjavík en stefnt er að því að þær verði horfnar fyrir árið 2040, eða eftir 18 ár.

Í stað bensínstöðva munu rísa íbúðabyggingar, með eða án atvinnuhúsnæðis á jarðhæð. Olíufélögin eru skuldbundin til að fjarlægja mannvirki og hreinsa jarðveg innan ákveðins tíma, segir í tilkynningu borgarinnar. Kvöð er á lóðunum um að 20 prósent íbúða skuli vera leigu-, stúdenta- og búseturéttaríbúðir sem og íbúðir fyrir aldraða. ■

# Fimm kosningar á tveimur mánuðum

Sameiningar sveitarfélaga eru oft viðkvæmt málefni, sérstaklega í þeim fámennustu, og margoft hafa þær verið felldar. Fimm atrennur að sameiningu fara fram á komandi vikum.

kristinnhaukur@frettabladid.is



Sameinining Snæfellsbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps gæti orðið upptaktur að stærri sameiningu á Snæfellsnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**KOSNINGAR** Fimm sameiningarkosningar fara fram næstu tvo mánuði, allar á Vesturlandi og Norðurlandi. Allar eiga þær það sameiginlegt að tvö sveitarfélög geta sameinast og í öllum tilvikum er annað þeirra áberandi fjölmennara en hitt.

Næstkomandi laugardag, þann 19. febrúar, verður kosið um sameiningu Snæfellsbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps, Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps, og Skagafjarðar og Akrahrepps. Rúmum mánuði síðar, þann 26. mars, verður kosið um sameiningu Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar, og Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps.

Eggert Kjartansson, oddviti Eyja-og Miklaholtshrepps, segir kosningarnar tvennar á Snæfellsnesi prófstein á stærri sameiningu. „Samstarfsnefndin hugsar þetta sem millileik að frekari sameiningu á Snæfellsnesi,“ segir hann. Verði tillögurnar felldar sé hins vegar erfitt að sjá að farið verði að huga að henni.

Engin sameining hefur orðið á Vesturlandi síðan 2006, þegar Borgarbyggð var stofnuð, og Eggert segist ekki hafa tilfinningu fyrir hvorum megin kosningarnar lenda. „Íbúarnir ráða þessu,“ segir hann, en kosningarnar séu mikið ræddar í sveitinni.

Það sem brenni helst á fólki séu skólamálin. Tveir grunnskólar eru reknir á sunnanverðu Snæfellsnesi, Lýsuhólsskóli og Laugargerðisskóli, sem báðir hafi veikst á undanförnum árum. Eftir sameiningu verði hins vegar vörn snúið í sókn og stofnaður einn skóli á sunnanverðu Snæfellsnesi.

Skólamálin brenna einnig á íbúum Húnavatnshrepps og eru eitt helsta deilumálið þar. „Það er lagt upp með að sameina skóla á Húnavöllum og Blönduósi. Það er alltaf viðkvæmt mál,“ segir Jón Gíslason, oddviti Húnavatnshrepps.

Síðasta sumar var tillaga um stóra sameiningu í Austur-Húnavatnssýslu felld. Á Blönduósi er mikill vilji fyrir sameiningu, en hún var samþykkt naumlega í Húnavatnshreppi, með tæplega 57 prósentum atkvæða. 65 prósent sögðust vilja viðræður við Blönduósbæ, í könnun samfara alþingiskosningunum, og er Jón bjartsýnn á að tillagan verði samþykkt á laugardag.

Í Akrahreppi er einnig töluvert rætt um sameiningarmál, að sögn Hrefnu Jóhannesdóttur oddvita. Fólk velti fyrir sér afkomu sveitarfélaganna og þeir sem eru gagnrýnir hafa áhyggjur af fjarlægðinni milli kjörinna fulltrúa og íbúanna í dreifbýlinu.

Árið 2005 var sameining kolfelld í hreppnum, meira en 83 prósent sögðu nei. Athygli vakti að tillagan var líka felld í Skagafirði, sem er langtum fjölmennara sveitarfélag, með tæplega 51 prósenti.

„Hlutverk sveitarfélaganna hefur breyst mjög mikið síðan 2005, með tilfærslu stórra verkefna frá ríki til sveitarfélaga, auk þess sem hið rafræna umhverfi hefur gjörbreyst,“ segir Hrefna. „Kröfurnar eru líka sífellt að aukast varðandi til dæmis þjónustu við íbúa og aðkomu þeirra að ákvarðanatöku.“

Á samráðsvettvangi fámennustu sveitarfélaganna hafi sameining Skagafjarðar og Akrahrepps verið nefnd sem tiltölulega auðveld og sjálfsögð sameining, í ljósi þess hversu umfangsmikið samstarfið er nú þegar.

„Við erum með samning við Sveitarfélagið Skagafjörð um framkvæmd verkefna í flestum málaflokkum og um mörg og mikilvæg málefni. Það var því álit samstarfsnefndarinnar að íbúar myndu ekki taka eftir miklum breytingum á þjónustunni ef til sameiningar kæmi,“ segir Hrefna.

Ef sameiningarnar verða samþykktar ganga þær í gegn fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Þegar hefur ein sameining verið samþykkt, hjá Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit. Tillögur að heiti hins nýja sveitarfélags eru nú á borði Örnefnanefndar. ■

**Sameiningarkosningar árið 2022**






Hrefna Jóhannesdóttir oddviti Akrahrepps

**Íbúafjöldi sveitarfélaganna**

| | |
|---|---|
| **Kosningar 19. febrúar** | |
| Snæfellsbær | 1.666 |
| Eyja- og Miklaholtshreppur | 101 |
| Blönduósbær | 934 |
| Húnavatnshreppur | 388 |
| Skagafjörður | 4.085 |
| Akrahreppur | 203 |
| **Kosningar 26. mars** | |
| Stykkishólmsbær | 1.210 |
| Helgafellssveit | 79 |
| Langanesbyggð | 506 |
| Svalbarðshreppur | 94 |

# Höfðar mál gegn ráðherra vegna skipunar í embætti forstjóra

lovisa@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Umsækjandi um stöðu forstjóra Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála, GEV, sem metinn var hæfastur en ekki skipaður, hefur ákveðið að fara í mál við félags- og vinnumarkaðsráðherra. Umsækjandinn var einn sex sem sóttu um stöðuna fyrir áramót og var sá eini sem metinn var nógu hæfur til að vera tekinn í viðtal.

Eftir að hæfnisnefnd mat umsækjandann hæfastan ákvað þó ráðherra að auglýsa stöðuna að nýju.

Umsækjandinn fékk fullt hús stiga í 67 prósentum af hæfnikröfuliðum, samkvæmt niðurstöðum nefndarinnar, en ákvörðun ráðherrans lýtur að því að umsækjandinn uppfyllti ekki að fullu hæfnikröfu um leiðtogahæfileika. Í rökstuðningsbréfi ber ráðuneytið fyrir sig sem rök fyrir ákvörðun um að auglýsa embættið að nýju að í niðurstöðukafla í álitsgerð hæfnisnefndar komi fram að ekki hafi komið „nægilega vel fram sýn umsækjandans [nafn fjarlægt af blaðamanni] á mikilvægi leiðtogahæfileika í starfinu“.

Umsækjandinn fékk tvo af fjórum í þeim matslið sem þó, samkvæmt niðurstöðu hæfnisnefndar, vó innan við 7,5 prósent af heildarvægi hæfnikrafna.

Staðan var auglýst að nýju í janúar en þá voru hæfniskilyrði ólík frá fyrri auglýsingu, en í þeirri seinni var lögð ríkari áhersla á leiðtogahæfileika og auglýst eftir „drífandi leiðtoga sem hefur áhuga á að byggja upp nýja stofnun“ og krafa um leiðtogahæfileika nú önnur á eftir háskólamenntun, en í fyrri auglýsingu hafði hún komið seinust.

Umsækjandinn telur ekki að ráðherra hafi haft forsendur til að stöðva skipunarferlið, eða heimild til þess, eftir að umsækjandinn var metinn hæfastur, heldur hefði þá átt að skipa hann í embætti forstjóra GEV. Umsækjandinn telur auk þess að afskipti bæði ráðherra og ráðuneytisstjóra af skipuninni hafi verið óeðlileg, en áður en ráðherra var greint frá niðurstöðum hæfnisnefndarinnar var umsækjandanum tjáð af ráðuneytisstjóra að annar yrði fenginn í embættið og lagt að honum að draga umsókn sína til baka. Þegar umsækjandinn varð ekki við því var staðan auglýst að nýju.

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála er ný stofnun sem tók til starfa 1. janúar á þessu ári. Stofnunin tekur við ábendingum um þjónustu, undir eftirliti stofnunarinnar. Samkvæmt heimasíðu stofnunarinnar geta ábendingar aðeins beinst að þjónustu sem veitt er á grundvelli þeirra laga sem heyra undir eftirlit stofnunarinnar, það er barnaverndarlaga, laga um Barna- og fjölskyldustofu, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, laga um málefni aldraðra, laga um Ráðgjafar- og greiningarstöð, laga um Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. ■



Gæða- og eftirlitsstofnun tók til starfa 1. janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

» **Staðan var auglýst að nýju í janúar en þá voru hæfnisskilyrði ólík því sem var í fyrri auglýsingu.**




## Frábær í borginni og fullkominn í ferðalagið

Með nýrri hönnun, fullkomnari búnaði og meiri drægni er þessi frábæri rafdrifni borgarjeppi orðinn enn meira aðlaðandi. Komdu og reynsluaktu nýjum og endurbættum Hyundai KONA EV sem nú er einnig á betra verði en áður.

**Hyundai KONA EV Style. Verð 5.990.000 kr.**
**Drægni allt að 484 km***

**Skoðaðu nýjan KONA á hyundai.is.**

**Opið í dag frá 12–16**

HYUNDAI

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

7 ÁRA Ábyrgð – Framtíðin er örugg

8 ÁRA Rafhlöðu ábyrgðartrygging

Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is

ENNEMM / SÍA / NM009616

*Uppgefnar tölur um drægni taka mið af nýjum WLTP prófunum. Akstururslag, hitastig og ástand vega hefur afgerandi áhrif á drægni rafbíla.






Styrkir úr Barnamenningarsjóði

Umsóknarfrestur er til **4. apríl 2022**

Auglýst er eftir umsóknum um árlega styrki úr Barnamenningarsjóði Íslands.

Hlutverk sjóðsins er að styðja fjölbreytta starfsemi á sviði barnamenningar með áherslu á sköpun, listir og virka þátttöku barna í menningarlífi. Verkefni sem stuðla að lýðræðislegri virkni barna í samfélaginu eða taka mið af inntaki Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hafa sérstakt vægi.

Áhersla er lögð á samstarf tveggja aðila eða fleiri, svo sem menningarstofnana, skóla, listafólks og félagasamtaka og er hvatt til þess að samstarfsverkefni séu unnin í samstarfi ólíkra aðila, t.d. að stofnanir leiti samstarfs við skapandi fólk fremur en við aðrar stofnanir.

Ef umsækjandi hefur þegar hlotið styrk úr sjóðnum kemur ný umsókn ekki til álita nema að loka- eða áfangaskýrslu sé skilað fyrir umsóknarfrest.

**Umsóknarfrestur rennur út 4. apríl 2022 kl. 15.00.**

Sjóðurinn er átaksverkefni til fimm ára, stofnaður í tilefni aldarafmælis fullveldisins á hátíðarfundi Alþingis 18. júlí 2018.

Reglur sjóðsins og umsóknargögn er að finna á **barnamenningarsjodur.is.** Umsóknum, áfanga- og lokaskýrslum skal skila á rafrænu formi.

Rannís, Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Sími 515 5800, barnamenningarsjodur@rannis.is

Barnamenningarsjóður Íslands

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



Ljósmynd af æfingasvæði sem rússneska varnarmálaráðuneytið sendi til fjölmiðla í vikunni. Rússneskir og hvít-rússneskir skriðdrekar á heræfingu 11. febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Kalt stríð vegna Úkraínu

Spennan á landamærum Rússlands og Úkraínu fer sívaxandi og að sögn leiðtoga úkraínskra andspyrnuafla í landinu gæti allt keyrt um koll á hverri stundu. Bandaríkjaforseti tekur undir þau orð og sagði að „allt gæti farið á versta veg á örskotsstundu“.

ninarichter@frettabladid.is

**UTANRÍKISMÁL** Breska utanríkisráðuneytið sendi í gær út tilmæli þess efnis að breskir ríkisborgarar ferðuðust ekki til Úkraínu og skipuðu þeim sem þar væru að yfirgefa landið án tafar. Er þetta svar við yfirlýsingu Joes Biden Bandaríkjaforseta, sem sendi í gær út tilkynningu þess efnis að allir Bandaríkjamenn skyldu snúa heim frá Úkraínu þegar í stað, ellegar yrðu þeir ekki sóttir ef til átaka kæmi í landinu.

Talsmenn Bandaríkjastjórnar fullyrða við fjölmiðla vestra að tíðar og opinskáar yfirlýsingar Bidens í tengslum við Úkraínudeiluna væru vandlega úthugsuð aðgerð í samráði við Þjóðaröryggisráð Sameinuðu þjóðanna, leyniþjónustuna og aðrar þjóðaröryggisstofnanir til þess að trufla áætlanir Rússa og koma í veg fyrir frekari hernaðaraðgerðir.

Ríkisstjórn Bandaríkjaforseta telur sig hafa komið Vladimír Pútín, forseta Rússlands, á óvart og segja sömu heimildir hleranir hafa borið árangur.

Leiðtogar vestrænna ríkja hafa á sama tíma staðið í ströngu við að draga úr spennunni sem myndast hefur á svæðinu.

Núningur milli Rússlands og NATO hefur ekki verið jafn mikill síðan í kalda stríðinu. Jens Stoltenberg, yfirmaður NATO, hefur kallað þetta „hættulega stund“. Talsmaður stjórnvalda í Kreml, Dmitry Peskov, talaði á þriðjudag um „brýna þörf“ á að draga úr spennunni – en sagði síðan á miðvikudaginn að rússnesk yfirvöld yrðu að stofna til hernaðaraðgerða til að mæta „fordæmalausri ógn“ gegn Rússlandi.

Rússar og Úkraínumenn tilkynntu á fimmtudag að engar sættir hefðu náðst í deilunni eftir níu klukkustunda viðræður við franska og þýska sáttasemjara, í viðræðum sem miðuðu að því að binda enda á átök aðskilnaðarsinna í austurhluta Úkraínu. Sendiherra Úkraínu, Andryi Yermak, sagði við það tækifæri að á meðan ágreiningur væri til staðar væri á sama tíma vilji til að halda áfram og ná sáttum.

Spennan kemur átta árum eftir að Rússar innlimuðu suðurhluta Krímskaga Úkraínu. Síðan þá hefur Úkraínuher staðið í ströngu á móti uppreisnarmönnum sem njóta stuðnings Rússa á austursvæðunum, nálægt rússnesku landamærunum.

Fyrr í mánuðinum sendu rússnesk yfirvöld hundrað þúsund hermenn að landamærunum sem hafa stundað þar heræfingar í samstarfi við hvít-rússneska herinn. Rússnesk yfirvöld hafa ítrekað þvertekið fyrir allar fyrirætlanir varðandi innrás í Úkraínu.

Rússneski herinn hóf tíu daga heræfingatímabil á Krímskaga á föstudag. Heræfingar hafa einnig haldið áfram í Hvíta-Rússlandi, norður af Úkraínu. Rússneski herinn æfir árlega í Hvíta-Rússlandi en síðasta æfing var í september. Sérfræðingar hafa fullyrt að umfang hergagna sem notuð eru á æfingunum sé fordæmalaust, en Rússar hafa kallað eftir búnaði frá Mið-Austurlöndum til að nota við æfingarnar.

Óttast er að ef Rússar reyni að ráðast inn í Úkraínu muni æfingarnar ná að staðsetja rússneska herinn nálægt Kænugarði, höfuðborg Úkraínu, sem geri árás á borgina auðveldari. Rússar hafa fullyrt að hermenn komi til með að snúa aftur til varanlegra bækistöðva sinna eftir að æfingunum lýkur.

Úkraína hefur hafið eigin tíu daga heræfingar, þó að embættismenn þar í landi hafi litlar sem engar upplýsingar gefið.

Yfirvöld í Moskvu segjast ekki geta fallist á að Úkraína – fyrrverandi Sovétlýðveldi með djúp félagsleg og menningarleg tengsl við Rússland – geti gengið til liðs við vestræna varnarbandalagið NATO og hafa farið fram á bann við inngöngu Úkraínu í bandalagið.

Rússar hafa frá árinu 2014 stutt uppreisn í Donbass-héraði í austurhluta Úkraínu. Samkvæmt opinberum heimildum hafa 15.000 manns – þar á meðal margir óbreyttir borgarar – fallið í bardögum síðan þá. Úkraínsk yfirvöld óttast þó að talan sé mun hærri.

Að sögn bandarískra fjölmiðla hafa teikn verið á lofti um að endurnýjun svokallaðra Minsk-samninga, sem ætlað var að binda enda á átökin í austurhluta Úkraínu árið 2014, gætu verið notuð sem grundvöllur til að draga úr spennunni á svæðinu. ■

» **Núningur á milli Rússlands og NATO hefur ekki verið jafn mikill síðan í kalda stríðinu.**

## Þórdís vonar það besta en er búin undir það versta



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir segir stöðu mála í Úkraínu ekki hafa verið til umræðu á ríkisstjórnarfundi í gær, en segir að ríkisstjórn hafi upplýst utanríkismálanefnd Alþingis með reglubundnum hætti.

„Ég er að fara út í næstu viku með varnarmálaráðherrum og þar verður þessi staða rædd,“ segir Þórdís.

Hún segist að auki eiga reglubundna fundi vegna málsins með ýmsum kollegum, auk þess sem utanríkisþjónustan sitji marga fundi vegna málsins.

Aðspurð hvort ný staða komi upp í Úkraínudeilunni á hverjum degi segir Þórdís að vissulega sé töluverður titringur. „En það fer líka eftir því við hvern þú talar.“

Hún vitnar í orð Úkraínuforseta sem bað fólk að sýna stillingu og forðast að valda múgæsingi. „Við þekkjum það úr sögunni að spennan, í sjálfu sér, getur á endanum haft afleiðingar. Á meðan það er samtal í gangi er það jákvætt,“ segir Þórdís Kolbrún.

„Við vonum það besta. Við erum að vonast til þess að einhverja diplómatíska lausn sé hægt að finna. En við búum okkur undir það versta.“

Þórdís bendir í því samhengi á aðgerðir annarra landa þegar komi að auknum viðbúnaði. „Auðvitað er þetta raunveruleg ógn við okkar nágrannaþjóðir, Eystrasaltsríkin, Finnland og fleiri,“ segir hún.

„Auðvitað langar mann að trúa því að það vilji enginn að átök brjótist út. Hver á einhvern veginn að sigra í slíkum átökum, er einhver sigur í því?“ spyr ráðherrann. „En svona mikil spenna hefur ekki verið á þessu svæði síðan í kalda stríðinu. Það er staðan og hún er mjög alvarleg.“




# Græn iðnbylting á Íslandi

Græn iðnbylting stendur nú yfir þar sem ríki heims hafa sammælst um að draga úr losun kolefnis. Hún felur í sér nýsköpun, orkuskipti og miklar fjárfestingar. Til að árangur náist þarf ríka samvinnu stjórnvalda og atvinnulífs. Íslenskur iðnaður ætlar ekki að láta sitt eftir liggja og er reiðubúinn að finna bestu og hagkvæmustu lausnirnar í þágu loftslagsins og samfélagsins alls.

SI Samtök iðnaðarins

Ár grænnar iðnbyltingar 2022



FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK

# Stund milli stríða við Þingvallavatn

Ljósmyndarar Fréttablaðsins hafa síðustu daga fangað með myndum sínum þá harmrænu sögu sem hófst þegar flugvélin TF-ABB fórst í Þingvallavatni. Þjóðin hefur fylgst með hnökralausri samvinnu sérfræðinga og sjálfboðaliða úr ólíkum áttum, sem leitt hefur til þess að ástvinir hafa nú endurheimt hina látnu úr vatninu. Nú eru kaflaskil. Næsta verk er að sækja flak vélarinnar sem hvílir enn á botni vatnsins. Myndirnar tala sínu máli.



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Rafrænn aðalfundur Marel hf. 2022

**Rafrænn aðalfundur Marel hf. verður haldinn miðvikudaginn 16. mars nk. kl. 16:00**

## Drög að dagskrá:

1. Fundarsetning. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár
3. Skýrsla forstjóra
4. Ársreikningar félagsins fyrir starfsárið 2021 lagðir fram til staðfestingar (kosning)
5. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað fyrir starfsárið 2021 (kosning)
6. Skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu félagsins
7. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins (kosning)
8. Tillaga um kaupréttarkerfi félagsins (kosning)
9. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna árið 2022 (kosning)
10. Ákvörðun um greiðslu til endurskoðanda fyrir liðið starfsár (kosning)
11. Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins:
    - **11.1.** Tillaga um breytingu á grein 5.1. í samþykktum félagsins (kosning)
      Stjórn félagsins leggur til að aðalfundur félagsins kjósi árlega 7 (sjö) menn til setu í stjórn félagsins í stað 5 til 7 (fimm til sjö) manna.
    - **11.2.** Tillaga um endurnýjun á heimild í grein 15.2. í samþykktum félagsins (kosning)
      Greinin heimilar stjórn félagsins að hækka hlutafé um allt að 75 milljónir að nafnvirði sem nota má í tengslum við fyrirtækjakaup.
12. Kosning stjórnar félagsins
    - **12.1** Tillaga um að kjósa sjö menn til setu í stjórn félagsins (kosning)
    - **12.2** Tillaga að tilnefningum stjórnarmeðlima
    - **12.2.1** Ann Elizabeth Savage (kosning)
    - **12.2.2** Arnar Þór Másson (kosning)
    - **12.2.3** Ástvaldur Jóhannsson (kosning)
    - **12.2.4** Lillie Li Valeur (kosning)
    - **12.2.5** Ólafur Steinn Guðmundsson (kosning)
    - **12.2.6** Svafa Grönfeldt (kosning)
    - **12.2.7** Ton van der Laan (kosning)
13. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis (kosning)
14. Tillaga um að endurnýja heimild félagsins til að kaupa eigin hlutabréf (kosning)
15. Önnur mál löglega upp borin og fundarslit

**Aðalfundurinn verður aðeins haldinn með rafrænum hætti og allir hluthafar þurfa að skrá þátttöku sína fyrir fundinn.** Hluthafar eiga rétt á að tilnefna umboðsmann til að mæta og kjósa fyrir sína hönd. Hluthafar eru hvattir til að skrá sig tímanlega á fundinn. Skráning á fundinn og kosning fyrir fundinn hefst kl. 9 þriðjudaginn 15. febrúar og lýkur skráningu og kosningu fyrir fundinn kl. 12 á hádegi á fundardegi. Kosning bæði fyrir og á meðan aðalfundi stendur mun eingöngu fara fram með rafrænum hætti.

**Hluthafar sem eiga hlutabréf skráð í Euronext kauphöllinni í Amsterdam** sem óska eftir því að mæta og kjósa fyrir eða á meðan aðalfundi stendur þurfa að tryggja tímanlega að vörsluaðili hlutabréfa þeirra hafi skráð mætingu á fundinn og hvernig þeir vilja kjósa, í gegnum vefgátt ABN AMRO. Þetta gildir um alla hluthafa, innlenda og erlenda, sem eiga hlutabréf skráð í Euronext kauphöllinni, einnig þá sem eiga líka hlutabréf skráð á Nasdaq á Íslandi.

**Hluthafar sem eiga hlutabréf skráð á Nasdaq á Íslandi** skrá þátttöku á aðalfundinum og kjósa fyrir eða á meðan aðalfundi stendur í gegnum vefgátt LUMI AGM á **lumiconnect.com/meeting/marel**

Framboð til setu í stjórn félagsins skulu berast skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti 14 dögum fyrir upphaf aðalfundar, þ.e. fyrir kl. 16 miðvikudaginn 2. mars.

Hluthafar eiga rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi og skal kröfu þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til stjórnar. Tillögum og fylgiskjölum skal skilað til stjórnar félagsins eigi síðar en tíu dögum fyrir aðalfundinn, þ.e. í síðasta lagi fyrir kl. 16 sunnudaginn 6. mars, á netfangið **agm@marel.com**

Fundarstörf munu fara fram á ensku. Á aðalfundarvef félagsins, **marel.com/agm** er að finna allar frekari upplýsingar í tengslum við aðalfundinn, þ.m.t. upplýsingar um rétt hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og leggja fram ályktunartillögur fyrir fundinn, tillögur stjórnar félagsins, ársreikning félagsins fyrir árið 2021, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæðafjölda í félaginu þann 11. febrúar 2022, reglur um rafræna kosningu og frekari upplýsingar um skráningu og atkvæðagreiðslu.

Dagskrá fundarins og endanlegar tillögur verða gerðar aðgengilegar hluthöfum 14 dögum fyrir fundinn á **marel.com/agm**

**Stjórn Marel hf.**

marel

# Prófraunin



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Í þeim pólitíska ómöguleika sem einkennir yfirbragð íslenskra stjórnmála er einna áhugaverðast að hugsa til þess mögulega. Þrír ólíkir flokkar leggja hver öðrum lið í ríkisstjórn, en hana skipa fyrrum froðufellandi andstæðingar sem stíga nú vangadansinn af slíkri alvöru að ekkert lát virðist vera á ástríkinu.

En er mögulegt að sundurgerðin sé minni en sagan segir? Getur verið að litlu skipti um ákvarðanir og efndir, hvort ráðsettur hægrimaður stjórni ábúðarfullu ráðuneyti eða að róttækur vinstrimaður haldi þar um valdaþræði?

Í þessu efni er áhugavert að skoða nokkra kima stjórnarráðsins, en að öllum póstum ólöstuðum hlýtur ráðuneyti kvótamála að vera þar mesti prófsteinninn á hvort það skipti yfirleitt nokkru máli hvort handhafi valdsins sé kokhraustur kapítalisti eða sannfærður sósíalisti.

Svarið mun blasa við á næstu mánuðum og árum í valdatíð Svandísar Svavarsdóttur á stóli atvinnumálaráðherra, sem tiltölulega nýverið tók við lyklunum af Kristjáni Þór Júlíussyni. Það mun með öðrum orðum ráðast á næstu misserum hvort þau skötuhjúin tilheyri sama flokknum í sann og raun, eða ekki, altso kyrrláta kvótaflokknum sem ætlar sér ekki með nokkru móti að ógna auðríki þessa fámenna hóps sem eignast hefur auðlindina í sjónum í kringum landið.

Sú var tíðin að stjórnmálamaður af reyndari skólanum synjaði lögum staðfestingar á stóli forseta, á þeim forsendum að gjá væri á milli þings og þjóðar. Af þeim sökum var málinu vísað til almennings í sögulegri þjóðaratkvæðagreiðslu sem braut í blað í lýðveldissögunni.

Hyldjúp gjáin sem blasað hefur við í þjóðmálaumræðunni, bæði fyrir og eftir þá atkvæðagreiðslu – og má heita opið sár á samfélaginu – varðar stjórn fiskveiða við landið, ekki að skipt hafi verið úr sóknarmarki í sjálfbærari veiðar, heldur hvað eignarhaldið varðar og arðinn sem situr eftir í sameiginlegum sjóðum landsmanna.

Ástæða þess að yfir 60 prósent landsmanna eru andvíg núverandi tilhögun kvótakerfisins og að aðeins fimmtungur landsmanna er hlynntur henni, svo sem fram kom í skoðanakönnun sem birtist í Fréttablaðinu í vikunni, verður einkum rakin til þess hróplega óréttlætis sem alþýða manna verður vitni að í málaflokknum: Helstu auðmenn landsins segjast ekki hafa efni á að greiða markaðsleigu fyrir fiskinn í sjónum og komast upp með slikkið.

Nú reynir á Svandísi Svavarsdóttur. Er hún Kristján Þór í sauðargæru? Er hún VG eða varanlegt íhald? Hún ein getur svarað því. ■

> ”
> **...að öllum öðrum ólöstuðum hlýtur ráðuneyti kvótamála að vera þar mesti prófsteinninn á hvort það skipti yfirleitt nokkru máli hvort handhafi valdsins sé kokhraustur kapítalisti eða sannfærður sósíalisti.**






## Gunnar




## Mín skoðun

# Kvótinn og endalok sögunnar



Sif Sigmarsdóttir

Hvenær verðum við sú manneskja sem okkur er ætlað að vera? Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem gerð var við Harvard háskóla í Bandaríkjunum er svarið: Aldrei. „Manneskjur eru verk í vinnslu sem halda ranglega að þær séu tilbúnar,“ segir Daniel Gilbert, sem fór fyrir rannsókninni. Samkvæmt henni teljum við okkur flest hafa tekið miklum breytingum síðustu tíu ár. Aftur á móti gerum við flest ráð fyrir því að breytast lítið sem ekkert næstu tíu ár.

Gilbert segir að þótt tíminn sé kraftmikið afl sem breyti persónuleika okkar, smekk og lífsgildum, virðumst við þó aðeins skynja tímann sem breytingarafl í fortíð. Í núinu teljum við okkur alltaf nýbúin að breytast í þá persónu sem við munum vera út ævina. Gilbert kallar þessa skynvillu „tálsýn um sögulok“ og segir manneskjuna sem við erum í dag vera jafnskammæra og öll þau sjálf sem komu á undan.

Slík ímynduð sögulok eiga sér þó ekki aðeins stað meðal einstaklinga.

**Grátbrosleg flónska**

Árið 1975 kom út bók sem hófst á eftirfarandi orðum: „Þessi bók fjallar um kúgun manna á ómennskum dýrum. Þessi kúgun hefur valdið og veldur enn sársauka og þjáningum sem eiga sér hliðstæðu í aldalangri kúgun hvítra manna á svörtum.“

Þegar bókin Frelsun dýra eftir siðfræðinginn Peter Singer kom fyrst út, þótti fyrrnefnd fullyrðing fráleit. Singer viðurkenndi að sjálfur hefði hann hlegið að sambærilegri samlíkingu nokkrum árum fyrr. En nú, tæpri hálfri öld eftir að tímamótaverk Singers leit dagsins ljós, eru hugmyndir hans um dýravernd útbreiddar og grænkerar á hverju strái.

Samtímanum þykir fortíðin gjarnan fávís. Það sem eitt sinn þótti rétt, eins og þrælahald, þykir okkur nú fásinna. Eina flónsku eigum við þó sameiginlega með undangengnum kynslóðum.

Árið 1992 lýsti bandaríski stjórnmálafræðingurinn Francis Fukuyama yfir „endalokum sögunnar“. Fukuyama taldi að hugmyndafræðilegri þróun mannkynsins væri formlega lokið. Hið vestræna lýðræði hefði í anda náttúruvals Darwins orðið ofan á og bolað burt óæðri stjórnarháttum á borð við harðstjórn, einræði og kommúnisma.

Hvort sem um ræðir einstaklinginn, samfélagið eða hugmyndafræði er ljóst að sögulok eru tálsýn. Í dag hlæjum við að því þegar okkur fannst við fáránlega flott með herðapúða og sítt að aftan. Í dag rífum við niður styttur af löngu liðnum þrælahöldurum. En þótt hvert einasta tímabil fortíðar sem taldi sig hafa náð glæstum hátindi framþróunar hafi haft rangt fyrir sér, virðumst við ekki velkjast í nokkrum vafa um að samtími okkar sé þvert á móti sá glæsti endapunktur sem hinir töldu sig upplifa.

Á forsíðu Fréttablaðsins í vikunni birtust niðurstöður könnunar sem sýndi að rúmlega sextíu prósent landsmanna eru andvíg kvótakerfinu. Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, gaf í skyn að þeir sem væru á móti núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi væru á móti sjálfbærum veiðum. Hún sagði mikilvægt að hafa „alla söguna í forgrunni“. Hér áður fyrr hefðu „of mörg skip“ verið að eltast við „of fáa fiska“. Kerfið hefði ekki orðið til í einu vetfangi árið 1983 heldur hefði leiðin að umhverfislegri, efnahagslegri og samfélagslegri sjálfbærni verið löng og erfið. „En okkur Íslendingum tókst þetta.“

Svo virðist sem SFS telji sig standa á glæstum hátindi framþróunar. En förum við að ráðum Heiðrúnar og höfum „alla söguna í forgrunni“ sést að slíkt dramb er oftast falli næst. Líklegra er að í nánni framtíð verði málflutningur þeirra, sem halda fram að öryggi fiskistofna verði aðeins tryggt með því að arður fiskveiða renni í vasa fárra, álitinn grátbrosleg flónska fortíðar. ■

> ”
> **Svo virðist sem SFS telji sig standa á glæstum hátindi framþróunar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is,*
**FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is,* Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# VIÐ ERUM FLUTT Á K7

## BÍLALAND OG HYUNDAI NOTAÐIR Á STÆRRA PLANI

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

ENNEMM / SÍA / NM009576




## Bílaland

Bílaland sérhæfir sig í notuðum bílum sem BL hefur umboð fyrir. Þetta eru bílar sem við þekkjum vel og eru allir BL-bílar yfirfarnir og ástandsskoðaðir til að tryggja sem best að þeir séu í toppstandi. Traust og áreiðanleiki eru einkunnarorð okkar og eftir þeim störfum við alla daga.

Við hlökkum til að sjá þig á nýja staðnum á K7, niðri við Hesthálsinn!

## Hyundai notaðir bílar

Nú getur þú skoðað toppeintök af notuðum Hyundai á sérhönnuðu sýningarplani. Hyundai eru annálaðir fyrir góða endingu, bílarnir eru með eina þá lægstu bilanatíðni sem um getur á undanförnum árum og er ábyrgð framleiðanda ein sú víðtækasta og lengsta á markaðnum.

Komdu í kaffi og kíktu á úrvalið af notuðum Hyundai!

bílaland

HYUNDAI NOTAÐIR

OPNUNARTÍMI: Mánudaga 10-18, þriðjud.–fimmtud. 9-18, föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

**Bílaland og Hyundai notaðir bílar -** Krókhálsi 7 - 110 Reykjavík - Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

# K7

# Bíl
# á b

## Opnunarhátíð í dag frá 12–16

Á K7 hafa **Askja notaðir bílar, Bílaland, Bílamiðstöðin, Bílabankinn og Hyundai notaðir** komið sér fyrir á yfir 23.000 fm sýningarsvæði á frábærum stað sem rúmar yfir 800 bíla.

Komdu í heimsókn og skoðaðu ótrúlegt úrval notaðra bíla!




**Bílasölur Krókhálsi 7** - 110 Reykjavík

k7bilasolur.is

# asölur
# etra plani




ASKJA NOTAÐIR BÍLAR
Sími. 590 2160

bílaland
Sími. 525 8000

BÍLAMIÐSTÖÐIN
Sími. 517 4500

BÍLABANKINN
Sími. 588 0700

HYUNDAI NOTAÐIR
Sími. 525 8000

ENNEMM / SÍA / NM009596

FIBA
BASKETBALL
WORLD CUP
QUALIFIERS

ÍSLAND
GEGN
ÍTALÍU

LANDSLEIKUR Í KÖRFU
UNDANKEPPNI HM
KARLA

FIM. 24. FEBRÚAR
KL. 20:00

ÓLAFSSALUR,
ÁSVÖLLUM
HAFNARFIRÐI

MIÐASALA HAFIN Á
STUBB APPINU!





Líklegt er að úrslitin ráðist af því hversu vel Aaron Donald (hægri) og félögum í vörn Los Angeles Rams tekst að herja á og trufla leikstjórnandann Joe Burrow(vinstri) og sóknarlínu Bengals. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Pressan á Hrútunum

**Leikurinn um Ofurskálina fer fram um helgina þegar Los Angeles Rams og Cincinnati Bengals mætast í Los Angeles. Bengals er óvænt komið í úrslitaleikinn en Rams er búið að leggja allt í sölurnar undanfarin ár í von um meistaratitil.**

kristinnpall@frettabladid.is

**NFL** Pressan verður á Los Angeles Rams á heimavelli Hrútanna, þegar Rams mætir Bengals í úrslitaleik NFL-deildarinnar, Ofurskálinni (e. Superbowl) í Los Angeles um helgina. Rams er annað liðið í sögunni sem leikur úrslitaleikinn á heimavelli sínum og er búið að leggja öll spilin á borðið í von um að vinna annan meistaratitilinn í sögu félagsins. Pressan er minni á Bengals, enda áttu fæstir von á því að liðið kæmist í úrslitakeppnina í ár.

Hrútarnir hafa undanfarin ár farið mikinn á leikmannamarkaðnum og veðsett framtíð sína í leikmannavalinu í von um að finna síðasta púslið sem þarf í meistaralið. Í annað sinn á fimm árum lagði Rams alla áherslu á að finna leikstjórnanda (e. quarterback) og tókst Matthew Stafford að koma Rams í úrslitaleikinn strax í fyrstu tilraun, eftir vonbrigðaár í Detroit. Þá tók liðið inn stór nöfn á tímabilinu til að efla sóknar- og varnarleik liðsins, sem gerir það að verkum að það er varla veikan blett að finna á Ramsliðinu.

Hið unga lið Bengals er komið í úrslitaleikinn öllum að óvörum, en leikstjórnandinn Joe Burrow, sem er á öðru ári sínu í deildinni, hefur sýnt stórkostlegar framfarir. Burðarásarnir í liðinu, Burrow, Mixon og Ja'Marr Chase, eru allir ungir að árum, en Chase og Burrow þekkja aðstæður sem þessar vel, eftir að hafa leitt LSU til sigurs í bandaríska háskólaboltanum fyrir tveimur árum. Þá náði vörn Bengals að stöðva tvö helstu sóknarvopn NFL-deildarinnar, Patrick Mahomes og Derrick Henry, á leið sinni í úrslitaleikinn og gæti náð að temja Hrútana. ■

**12**

Bengals er eitt tólf liða í NFL-deildinni sem hefur aldrei unnið Superbowl

## Gestir á eigin heimavelli

Í annað sinn í sögunni og um leið annað árið í röð, fer leikurinn um Ofurskálina fram á heimavelli annars liðsins sem leikur til úrslita. Ári eftir að Tampa Bay Buccaneers vann titilinn á heimavelli, getur Los Angeles Rams fetað í sömu fótspor í Inglewood á SoFi-vellinum.

Þrátt fyrir að leikurinn fari fram á heimavelli Rams teljast þeir vera gestirnir í úrslitaleiknum. Regluverk NFL-deildarinnar er þannig að það skiptist á milli ára hvort heimaliðið sé úr Ameríku- eða Þjóðadeildinni, enda fer leikurinn yfirleitt fram á hlutlausum velli sem er ákveðinn löngu áður. Þannig var Tampa Bay á heimavelli á síðasta ári sem fulltrúi Þjóðadeildarinnar og í ár er komið að liði úr Ameríkudeildinni að hljóta nafnbótina heimaliðið.

Með því fékk Bengals rétt til þess að velja í hvaða búningum þeir yrðu á sunnudaginn, en í skiptum fær Rams að velja hlið þegar kemur að því að kasta hlutkesti í leiknum.

**1,42**

Framleiðendur búast við því að Bandaríkjamenn neyti 1,42 milljarða kjúklingavængja á leikdegi Ofurskálarinnar.

**31,4**

Áætlað er að um 31,4 milljónir Bandaríkjamanna veðji á leikinn í ár, eða um tíu prósent þjóðarinnar.

**3**

Þetta er í þriðja sinn í sögunni sem Bengals leikur til úrslita í NFL-deildinni. Í fyrri tvö skiptin tapaði Bengals fyrir San Fransisco 49ers.

**6**

Metið yfir flest snertimörk í einum Superbowl-leik er í eigu Steve Young, sem kastaði fyrir sex snertimörkum árið 1995.

**7**

Þrjátíu sekúndna auglýsing á Superbowl kostar sjö milljónir dala, um 870 milljónir króna.

**561**

Stærsta veðmálaupphæðin sem hefur verið staðfest er 4,5 milljónir dala, eða 561 milljón íslenskra króna, á sigur Bengals.




# BMW iX xDrive40 Atelier

## Verð: 10.990.000 kr.

Með tveimur öflugum rafmótorum og BMW xDrive rafknúna alhjóladrifinu býður BMW iX upp á framúrskarandi rafmagnsafköst. Með 425 km drægni* er BMW iX xDrive40 tilvalinn fyrir bæði innanbæjarakstur og lengri ferðalög. Komdu, skoðaðu og reynsluaktu nýjum iX og upplifðu sígild BMW gæði og glæsileika.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

TIL AFGREIÐSLU STRAX

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



BJORK@FRETTABLADID.IS

# Lifandi sagan kennd

Forsíðu þessa tölublaðs prýðir Margrét Sigfúsdóttir, fráfarandi skólastýra Hússtjórnarskólans í Reykjavík. Margrét hefur, eins og hún segir frá í viðtalinu, sagt starfi sínu lausu og eftirmanns hennar er nú leitað. Það er vissulega djúp spor að fylla að taka við af Margréti, en sjálf segist hún ekki ætla að vera með puttana í neinu, hún einfaldlega hætti og snúi sér að öðru, til dæmis prjónunum.

Það er yndislegt að heimsækja Hússtjórnarskólann við Sólvallagötu þar sem engu er líkara en tíminn hafi staðið í stað. Húsið sjálft er orðið yfir aldargamalt og innanstokksmunir eru flestir í takti við gamla tíma og gardínur sem vegglitir sérvaldir af starfsfólki Húsafriðunarnefndar. Borðstofan státar af sérsmíðuðum húsgögnum, á veggjum hanga verk eftir látna meistara og máltíðirnar eru útbúnar í friðuðu eldhúsi. Innan um þessa fegurð læra nemendur svo handbragð gamla tímans í bland við nýjungar. Það verður spennandi að sjá hver arftaki Margrétar verður og vonandi fær Hússtjórnarskólinn að lifa um ókomna tíð.

Þarna er lifandi sagan iðkuð og kennd! ■

> Innan um þessa fegurð læra nemendur svo handbragð gamla tímans í bland við nýjungar.

## Við mælum með

**Ástarjátningum**

Á mánudaginn er dagur heilags Valentínusar, ástardagurinn mikli. Nei, þetta er ekkert mjög íslensk hefð, en hverju skiptir það? Fögnum ástinni með kossi, korti, blómum eða hverju sem er. Nú ef það er ekki einhver einn sem á hjarta þitt allt – segðu þá bara öllum sem þú elskar að þú gerir einmitt það!





**Vetrargöngu**

Nú er einmitt veðrið til að dúða sig og njóta þess að ganga í þessu fallega vetrarríki. Hvort sem þú velur að vera innan bæjar- eða borgarmarka eða fara aðeins út fyrir troðnar slóðir, er líklega fátt betra fyrir andlega og líkamlega heilsu þessa helgina. Góð hljóðbók eða hlaðvarp í eyrun er svo auðvitað kirsuberið á toppinn! ■













Brynhildur Guðjónsdóttir, Eliza Reid, Þuríður Sigurðardóttir, Sigrún Waage, Agneszka Ewa Ziótkowska og Ebba Katrín eru hluti þeirra tólf kvenna sem sitja fyrir á ljósmyndasýningunni og segja frá sinni reynslu. MYNDIR/ÁSTA KRISTJÁNS

# Hvetja konur í skimun

**Ljósmyndasýningin Er komið að skimun hjá þér? hefur vakið mikla athygli í Kringlunni þar sem má njóta hennar út mánuðinn. Málefnið er sannarlega verðugt og fyrirsæturnar glæsilegar.**

bjork@frettabladid.is

Tólf konur leggja hvatningarátakinu lið og segja frá eigin reynslu af leghálsskimunum. Ásta Kristjánsdóttir er ljósmyndari sýningarinnar og Ragnheiður Þorgrímsdóttir myndlistarkona hannaði sérstakt merki sem minnir konur á mikilvægi þess að taka þátt í leghálsskimun. Bolir með merkinu eru svo til sölu í versluninni 38 þrepum, en ágóði af sölu þeirra rennur til Samhæfingarstöðvarinnar.

**Fulltrúi Pólverja mikilvægur**

„Við reyndum að endurspegla fjölbreytni við valið á konunum og fannst til dæmis mikilvægt að í hópnum væri fulltrúi Pólverja á Íslandi. Fjölmenning á því sína fulltrúa, viðskiptalífið, Alþingi, listageirinn og svo framvegis. Ein konan kemur frá Akureyri og svo má auðvitað segja að Eliza Reid forsetafrú sé fulltrúi okkar allra," segir Sigríður Sólan Guðlaugsdóttir, verkefnastjóri sýningarinnar.

**Kostar aðeins 500 krónur**

Rúmlega 40 heilsugæslustöðvar um allt land sinna skimun fyrir leghálskrabbameini. Á Heilsuveru er hægt að panta tíma í leghálsskimun á eigin heilsugæslustöð. Hægt er að panta tíma hjá hvaða stöð sem er með því að hringja í viðkomandi heilsugæslustöð. Skimunin kostar 500 krónur. Konur geta séð skimunarsögu sína á „mínum síðum" á Heilsuveru. Þar er að finna upplýsingar um boð og þátttöku í skimun.

Nánari upplýsingar á íslensku, ensku og pólsku er að finna á síðu Samhæfingarstöðvar krabbameinsskimana, á íslensku og ensku í síma 513-6700 frá klukkan 8.30-12.00 alla virka daga eða með því að senda tölvupóst á krabbameinsskimun@heilsugaeslan.is.

Sýningin verður uppi í Kringlunni út febrúarmánuð en hana er einnig að finna á heimasíðu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, heilsugaeslan.is. ■

> Við reyndum að endurspegla fjölbreytni við valið á konunum og fannst til dæmis mikilvægt að í hópnum væri fulltrúi Pólverja á Íslandi.

## ■ Í vikulokin

# Kvíðvænlegir kjarasamningar á þessu ári



Ólafur Arnarson

Síðustu kjarasamningar urðu fyrirtækjum og opinberum aðilum þungir í skauti.

Erfitt er að átta sig á því hvað vakti fyrir forystumönnum Samtaka atvinnulífsins þegar þeir skrifuðu undir samningana. Launahækkanir voru verulegar, og ofan á þær var samið um sérstakan „hagvaxtaauka" án nokkurra fyrirvara.

Mesta hækkun launa hefur hins vegar orðið hjá hinu opinbera. Þessu til viðbótar hafa umsvif ríkis og sveitarfélaga á vinnumarkaði þanist út. Fullkomlega óeðlilegt er að hið opinbera leiði launaskrið og sogi til sín starfsfólk af almennum vinnumarkaði.

Verkalýðsleiðtogar hafa boðað höfrungahlaup. Þarf það í sjálfu sér ekki að koma á óvart þegar horft er til þess hve skart laun hafa hækkað hjá hinu opinbera. Einnig er ljóst að örar vaxtahækkanir Seðlabankans munu skerpa kröfugerð í komandi kjarasamningum.

Bersýnilegt er að sveitarfélögin ráða engan veginn við þá launaþróun sem þau leiða og stefnir í óefni.

Ríkið þenst einnig út og ræður sífellt verr við þunga launakostnaðarins. Mikill hallarekstur vegna Covid dregur athyglina frá undirliggjandi ósjálfbærni ríkissjóðs en svo tekur Covid enda.

Fæst fyrirtæki í atvinnulífinu ráða við núverandi ástand – og hvað þá frekari hækkanir. Venjuleg fyrirtæki, lítil og meðalstór, geta ekki tekist á við hækkanir öðruvísi en að hleypa þeim beint út í verðlag.

Einungis bankar, tryggingafélög og allra stærstu fyrirtæki, ásamt sjávarútvegi, eru fær um að bæta við launakostnað. Eflaust munu þau engu að síður velta kostnaðarauka út í verðlag.

Seðlabankinn hækkar vexti, hótar frekari vaxtahækkunum og berst við innflutta verðbólgu eins og Don Kíkóti við vindmyllur. Stjórnvöld aðhafast ekkert gagnvart verðbólgu, beita ekki þeim tækjum sem þau hafa. Þetta gerir stöðuna á vinnumarkaði enn verri.

Heyra ráðherrar ekki hinn þunga tón verkalýðshreyfingarinnar? Springur hér allt næsta haust? Þola fyrirtækin og heimilin það? Lifir ríkisstjórnin það af? ■

> Covid-halli dregur athygli frá undirliggjandi ósjálfbærni ríkissjóðs.






# Viðskiptavinir Sjóvá greiða ekki fyrir lögboðnar bílatryggingar í maí

Nánari upplýsingar á sjova.is




# Fyrir lifandi heimili



**KOS** 3XL sófi. Fallegt drapplitað áklæði og svartir fætur. 248 x 100 x 84 cm. **299.990 kr.**

**FREGAT**
Hægindastóll, hvít olíuborin eik, svartar leðursetur. **169.990 kr.**



**NES**
Tungusófi, hægri eða vinstri. Brúnt áklæði.
297 x 160 x 78,5 cm. **229.990 kr.**



**KARE ROSE**
Króm vasi. Ø21,5 x 45 cm.
**39.990 kr.**



**RIVERDALE BEAU**
Skammel með geymslu. Brúnn.
55 x 43 x 42 cm. **25.990 kr.**



**DC 3600**
3ja sæta sófi í Savoy svörtu split leðri. 202 x 80 x 80 cm.
**299.990 kr.**



**KARE SANDWICH**
Bleik pulla með koparbotni.
Ø45 x 40 cm. **29.990 kr.**



**NORDAL ARUBA**
Fótavasi. Hvítur eða olive.
26 x 19,5 cm. **6.990 kr.**



**ANDROS** 3ja sæta sófi. Svart sléttflauel. 216 x 85 x 77 cm. **229.990 kr.**



**GORDO**
Gólfvasi, grænn eða gulur. Terracotta
Ø31 x 50 cm.
**8.990 kr.**

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20
**11 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
Dalsbraut 1
**11 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**



**KARE VIVA**
Borðstofustóll. Grátt flauel.
**44.990 kr.**



**HYPE**
Borðstofustóll. Vintage grátt leður og svartir fætur.
**36.990 kr.**



**KARE WATER LILY**
Hægindastóll. Bleikur eða gulur. **89.990 kr.**



**SOLI** Sófaborð. Svört keramikplata með málmfæti.
Ø85,7 cm. **114.990 kr.**



**KARE WIRE MARBLE**
Sófaborð. Svart með marmaraáferð.
Ø32,5 x 42 cm. **19.990 kr.**
Ø44 x 45 cm. **29.990 kr.**



**KATRINE**
Innskotsborð. Hvít keramík borðplata. Svartir fætur.
50 x 50 x 55 cm.
**39.990 kr.**





**KARE COTTAGE**
Fatahengi á vegg. 61 x 14 x30,5 cm.
**23.990 kr.**

**BELFAST**
Vegghilla, olíuborinn viður.
76 x 25 x 63 cm. **8.900 kr.**



**DOPPLER**
Skenkur, olíuborin dökkgrá eik.
161 x 45 x 70 cm.
**149.990 kr.**



**EIGHTMOOD**
Crafted vasi. Ø20 x 25 cm.
**8.490 kr.**




**BROSTE SANDVIG**
Matardiskur. Ø30,7 cm. **5.790 kr.**
Matardiskur. Ø27 cm. **2.890 kr.**
Diskur Ø22 cm. **2.090 kr.**
Skál. Ø7 cm. **990 kr.**
Skál. Ø12 cm. **1.490 kr.**
Skál. Ø13 cm. **1.690 kr.**
Skál. Ø25 cm. **6.890 kr.**
Eggjabikar. **590 kr.**
Mjólkurkanna. **2.990 kr.**
Bolli og undirskál. **2.490 kr.**



**NORDAL OSA**
Körfutaska. 48 x 23,5 x 29 cm. **11.990 kr.**
Körfutaska. 43,5 x 16,5 x 28,5 cm. **9.990 kr.**
Geymslubox. 25x25 cm. **5.290 kr.**
Geymslubox. 13 x 40 cm. **4.990 kr.**

**Í vor mun Margrét Sigfúsdóttir skólastýra loka dyrunum að Sólvallagötu 12 í hinsta sinn. Eftir að hafa stýrt Hússtjórnarskólanum í Reykjavík í nánast aldarfjórðung afhendir hún eftirmanni sínum keflið og er ákveðin í að anda ekki ofan í hálsmál hans.**

Nýju fólki fylgja nýjar áherslur og það vill Margrét, þó sjálf hefði hún treyst sér til að vinna lengur, orðin 75 ára gömul. Nafn Margrétar hefur verið samofið skólanum frá því hún tók þar við stjórn árið 1989 en Margrét menntaði sig í hússtjórnarfræðum við Hússtjórnarkennaraskóla Íslands, sem þá var og hét.

Margrét ólst upp á Selfossi, næstelst í sex systkina hópi og segir að aldrei hafi neitt annað komið til greina en að ganga menntaveginn og það hafi þau öll systkinin gert. Faðir Margrétar, Sigfús Sigurðsson, var deildarstjóri í Kaupfélagi Árnesinga á Selfossi og móðir hennar, Ragnheiður Esther Einarsdóttir, rak hárgreiðslustofu. Árið sem Margrét var 17 ára fór hún í Húsmæðraskólann á Laugarvatni og var þar einn vetur.

„Þar lærði ég margt og kynntist stórum hóp af stelpum sem hittast á hverju ári nema núna í Covid, en það fer nú að lagast. Haustið eftir fór ég sem „au-pair“ til Scarsdale í New York og var þar í eitt ár. Þar eldaði maður mat fyrir alla fjölskylduna sem voru hjónin ásamt sjö börnum. Þetta var skemmtilegur tími og flest öll kvöld sátum við stelpurnar og horfðum á framhaldsþætti í sjónvarpinu sem var mikil upplifun fyrir stelpu frá Selfossi, þar sem eina sjónvarpsefnið var Kanasjónvarpið í eilífri snjókomu. Á hverjum þriðjudegi átti ég frí og fór flesta dagana með lestinni niður á Manhattan þar sem ég þvældist um og skoðaði.“

**Ekki bara skúrað og eldað**

Margrét flutti fyrir tvítugt úr foreldrahúsum til Reykjavíkur til að ganga í skóla, hún leigði þá herbergi í Hlíðahverfi, en dagarnir voru langir í skólanum auk þess sem kennt var alla laugardaga.

„Ég útskrifaðist sem hússtjórnarkennari vorið 1969 frá Hússtjórnarkennaraskóla Íslands við Háuhlíð,“ segir Margrét, námið var þrír vetur og eitt sumar við æfingakennslu á Laugarvatni, þar sem nemendur lærðu bæði garðyrkju og grasafræði, sem Margréti fannst virkilega frábært.

„Þangaði kom líka Baldvin Halldórsson leikari og kenndi okkur framsögn. Við lærðum ekki bara að skúra og elda heldur heilmikið af bóklegum fögum, eins og stærðfræði, bókfærslu, hagfræði, líffærafræði, sálarfræði, kennslufræði, uppeldisfræði, næringarfræði, örverufræði, efnafræði, íslensku og fleira, en við vorum alltaf með frábæra kennara. Þetta var heilmikið nám og manni þótti þetta nokkuð erfitt fyrst, kannski þar sem margar kennslubækurnar voru á sænsku eða dönsku, en svo kom metnaðurinn og skilningur á námsefninu og þá varð gaman.“

Þó að mikið hafi verið um bókleg fög voru þau auðvitað líka verkleg og segir Margrét töluvert hafa verið um æfingar og sýnikennslu.

„Þá þurfti maður til að mynda að baka fyrir framan prófdómara og tala um það sem maður var að gera í svona 45 mínútur. Ég gleymi því til dæmis aldrei þegar við áttum að læra að flaka fisk. Þá byrjaði kennarinn rólega á að sýna handtökin en svo tók einn nemenda við, Hjördís Stefánsdóttir, ungur nemandi frá Húsavík sem skellti fisknum á borðið og flakaði á tveimur mínútum. Hún hafði flakað fisk frá barnsaldri og það var gaman að sjá vinnubrögðin,“ rifjar Margrét upp.

**Boðið dús eftir útskrift**

„Í skólanum var þérað, ég var ungfrú Margrét enda ógift og skólastjórinn var fröken Vigdís og kennararnir voru líka kallaðir fröken. Þegar við útskrifuðumst var okkur boðið dús, en þegar ég tala um þessa kennara tala ég enn um þær sem fröken.“



Margrét fyrir utan Hússtjórnarskólann að Sólvallagötu 12. Húsið var upphaflega byggt sem einbýlishús en keypt árið 1942 undir Húsmæðraskóla sem svo síðar var breytt í Hússtjórnarskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Námið snýst um að geta bjargað sér sjálfur



Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Þegar Margrét útskrifaðist árið 1969 gerðist hún ráðskona á sjúkrahúsinu á Selfossi og var þar í þrjú ár. „Þar lærði ég rosalega mikið af góðum konum eins og Aðalheiði Waage sem hafði rekið mötuneyti í verbúð og kunni svo sannarlega til verka. Mikil lifandis reiðinnar býsn lærði ég af henni, til dæmis að úrbeina læri hratt og örugglega. Það er svo gaman að fylgjast með svona handbrögðum og maður lærði mörg trikk.“

Eftir árin þrjú á Selfossi lá leiðin aftur til Reykjavíkur þar sem Margrét réði sig sem ráðskonu og næringarfræðikennara við Hjúkrunarskólann sem þá var við Eiríksgötu. „Þar kom maður í nýtískueldhús enda að elda fyrir mikið fleiri. Þar var bæði gaman og gefandi að vinna.“

**Örlögin ráðin um borð í Gullfossi**

Það var í vorferð með Gullfossi, fyrsta skipi Eimskipafélagsins, að Margrét kynntist eiginmanni sínum. „Ég fór í ferðina með samstarfskonu minni, ljósmóðurinni Magnesínu, blessuð sé minning hennar, en hún var jörðuð bara í síðustu viku,“ rifjar Margrét upp. Skipið sigldi frá Reykjavíkurhöfn til Edinborgar með þó nokkrum stoppum og var mikið um dýrðir um borð.

„Boðið var upp á morgunverð og stórt flott hlaðborð í hádeginu, eftirmiðdagskaffi og svo á kvöldin var þríétta kvöldverður þar sem þjónar gengu um beina. Allir farþegar voru uppáklæddir og svo var dansað hvert kvöld.“

Margrét rifjar það upp að um borð hafi verið ungir menn sem voru að enda loðnuvertíð og voru þarna í fríi. „Fyrsta kvöldið er ball um borð og þegar það er dömufrí býð ég einum þeirra upp og hann er bara enn að dansa við mig,“ segir hún og hlær. Um var að ræða Sigurð Petersen, eiginmann Margrétar, en í ljós kom að um var að ræða bróðurson ljósmóðurinnar sem var samferðakona hennar í vorferðinni.

> **„Fyrsta kvöldið er ball um borð og þegar það er dömufrí býð ég einum þeirra upp og hann er bara enn að dansa við mig.**

> **„Svo eftir tvö ár þar var hún rekin, enda leikskólar á þeim tíma aðeins ætlaðir fyrir einstæðar mæður og háskólanema.**

**Dóttirin rekin úr leikskólanum**

Margrét var áfram ráðskona á Selfossi og Sigurður til sjós en keyrði austur fyrir fjall þegar hann var í landi. Dóttir Margrétar, Esther Ágústa, kom í heiminn árið 1970 og árið 1972 flutti fjölskyldan í bæinn og festu þau Sigurður kaup á íbúð í Þingholtunum.

„Esther fór á Laufásborg, ég hafði ekki skráð okkur í sambúð, enda verið ein með hana fram að þessu. Svo eftir tvö ár þar var hún rekin, enda leikskólar á þeim tíma aðeins ætlaðir fyrir einstæðar mæður og háskólanema. Hún fór þá á Grænuborg þar sem börn fengu aðeins pláss hálfan daginn, svo ég þurfti að sækja hana í hádeginu til að koma henni í pössun annað. Þetta var oft mikið vesen auk þess að ég átti ekki bíl og fór því allra ferða í strætó.“

Þetta var í upphafi áttunda áratugarins og augljóslega þurftu mæður að hafa mikið fyrir því að halda sér á vinnumarkaðnum.

„Þetta var ekkert auðvelt. Sigurður var mikið úti á sjó og ég orðin ófrísk að Sigfúsi syni okkar, en hann fæddist árið 1975. Þetta gerði maður allan veturinn og engum þótti merkilegt eða mikið,“ segir Margrét. „Maður vann svo fram á síðasta dag og barneignarleyfið var bara þrír mánuðir,“ segir hún, en þegar sonurinn fæddist gat hún verið heima í fjóra mánuði með því að bæta sumarfríi við. Þá tók við gæsla hjá konu í götunni. „Maður varð því að hætta að gefa brjóst snemma. Ég setti hann bara í vagninn á morgnana og gekk yfir til konunnar sem gætti hans, bankaði á gluggann hjá henni og skildi vagninn eftir. Esther Ágústa var svo samferða hennar börnum í skólann.

**Nemandi tók allt upp á segulband**

Þegar ákveðið var að leggja niður eldhúsið í hjúkrunarskólanum fór Margrét að kenna á kvöldnámskeiðum við Hússtjórnarskólann í Reykjavík.

„Þá var Jakobína Guðmundsdóttir skólastjóri. Þetta var ofboðslega gaman enda fjölbreyttur og skemmtilegur hópur sem sótti þessi námskeið. Á eitt námskeiðið komu fjórir menn á besta aldri saman, þeir voru allir templarar og voru að styðja við bakið á einum þeirra sem ég held að hafi verið að skilja. Þeir gáfu mér og einnig skólanum spegil sem einn þeirra smíðaði og hangir minn alltaf í borðstofunni hjá mér.“

Margréti er einnig minnisstæður annar nemandi. „Það var fullorðinn maður sem var nýbúinn að missa konuna sína og vildi læra að elda. Hann tók allt sem ég sagði á námskeiðinu upp á segulband og spilaði á kvöldin fyrir svefninn því hann ætlaði að læra. Hólmfríður Karlsdóttir, fyrrverandi ungfrú Alheimur var hérna hjá mér, svo góð stúlka og mikill karakter. Hún var alltaf jafn falleg hvort sem hún var ómáluð með fléttur eða tilhöfð. Ég man líka eftir Sigríði Snævarr sendiherra, yndisleg kona. Það hentaði mér vel að vinna á kvöldin. Þá var ég heima yfir daginn og gat útbúið kvöldmatinn fyrir börnin, og var síðan með stúlku sem gaf þeim að borða og kom þeim í rúmið.

# SAFARÍK HELGARTILBOÐ

**GILDIR TIL 13. FEBRÚAR**



## GRÍSAKÓTILETTUR Í RASPI

KJARNAFÆÐI

**1.481** KR/KG

**ÁÐUR:** 2.469 KR/KG

**40% AFSLÁTTUR**




**20% AFSLÁTTUR**

**Lambahryggur**
Hálfur, rifjamegin

**2.799** KR/KG

**ÁÐUR:** 3.499 KR/KG




**35% AFSLÁTTUR**

**Nautagúllas**

**2.144** KR/KG

**ÁÐUR:** 3.299 KR/KG

KJÖTBANKINN



**20% AFSLÁTTUR**

**Mini hamborgarar**
Street Food, 8 stk.
+ Barion sósa

**1.919** KR/PK

**ÁÐUR:** 2.399 KR/PK

Heilsuvara vikunnar!




**25% AFSLÁTTUR**

**Vegan fjölvítamín**
New Nordic, 120 hlaup

**2.099** KR/STK

**ÁÐUR:** 2.799 KR/STK

**20% AFSLÁTTUR**



**Kjúklingapottréttur**
í tikka masala, 600 g

**1.199** KR/PK

**ÁÐUR:** 1.499 KR/PK



**30% AFSLÁTTUR**

**Hafrabrauð**
687 g

**349** KR/STK

**ÁÐUR:** 499 KR/STK

**Mangó**

**405** KR/KG

**ÁÐUR:** 579 KR/KG



**30% AFSLÁTTUR**

nettó
Lægra verð – léttari innkaup



## FÁÐU BETRA VERÐ MEÐ SAMKAUP Í SÍMANUM

Náðu í appið og safnaðu inneign.
Þú getur notað Samkaupa-appið í öllum verslunum Nettó.

*Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.*
*Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.*

Næst var það Menntaskólinn við Hamrahlíð sem naut krafta Margrétar en þar kenndi hún matreiðslu í tólf ár. „Krakkarnir greiddu námskeiðið sjálf og maður var að reyna að láta peninginn duga í allt. Það gat verið áskorun þegar maður var með blandaða hópa, enda borðuðu strákarnir svo mikið. Það var aldrei afgangur. Þau máttu velja máltíð í lokin og þá var oft beðið um piparsteik sem var nú ekki ódýrasta hráefnið. Eitt sinn vildu þau endilega flambera steikina en ég sagðist ekki eiga neitt vín til þess og ekki mátti hafa vín innan veggja skólans. Einn brá þá á það ráð að fá smávegis í flösku frá afa sínum. Ég man að hann sagði þegar hann mætti klukkan fjögur: „Guð, hvað ég er feginn að losna við þetta úr töskunni, ég er búinn að þvælast með þetta í allan dag í skólanum.“

Margrét segir þetta hafa verið ánægjulegan tíma og að hún hafi notið sín vel í kringum bæði unga fólkið og kennarahópinn. „Þar var líka mikið selskapslíf og við gerðum mikið saman, það voru töluverð viðbrigði að fara úr þeim stóra hóp og hingað í Hússtjórnarskólann.“

**Tók við Hússtjórnarskólanum**

Árið 1998 var staða skólastjóra Hússtjórnarskólans í Reykjavík auglýst. Margrét sótti um ásamt fleirum og fékk starfið.

„Ég tók við af Ingibjörgu Þórarinsdóttur sem var búin að falast eftir viðgerð á húsinu árum saman og þegar hún er að hætta fara viðgerðir af stað. Þegar ég tók við var húsið ekki félegt að utan, enda búið að þrífa alla málningu af því og verið að gera við sprungur enda lak allt húsið. Það var einnig sett nýtt gler og gluggar, allt málað að innan og þrætt nýtt rafmagn. Það lak úr miðju loftinu hér inni á skrifstofu hjá mér og stóð fata á gólfinu,“ segir Margrét og bendir á loftið á skrifstofunni, sem er inn af anddyri hússins.

„Hér var allt grámálað og ég fékk Húsafriðunarnefnd til að velja litina að innan og utan í takti við það sem var í gamla daga. Það er miklu betra að hafa þá í liði með sér enda vita þeir hvað þeir eru að gera. Þeir völdu jafnframt gardínurnar og stangirnar svo gluggarnir sjálfir fengju að njóta sín.“

**Óttaðist að sjá slökkviliðið**

Eitt þeirra atriða sem Margrét lagði áherslu á þegar hún tók við var að brunavarnir yrðu bættar.

„Þegar ég var komin með lyklavöldin og kom hingað til að sýna manninum mínum húsið, vildi hann skoða slökkvitækin sem hann sá að voru öll útrunnin, auk þess sem aðeins einn reykskynjara var að finna í öllu húsinu.“

Á efstu hæð hússins er heimavist nemenda og segir Margrét eina brunaútganginn þar hafa verið gluggana, enda búið að loka fyrir aðra neyðarútganga af hæðinni.

„Hvernig áttu nemendurnir að fara út um gluggana og sveifla sér eins og Tarsan í köðlum niður þrjár hæðir?“

Margrét bjó á þeim tíma ásamt fjölskyldu sinni í Hlíðunum og segir alltaf hafa farið um sig hroll þegar hún sá slökkviliðið fara í útkall frá Skógarhlíðinni.

„Ég fylgdist þá með hvort þeir færu vestur í bæ. Ég var með fulla heimavist af ungu fólki og nemendur sofa svo fast. Ég hef alltaf bannað þeim að læsa að sér á næturnar, ef eitthvað gerist verður að vera hægt að komast inn til þeirra.“

Það var því þungu fargi af Margréti létt þegar framkvæmdum lauk og sett var upp bruna- og þjófavarnarkerfi. En gamalt og stórt hús krefst reglulegs viðhalds og er Margrét ósátt yfir því að hafa ekki fengið fjármagn til þess frá árinu 2003.

**Þetta er eins og heimili**

Skólinn tekur alls 24 nemendur á önn og geta 15 þeirra búið á heimavistinni. Leigan er ekki há en reglur eru skýrar og engin einstaklingsherbergi í boði.



Margrét, sem senn mun láta af störfum sem skólastjóri, segist munu sakna matarins, en á hverjum degi dekka nemendur borð og bjóða upp á tvíréttaðan hádegisverð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

”

**Ég fylgdist þá með hvort þeir færu vestur í bæ. Ég var með fulla heimavist af ungu fólki og nemendur sofa svo fast.**

„Þetta er eins og heimili, nemendur hafa lykla og það eru alltaf afgangar í ísskápnum. Það er eðlilegt að ungt fólk fari og skemmti sér þó ég mæli ekki með því að það drekki áfengi. Áfengisneysla er bönnuð í skólanum eins og í öðrum framhaldsskólum og ekki er leyfilegt að það sé geymt hér innanhúss. Aftur á móti segi ég við þau að ef þau fara út að skemmta sér og drekka áfengi, þá eiga þau heima hér og þau eigi að koma heim til sín. Maður verður að hafa þetta svona og hugsa um öryggi nemendanna.“

Þó að flestir nemendur séu ungir að árum segir Margrét allan aldur sækja um í skólann. „Við fengum til dæmis eina fimmtuga utan af landi, dóttir hennar hafði verið hér árið áður. Hún bjó á heimavistinni og var svo ánægð þar sem hún naut þess að hafa engar skyldur utan skóla og geta saumað og prjónað í rólegheitunum, auk þess sem hún var stelpunum innan handar með að leysa ýmis vandamál sem ungar stelpur eru að glíma við.“

Á meðan á spjalli okkar stendur hringir ein stúlkan af heimavistinni í farsíma Margrétar. Hana vantar verkjatöflur enda liggur hún í rúminu og bíður niðurstöðu úr Covidprófi. Margrét leitar að lyfjum fyrir hana í skúffum og finnur loks í veski sínu. Segist setja þær á borðið fyrir framan skrifstofuna.

Blaðamaður hefur á orði að það myndi ekki tíðkast í öllum skólum að hringja beint í skólastjórann með slíka bón. Henni þykir augljóslega vænt um nemendur sína.

„Auðvitað þykir manni vænt um þau og finnst þau á manns ábyrgð þó allir séu komnir yfir 18 ára,“ segir hún.

Aðspurð segist hún ekki hafa töluna á þeim nemendum sem hún hefur útskrifað en þeir séu orðnir ansi margir. Hún er þakklát fyrir kennarana sem nú í dag eru þrír. „Ég hef verið óheyrilega heppin með kennara,“ segir hún, en sjálf kennir hún ræstingu og vörufræði en í því síðarnefnda er farið yfir uppruna vörunnar.

**Unga fólkið farið að taka slátur**

Í Hússtjórnarskólanum er kennt gamalt handverk sem annars gæti mögulega orðið gleymskunni að bráð.

„Unga fólkið er farið að taka slátur, ég sé það þegar ég versla í það. Matvinnsluvélin og gervivambirnar gera þetta svo einfalt. Þetta er svo hollur matur sem er mikilvægt að gleymist ekki, en það er svo sem ekkert séríslenskt við slátur, þetta er matur sem er borðaður um allan heim.“

Margrét hefur stýrt Hússtjórnarskólanum í 24 ár og spurð út í helstu breytingar er hún fljót að svara: „Tækjakosturinn og tölvurnar. Að geta greitt reikninga í tölvunni en þurfa ekki að labba niður í bæ og standa þar tímunum saman, og að geta skilað öllu til skattsins á sama hátt.“

Þegar kemur að nemendunum segist hún ekki finna miklar breytingar, nema þá helst snjallsímanotkunina. „Þau eru svo hrædd um að missa af einhverju, en ég banna alfarið síma í kennslu enda gengur ekkert að reyna að fylgjast með í verklegum tímum þegar síminn truflar. Þau tala meira um depurð og þunglyndi og óánægju með sjálf sig, enda alltaf að fylgjast með hvað allir aðrir gera.“

”

**Margir hópar kvenna, til dæmis rauðsokkur, töldu það hallærislegt að ætla sér að verða húsmóðir en þetta nám snýst ekki um það heldur að geta bjargað sér sjálfur.**

Ragnar Kjartansson listamaður var fyrsti karlkynsnemandinn, Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra fylgdi honum á eftir en það var fyrir tíð Margrétar. „Karlarnir eru vissulega í minnihluta en fyrirtaksnemendur, það eru tveir núna þessa önn og voru tveir önnina á undan.“

**Alþjóðleg fjölskylda**

Margrét sem verður 75 ára gömul á árinu hefði vel getað hugsað sér að vinna lengur en fannst rétt að hleypa nýju blóði að.

„Mér finnst gaman að mæta í vinnuna og ekki skemmir að maður fær alltaf svo góðan mat,“ segir hún, en nemendur bjóða alltaf upp á tveggja rétta hádegismat og nýbakað í kaffitímanum. „Það eru komin níu ár síðan maðurinn minn hætti að vinna,“ segir Margrét og segir hann duglegan að sinna áhugamálum. „Ég er ekkert búin að ákveða hvað ég ætla að gera en ég ætla að prjóna og lesa og svo njóta lífsins í sumarbústaðnum með fjölskyldunni,“ segir Margrét sem á tvö börn: Esther Ágústu, yfirverkefnastjóra hjá Ernst & Young, EY, og Sigfús Sigurðsson, fyrrverandi landsliðsmann í handbolta og fisksala, og barnabörnin eru fjögur.

Fjölskyldan er sannarlega alþjóðleg, en dótturdæturnar, 19 og sex ára, eru hálfindverskar því Esther er gift fjárfestinum Bala Kamallakharan og börn Sigfúsar eru hálfrússnesk og brasilísk. Stoltið leynir sér ekki hjá Margréti þegar hún talar um barnabörnin sem hún er í nánu sambandi við.

Nýverið er búið að auglýsa eftir arftaka Margrétar en ekki hefur verið ráðið í starfið. Margrét er ákveðin í að leyfa viðkomandi að móta starfið eftir eigin höfði og segist ekki ætla að anda ofan í hálsmál neins.

„Hún Ingibjörg hefði aldrei skipt sér af mér og ég mun ekki gera það við þann sem tekur við af mér. Ég myndi ekki gera neinum það. Það eina sem ég vil er að húsið haldi sér í útliti en það er að detta inn í friðun,“ segir Margrét, sem þykir vænt um skólann og húsnæði hans. „Þetta var fyrst einbýlishús svo gekk þetta kaupum og sölum og um tíma var þetta skrifstofuhúsnæði þýska sendiráðsins og hér blakti fáni með hakakrossinum. Þegar húsið var keypt fyrir fyrir skólann var búið að innrétta hér fjórar íbúðir.“

Konurnar í Bandalagi kvenna í Reykjavík voru helstu hvatamenn að stofnun skólans. Hann tók til starfa 7. febrúar 1942 og hét þá Húsmæðraskóli Reykjavíkur. Borgin bar ábyrgð á 25% rekstrarins og ríkið 75%. Árið 1977 var nafninu breytt í Hússtjórnarskólinn í Reykjavík og ríkið tók alfarið yfir reksturinn.

„Margir hópar kvenna, til dæmis rauðsokkur, töldu það hallærislegt að ætla sér að verða húsmóðir en þetta nám snýst ekki um það heldur að geta bjargað sér sjálfur. Geta eldað góðan og hollan mat, saumað sér föt og þrifið í kring um sig og svo framvegis,“ segir Margrét að lokum, handviss um að skólinn eigi sér bjarta framtíð í síbreytilegum heimi. ■



Miðasala á borgarleikhus.is og í síma 568 8000
Fulla ferð áfram
Veisla
Hundur í óskilum
NJÁLA
Á HUNDAVAÐI
EMIL
í Kattholti
Astrid Lindgren
9líf
Bubbi Morthens
Söngleikur
Úff hvað allt er dýrt hérna
TU JEST ZA DROGO
Í samstarfi við leikhópinn Pólís
ER ÉG MAMMA MÍN?
Gísli Örn Garðarsson
Ég hleyp
Eftir Line Mørkeby
Margrét Guðmundsdóttir, Margrét Ákadóttir, Edda Björgvinsdóttir og Kristbjörg Kjeld
Ein komst undan
Eftir Caryl Churchill
Tryggðu þér miða á borgarleikhus.is
Þörfin fyrir listina, samveruna og gleðina hefur aldrei verið meiri og það er sko nóg um að vera í febrúar!

# Virðisau
# farinn út



Ljós- og regnskynjari

Neyðarhemlun með árekstrarvörn (FCM)

Hraðastillir og hraðatakmarkari

Sjálfvirk háuljós

Gaumljós við nauðhemlun (ESS)

Hiti í fran

Akreinavari (LDW)

Tveir USB tenglar

Leðurklætt aðgerðastýri

**Eclipse Cross PHEV 4x4**
**Invite**
~~5.970.000 kr.~~
**5.490.000 kr.**

**Eclipse Cross PHEV 4x4**
**Intense**
~~6.370.000 kr.~~
**5.890.000 kr.**

**Eclipse Cross PHEV 4x4**
**Instyle**
~~6.770.000 kr.~~
**6.290.000 kr.**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is/mitsubishisalur
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

MITSUBISHI MOTORS
Drive your Ambition

# ukinn er
# í bláinn!



ABS hemlar

Bakkmyndavél

msætum | Tvískipt miðstöð | Skriðvörn | Hleðslutengi fyrir heima- og hraðhleðslu

Lyklalaust aðgengi og ræsing | Loftþrýstingsskynjarar (TPMS) | Ofl. ofl.

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

## Við fellum niður 480.000 kr. VSK frá áramótum!*

Með nýjum samningum við Mitsubishi Motors er okkur nú kleift að fella niður andvirði virðisaukaskattsins sem settur var um áramótin á tengiltvinnbíla. Því býður HEKLA ákveðinn fjölda bíla á 2021 verðinu frá **5.490.000 kr.** Notaðu þetta frábæra tækifæri og fáðu þér vel útbúinn **fjórhjóladrifinn Eclipse Cross PHEV tengiltvinnbíl** með öllum þeim kostum sem hugurinn girnist – og meira til.

## Mitsubishi Eclipse Cross PHEV 4x4

*Að sjálfsögðu greiðir Hekla öll gjöld og virðisaukaskatt af bílum til Ríkissjóðs. 480.000 kr lækkunin á Mitsubishi Eclipse Cross er alfarið á kostnað Heklu.



Bakið í litlum eldföstum formum, eins og sjá má hér á myndinni, eða í vel smurðum formum eins og á hinni myndinni. MYND/AÐSEND



Una Dögg heldur Valentínusardaginn hátíðlegan með sínum heittelskaða og veit fátt skemmtilegra en að baka sælkerakökur með rómantísku ívafi. Hún gefur lesendum uppskrift að ljúfri franskri súkkulaðiköku. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Dumble-karamellukremið og bleik hjörtun setja punktinn yfir i-ið og gleðja sælkerana. MYND/AÐSEND

# Frönsk súkkulaðikaka með rómantísku ívafi



Sjöfn Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.iss

**Valentínusardagurinn er helgaður ástinni og haldinn hátíðlegur á messudegi heilags Valentínusar þann 14. febrúar ár hvert. Blóm og konfekt eru vinsælar gjafir, en Una Dögg Guðmundsdóttir gefur hér hugmyndir að rómantískum bakstri í tilefni dags ástarinnar á mánudag.**

Valentínusarhefðirnar eiga uppruna sinn í Bretlandi, Frakklandi og Bandaríkjunum allt aftur á 14. öld. En umgjörðin í kringum þennan dag ástarinnar er ávallt að verða meiri hér á landi. Una Dögg Guðmundsdóttir, matgæðingur og kökubloggari, er ein þeirra sem halda upp á daginn ásamt bónda sínum.

„Mér finnst virkilega skemmtilegt að sjá hve umgjörðin kringum þennan dag er alltaf að verða meiri og meiri hér á Íslandi. Ástin svífur yfir og rauð hjörtu og hjartalaga kræsingar eru í boði víða. Fólk hér heima elskar tilefni og mér finnst ávallt gaman að tengja matargerðina og/eða baksturinn því sem er í gangi í þjóðfélaginu hverju sinni," segir Una Dögg.

„Á mínu heimili er það bóndinn minn sem stýrir steikingunni á kjötinu og töfrar fram alls konar gott meðlæti en ég fæ heiðurinn af að sjá um eftirréttinn og kökurnar, svona almennt. Okkur þykir frönsk súkkulaðikaka ávallt klassísk og góð, hún er líka einföld í framkvæmd, toppuð svo smá þeyttum rjóma og berjum. Ég ákvað að taka smá snúning á þessari frönsku á dögunum og stakk tveimur niðurskornum Mars-bitum í miðjuna áður en kakan var sett inn í ofn, þessi útfærsla hitti beint í mark. Svo finnst mér líka gaman að gleðja stelpurnar mínar með smá Valentínusarköku og í ár verða það súkkulaði-bollakökur með Dumble-karamellukremi. Ég fann svo hjartalaga skraut og rauð form í búðinni til að skreyta kökurnar á táknrænan hátt fyrir Valentínusardaginn."

## Frönsk súkkulaðikaka toppuð með rjóma og ástaraldini

- 200 g suðusúkkulaði
- 200 g smjör
- 4 egg
- 1 dl hveiti
- 2 dl sykur
- 2 Mars stk. niðurskorin
- 1 peli rjómi
- 1 ástaraldin

Byrjið á þeyta saman egg og sykur. Bræðið í potti smjör og súkkulaði við vægan hita. Blandið hveitinu saman við eggin og sykurinn. Bætið súkkulaðibráðinni varlega saman við deigið. Bakið í annað hvort vel smurðu formi eða litlum eldföstum formum eins og sjá má hér á myndinni, uppskrift þessi dugar í um sex minni form. Skerið niður Mars-súkkulaðibita og stingið tveimur bitum í miðjuna á hverri lítilli köku, ef notast er við eitt stórt form má dreifa einu Marsstykki vítt og dreift yfir kökuna. Bakið kökuna við 170°C í um 20 mínútur (best að hafa kökuna smá blauta í miðjunni). Takið kökuna út og berið fram með þeyttum rjóma og/eða ís og berjum.

Ég prófaði að þeyta rjóma og skafa aldinið innan úr einu ástaraldini og blanda saman við rjómann. Mæli eindregið með því, útkoman er sælkerabragð með rómantísku ívafi. Síðan skreyti ég með hjartalöguðu skrauti og ber fram á rómantískan hátt.

> „Ástin svífur yfir og rauð hjörtu og hjartalaga kræsingar eru í boði víða.

## Bollakökur með Dumble-karamellukremi

**Botnar í um það bil 20 bollakökur**

- 250 g hveiti
- 200 g sykur
- 6 msk. kakó
- 1 tsk. salt
- 1 tsk. matarsódi
- 3 egg
- 2 tsk. vanilludropar
- 130 ml olía
- 230 ml kalt vatn

Hitið ofninn í 180°C.

Sigtið saman þurrefnin og setjið til hliðar.

Þeytið saman egg, olíu, vatn og vanilludropa þar til það verður létt í sér.

Bætið þurrefnunum rólega saman við og hrærið vel saman.

Skiptið niður í um 20 bollakökuform og bakið við 180°C í 18-20 mínútur.

Mér finnst kökurnar verða fallegri ef ég set pappaformin í álform, þannig verða kökurnar stífar upp og leka síður niður.

## Dumble-karamellukrem

- 250 g smjörlíki (mjúkt)
- 250 g flórsykur
- 2 tsk. vanilludropar
- 1 msk. kakó
- 1 poki Dumble-karamellur
- 1 dl rjómi

Sigtið saman flórsykur og kakó. Þeytið saman smjörlíki og flórsykurinn með kakóinu. Bætið smá vanilludropum saman við og þeytið áfram. Bræðið karamellurnar og rjómann við vægan hita og hrærið vel í, kælið aðeins og blandið svo saman við smjörblönduna og þeytið vel saman. Sprautið kreminu á kökurnar, passið að leyfa kökunum að kólna aðeins áður en kremið er sett á.

Skreytið að vild og látið hugmyndaflugið ráða för. ■

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

LAUGARDAGUR 12. febrúar 2022



Guttormur Þorsteinsson gegnir hlutverki dómara, spyrils og stigavarðar. MYND/BORGARBÓKASAFN

## Valentínusar kaffikviss

starri@frettabladid.is

Í tilefni af Valentínusardeginum næsta mánudag, 14. febrúar, verður efnt til kaffikviss, eða barsvars, í Borgarbókasafninu í Árbæ, með Valentínus og ýmislegt honum tengt sem þema.

Þetta er í fyrsta sinn sem slíkur viðburður er skipulagður af safninu og má búast við skemmtilegri stemningu meðal þátttakenda.

Valentínusar barsvarinu er stýrt af spurninganirðinum og bókaverðinum Guttormi Þorsteinssyni, sem gegnir hlutverki dómara, spyrils og stigavarðar. Skipuleggjendur lofa temmilega erfiðri, skemmtilegri, en þó alls ekki væminni spurningakeppni á Valentínusardaginn, en hún hefst kl. 17 og stendur til kl. 18.

**Bannað að svindla**

Reglurnar eru með hefðbundnu sniði. Fjórir eða færri eru í hverju í liði og eru þátttakendur hvattir til að finna skemmtileg nöfn á liðin. Boðið er upp á fimmtán spurningar, bannað er að svindla og dómarinn ræður. Verðlaun eru í boði fyrir sigurvegara og kannski fleiri.

Kærleiksríkar sóttvarnir að hætti safnsins.

Nánari upplýsingar á borgarbokasafn.is og á Facebook-síðu Borgarbókasafnsins. ■






Leikfimikennarinn Ellen Elsa Sigurðardóttir finnur mikinn mun á meltingunni eftir að hún fór að taka inn Stronger Liver frá Eylíf. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Heilbrigð melting og vellíðan

Líkamsræktarþjálfarinn Ellen Elsa Sigurðardóttir segist handviss um að fæðubótarefnin frá Eylíf eigi eftir að vinna til verðlauna; svo hrein, náttúruleg og áhrifarík séu þau. 2

„Ég er Reykvíkingur í húð og hár, alin upp í Smáíbúðahverfinu, og hef alltaf verið upptekin af hreyfingu og heilsu. Eftir að ég eignaðist dóttur mína árið 1994 ákvað ég að skella mér á námskeið í Stúdíói Ágústu og Hrafns og vissi hreint ekkert hvað ég væri að ana út í, en eróbikkið, sem þá var allsráðandi, varð að fíkn. Hrafn Friðbjörnsson, blessuð sé minning hans, sá fljótt hversu mikill stuðbolti ég var og er. Hann sá í mér einhverja hamhleypu og harðjaxl og dró mig yfir í kennslu hjá þeim Ágústu. Ég var því fljótt farin að kenna í hóptímum og einn mánuðinn yfir 100 tíma! Þá var ekkert spáð í hvort maður brynni út, því þetta var svo hrikalega gaman og mikið æði í þá daga. Hrafn var yndislegur maður og sannarlega örlagavaldur í mínu lífi, hann átti afmæli degi á undan mér, 8. febrúar, svo ég hugsaði einmitt hlýtt til hans í vikunni.“

Þetta segir Ellen Elsa Sigurðardóttir, leikfimikennari í World Class og ritari í Helgafellsskóla í Mosfellsbæ.

Ellen Elsa hefur um árafjöld kennt heilsurækt í opnum og lokuðum tímum í World Class, og vel þekkt eru sívinsæl námskeið hennar, Súperform.

„Ég stend nú á fimmtugu og er því ekki alveg jafn skafin eða í sama súperforminu og ég var yngri, þegar ég keppti í fitness og var „all in“ í ræktinni, en ég er í mjög góðu formi miðað við aldur,“ segir Ellen Elsa hress.

„Ég hef alltaf viljað vera vel á mig komin og skráði mig strax sem barn, eða fimmtán ára, í líkamsrækt hjá Bjössa í World Class, Skeifunni. Þar sótti ég eróbikktíma hjá sjálfum Magga Scheving og er búin að lifa og hrærast í þessu allar götur síðan, þekki allar þessar stóru fyrirmyndir sem ruddu brautina þegar líkamsræktaræðið hófst á Íslandi,“ segir Ellen Elsa.

Hún hefur lengst af starfað við einka- og hópþjálfun hjá World Class, en líka hjá Hreyfingu, JSB og Betrunarhúsinu. Margir muna eftir Ellen Elsu úr leikfimiþáttum sem Stöð 2 sýndi síðdegis hér áður fyrr og á undanförnum árum hefur hún dæmt í fitness-keppnum hérlendis.

„Ég er hætt öllu keppnisstandi í dag en dóttir mín, Kristjana Huld Kristinsdóttir, tók við keflinu og er á fullu í bikiní-fitness. Hún er tvöfaldur Íslandsmeistari og hefur keppt erlendis og gengið vel. Hún er sú í fjölskyldunni sem er í sannkölluðu súperformi,“ segir Ellen Elsa með stolti.





Ellen Elsa er spennt að prófa fleiri fæðubótarefni frá Eylíf og ætlar næst að prófa Active Joints fyrir liðheilsuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Laus við uppþembu**

Ellen Elsa hefur síðan í október tekið inn fæðubótarefnið Stronger Liver frá Eylíf með góðum árangri.

„Ólöf Rún Tryggvadóttir, stofnandi Eylífar, hefur verið í tímum hjá mér og var svo elskuleg að leyfa mér að prófa Stronger Liver. Ég hafði verið með uppþembu sem nú hefur lagast á undraskömmum tíma. Ég var ekki slæm að öðru leyti, en finn engu að síður mikinn og góðan mun á meltingunni. Lifrin fjarlægir eiturefni og síar blóð sem kemur frá meltingarfærum og það leynir sér ekki að Stronger Liver gerir henni gott í þeim starfanum. Ég finn hvað mér líður vel og er stabíl í maganum. Ég er ekki lengur uppþembd en mestan mun finn ég á hægðunum, sem eru súpergóðar með Stronger Liver,“ segir Ellen Elsa.

Hún er spennt fyrir að prófa fleiri fæðubótarefni frá Eylíf.

„Næst ætla ég að prófa Active Joints því það er afar vel af því látið fyrir liðheilsuna og með aldrinum verður maður stirðari í liðum. Ég hef tröllatrú á þessum vörum og mæli hiklaust með þeim. Ég veit að Eylíf stendur fyrir gæðum, og hreinum og náttúrlegum vörum, og eflaust fá þau verðlaun fyrir þau fyrr en síðar.“ ■

Eylíf-vörurnar fást í öllum apótekum, Fjarðarkaupum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Melabúðinni og Nettó. Ókeypis heimsending af eylif.is

## Úr hreinum, íslenskum hráefnum

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS og Stronger LIVER; allt vörur sem hafa reynst fólki vel. Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukefnum er bætt við og framleiðslan er á Íslandi.

„Vinsælasta varan er Active JOINTS sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á jákvæð áhrif þeirra,“ segir Ólöf Rún Tryggvadóttir, stofnandi vörulínunnar.

- Active JOINTS er sérhönnuð blanda sem inniheldur kalkþörunga, smáþörunga, GeoSilica kísil og birkilauf. Margra ára rannsóknir sýna fram á jákvæð áhrif næringarefnanna á bein, liði, meltingu og húð. Auk þess inniheldur bætiefnið C- og D3-vítamín.
- Stronger LIVER er nýjasta varan frá Eylíf. Hún inniheldur fjögur íslensk næringarefni frá sjálfbærum auðlindum til sjávar og sveita. Innihaldsefnin eru kítósan, sem bindur fituefni í meltingavegi, ætihvönn sem hefur verið notuð frá örófi alda við meltingartruflunum, kísill og kalkþörungar úr hafinu. Blandan er styrkt með C-vítamíni, kólíni sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum, og mjólkurþistli, sem er þekktur fyrir að hafa góð áhrif á meltinguna og starfsemi lifrar.

Ólöf Rún stofnaði Eylíf vegna þess að hana langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem eru framleidd á Íslandi á sjálfbæran hátt frá náttúrulegum auðlindum landsins og auka þannig aðgengi fólks að þeim hráefnum. Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís.

„Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem ekki eru erfðabreytt og stuðla að sveigjanlegri líkama, þá erum við færari til að takast á við verkefnin í dagsins önn. Við vitum að heilsan er dýrmætust, því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsuvandamál. Heilbrigð melting er grunnurinn að góðri heilsu, þess vegna vildum við hjá Eylíf bjóða upp á gæðavöru fyrir meltinguna,“ segir Ólöf Rún.




*Fæðubótarefni koma ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.*

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

# ÚTSÖLUNNI
# LÝKUR Í DAG

LENGRI OPNUNARTÍMI Í DAG KL. 11-18



Einnig fáanleg í barnastærðum

icebreaker

**20-50%** AFSLÁTTUR

## OSPREY BAKPOKAR

Hágæða bakpokar.
Eitt mesta úrval landsins!



OSPREY

**30-50%** AFSLÁTTUR

Klifurbakpokar
Leiðsögumannabakpokar
Fjallgöngubakpokar • Dufflar
Krakkabakpokar
Fjallaskíðabakpokar
Hjólabakpokar • Ferðatöskur



sherpa

**20-50%** AFSLÁTTUR

**30-50%** AFSLÁTTUR

FERRINO



PeakPerformance

**20-50%** AFSLÁTTUR



**20-50%** AFSLÁTTUR

KEEN

**AFSLÁTTARBORÐIN VERÐA Á SÍNUM STAÐ!**

# GG SPORT

Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-18

# Liðaverkir ekki lengur vandamál

**Jóhanna Laufdal Friðriksdóttir byrjaði að taka inn Protis® kollagen fyrir um ári, eftir að hafa lesið sér til um góð áhrif þess á líkamann, liði, hár, neglur, húð og fleira.**

Kollagen hefur margvísleg áhrif á líkamsstarfsemina. Kollagen er eins og lím í líkamanum sem hefur áhrif á liði, hrukkumyndun, hárið og margt fleira. Þegar við eldumst byrjar líkaminn að framleiða sífellt minna magn af þessu mikilvæga efni. Þá er ekki úr vegi að taka kollagenið inn sem bætiefni.

„Undanfarið hef ég verið að kynna mér hvað kollagen getur gert fyrir líkamann. Það vakti sérstaklega áhuga minn þegar ég las um áhrif þess á liðina. Ég er 43 ára gömul og byrjaði að finna fyrst fyrir liðaverkjum um 35 ára aldurinn. Aðallega hef ég fundið fyrir liðaverkjum í tám og fingrum. Þetta er ættgengt í fjölskyldunni minni. Langamma mín var svona, amma líka og mamma og líka systur mömmu. Þetta kemur þá helst fram í fingrum og tám. Stundum eru þær svo slæmar að þær festast í liðunum,“ segir Jóhanna.




**Hætt að finna fyrir pirringi í liðum**

„Þegar maður er kominn á ákveðinn aldur er gott að huga að því hvað maður getur gert til að njóta lífsins lengur. Hvort sem það er að styrkja liðina, bæta ónæmiskerfið eða hægja á öldrun, til dæmis hrukkumyndun. Ég byrjaði að taka inn kollagen frá Protis fyrir ári síðan til að fyrirbyggja frekari liðavandamál. Ég var farin að finna fyrir miklum pirringi í tánum sérstaklega.

Ég veit ekki hversu lengi ég hafði tekið kollagenið inn, en á ákveðnum tímapunkti fann ég að ég var orðin miklu betri af liðaverkjunum, sem versna alla jafna þegar það tekur að kólna. Þrátt fyrir að veturinn sé hafinn þá finn ég ekki lengur fyrir þessum ofsapirringi í tánum og ég er orðin mun betri í liðunum í fingrum.“

**Húðin ljómar**

„Annað sem ég hef tekið eftir er að hár og neglur vaxa ótrúlega hratt á mér. Húðin hefur líka verið einstaklega góð og fín. Það er eins og hún ljómi. Ég myndi ekki segja að bólur hafi verið veigamikið vandamál hjá mér, en ég hef varla fengið eina einustu bólu síðan ég byrjaði að taka inn kollagen frá Protis.

Ég hef prófað að taka kollagenið inn í duftformi en það hentar mér ekki þar sem mér finnst bragðið ekki gott. Margir blanda því út í kaffi, en sjálf drekk ég ekki kaffi. Það hentar mér því mjög vel að kollagenið frá Protis fæst í töfluformi. Ég get bara gleypt töfluna og þarf ekki að finna neitt bragð. Ég er líka rosalega léleg í að muna eftir að taka inn bætiefni, því ég borða ekki morgunmat. Til að sporna við því að ég gleymi að taka inn kollagenið hef ég dolluna á skrifborðinu mínu í vinnunni. Þá man ég eftir að taka það inn að minnsta kosti á virkum dögum. Svo á ég aukaskammt heima fyrir helgarnar.“



Jóhanna Laufdal kynntist mætti kollagens fyrir um ári og hefur það hjálpað henni mjög í baráttunni við liðaverki í höndum og tám. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Íslensk framleiðsla**

„Það skiptir mig máli að vita hvaðan bætiefnin koma sem ég bæti inn í mitt mataræði. Kollagenið frá Protis er unnið úr íslenskum hráefnum og inniheldur kollagen úr íslensku fiskroði. Mér finnst gott að vita til þess að framleiðslan fari fram hér heima, enda treysti ég íslenskri framleiðslu og vil styrkja hana eftir fremsta megni,“ segir Jóhanna að lokum.

**Um Protis® Kollagen**

Kollagen er náttúrulegt prótín og eitt helsta byggingarefni líkamans. Gott að vita um Protis® Kollagen:

- Ekkert gelatín eða sykur.
- Meira magn virkra efna en hjá flestum samkeppnisaðilum.
- Engin aukaefni.
- Sýnilegur árangur á 30 dögum.
- Íslenskt hugvit og framleiðsla.

Protis® Kollagen er framleitt úr íslensku fiskroði hjá PROTIS. Varan er einstök blanda af bestu innihaldsefnum sem öll styðja við styrkingu á húð, hári og nöglum. Kollagen úr fiski er áhrifaríkara en kollagen úr landdýrum, þar sem upptaka úr meltingarvegi er betri.

**Helstu innihaldsefni:**

- SeaCol® er blanda af vatnsrofnu kollageni úr íslensku fiskroði og vatnsrofnu þorskprótíni úr íslenskum þorski. SeaCol® tekur þátt í að styrkja vefi líkamans og viðhalda teygjanleika.
- C-vítamín tekur þátt í myndun kollagens í líkamanum.
- Hýalúron-sýra er eitt mest rakagefandi efni náttúrunnar og viðheldur meðal annars raka húðarinnar.
- Kóensím Q10 er að finna í nær öllum frumum líkamans. Það er mikilvægt fyrir endurnýjun fruma eins og húðfruma.
- B2- og B3-vítamín, sink, kopar og bíótín fyrir hárvöxt, endurnýjun húðar og vöxt nagla. ■

Protis® Kollagen fæst í næsta apóteki, heilsuvöruverslun og stórvöruverslun.

# Frumlegar og bragðgóðar pitsur

**Heimagerðar pitsur verða oft fyrir valinu á heimilum landsmanna um helgar. Það er skemmtilegt að gefa hefðbundnu hráefni frí og prófa eitthvað frumlegt og spennandi, hvort sem það er sósan, áleggið, ostur, eða eitthvað krassandi sem fer ofan á. Hér eru þrjár spennandi pitsur sem gaman er að prófa yfir helgina.**

starri@frettabladid.is

## Kartöflupitsa með rósmaríni

- 3 bollar volgt vatn
- 3 tsk. salt
- 6-700 g kartöflur
- 2 msk. olía
- Svartur pipar
- ½ lítill laukur, saxaður smátt
- 1 msk. ferskt rósmarín, saxað smátt
- 1 tilbúið pitsudeig
- 3 msk. rifinn Parmigiano-Reggiano ostur (má sleppa)

Blandið vatni og salti saman í stórri skál. Skerið kartöflur í mjög þunnar sneiðar með mandólíni og leggið í bleyti í 30-60 mínútur. Hitið ofn í 260 gráður. Þerrið kartöflurnar mjög vel með viskustykki eða eldhúspurrkum. Setjið þær í skál ásamt olíunni, lauknum, smá svörtum pipar, salti og rósmaríni. Blandið öllu vel saman. Fletjið deigið út og leggið á bökunarpappír. Raðið þunnum kartöfluskífunum á pitsubotninn og stráið smá salti og pipar yfir. Bakið í 10-15 mínútur, eða þar til kartöflurnar eru aðeins farnar að brúnast. Takið út og stráið olíu yfir ásamt smá salti og rósmarín laufum. Ef Parmigiano-Reggiano ostur er notaður er honum einnig stráð yfir hér. Berið fram.

## Pitsur með súrum gúrkum og beikoni

- 2 msk. olía
- 1 tsk. hvítlauksduft
- 1 tsk. ítalskt krydd
- 1 pitsudeig, tilbúið eða heimagert
- 1-½ bolli mozzarella eða pitsuostur
- ¼ bolli rifinn Parmesan ostur
- 3/4 bolli súrar gúrkur í sneiðum
- 4 beikonsneiðar, steiktar og skornar í smáa bita
- 1 tsk. ferskt dill
- ½ tsk. chili-flögur

Hitið ofninn í 200 gráður. Blandið saman í skál olíu, hvítlauksdufti og ítölsku kryddi. Fletjið deigið út og berið olíublönduna á það. Stráið ostinum yfir pitsuna og bakið í 15 mínútur. Takið út, stráið súrum gúrkum og beikoni yfir og bakið í aðrar 5 mínútur. Stráið chili-flögum og dilli yfir áður en borið er fram.



Þistilhjörtu, sperglar og pestó er bragðgóð nýjung.



Súrar gúrkur eru skemmtilegt álegg.



Kartöflur gera pitsuna öðruvísi.

## Óvenjulegar pitsur hjá nokkrum matgæðingum

**Hrefna Sætran matreiðslumeistari**

Ég elska heimagerða hot sauce úr heimaræktuðu chili á pitsu. Súrar gúrkur eru oft mjög gómsætar ef þær eru stökkar og svo er ég stundum í stuði fyrir kokteilsósu á pitsu, eins og tíðkaðist einu sinni, en þá verður að vera pepperoni.

**Jóhann Issi Hallgrímsson, eigandi Issi Fish & Chips**

Allir afgangsostar eru kærkomnir á pitsuna mína. Fiskurinn minn, frá Issi Fish & Chips, er geggjaður á pitsuna og gott er að bæta ólífum og sólþurrkuðum tómötum í partíið og í blálokin að dýfa sneiðinni í sósuna mína. Þetta steinliggur.

**Helga María frá Veganistur.is**

Undanfarið hef ég gert hvíta pitsu þar sem ég nota vegan sýrðan rjóma sem ég blanda við hvítlauk, salt og pipar. Strái yfir rifnum vegan osti og þunnt skornum kartöflum, þunnt skornum lauk sem ég hef steikt og rósmarín. Toppað með sítrónuberki, klettasalati, salti og pipar og hvítlauksolíu.

## Pitsa með þistilhjörtum, sperglum og pestói

- 1 tilbúið pitsudeig
- 1 krukka niðursoðin þistilhjörtu
- 3 stórir sveppir, skornir í þunnar sneiðar
- 4-5 stk. ferskir sperglar (aspas), skornir þversum í sneiðar
- 45 g grænt pestó
- 60 g rifinn mozzarella ostur
- Chili-flögur (má sleppa)
- Salt og pipar

Hitið ofninn í 230 gráður. Fletjið deigið út og smyrjið pestóinu ofan á. Stráið rúmlega helmingi af ostinum ofan á. Næst fara sveppir, sperglar og þistilhjörtu. Stráið afgangi af osti yfir ásamt chili-flögum, salti og pipar. Bakið í um 14-16 mínútur. ■

Íslandsstofa
Business Iceland

# Forstöðumaður útflutnings og fjárfestinga

## ÍSLANDSSTOFA LEITAR AÐ ÖFLUGUM STJÓRNANDA Í STARF FORSTÖÐUMANNS ÚTFLUTNINGS OG FJÁRFESTINGA

*Íslandsstofa er samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda. Íslandsstofa sinnir mörkun og markaðssetningu fyrir Ísland og íslenskar útflutningsgreinar, styður íslensk fyrirtæki í sókn á erlenda markaði og greiðir götu erlendrar fjárfestingar í íslensku atvinnulífi.*

*Framtíðarsýn langtímastefnu fyrir íslenskan útflutning er að Ísland verði þekkt sem leiðandi land á sviði sjálfbærni.*

Svið Útflutnings- og fjárfestinga er kjarnasvið Íslandsstofu og ber ábyrgð á þjónustu Íslandsstofu við fyrirtæki og hagaðila. Sviðið vinnur eftir útflutningsstefnu Íslands og veitir ráðgjöf og þjónustu til allra útflutningsgreina í því skyni að greiða fyrir markaðssetningu og útflutningi á vörum og þjónustu. Þjónusta er veitt innan sex áherslusviða:

1. Orka og grænar lausnir.
2. Hugvit, nýsköpun og tækni.
3. Listir og skapandi greinar.
4. Ferðaþjónusta.
5. Sjávarútvegur.
6. Matvæli og náttúruafurðir

Fagstjórar starfa við hverja áherslu og leiða faglega vinnu verkefnahópa um áherslurnar. Að auki starfa fagstjóri útflutningsþjónustu og fagstjóri fjárfestinga innan sviðsins, þvert á áherslur.

Svið útflutnings og fjárfestinga veitir þjónustu til útflutningsfyrirtækja í formi ráðgjafar og annarrar þjónustu. Slík ráðgjöf getur falist í ábendingum um heppilega markaði, veita upplýsingar um markaðssvæði, koma á tengslum við sérhæfða ráðgjafa, benda á kaupstefnur, veita aðgang að gagnasöfnum og efla viðskiptatengsl íslenskra fyrirtækja erlendis.

Starfsfólk sviðsins skipuleggur einnig þátttöku íslenskra fyrirtækja í kaupstefnum, vörusýningum eða viðskiptasendinefndum og sér um framkvæmd viðburða erlendis í samvinnu við viðskiptafulltrúa og markaðssamskiptasvið.

Á sviðinu er unnið að framkvæmd á sértækum og almennum markaðsverkefnum í samvinnu við svið markaðssamskipta. Meðal verkefna má nefna:

- Inspired by Iceland
- Seafood from Iceland
- Horses of Iceland
- SeaTech by Iceland
- Green by Iceland
- Saman í sókn
- Reykjavik Science City
- Skapandi Ísland
- Datacenters by Iceland
- Meet in Reykjavík, Iceland Convention Bureau
- Film in Iceland

Sérfræðingar sviðsins veita upplýsingar og aðstoða erlenda fjárfesta sem hafa áhuga á beinni erlendri fjárfestingu á Íslandi.

Starfsfólk sviðsins á samstarf við utanríkisráðuneytið um ýmis viðskiptatengd málefni er varða þjónustu Íslandsstofu við hagaðila og fyrirtæki og annast einnig samstarf við systurfyrirtæki erlendis um þjónustu við íslensk fyrirtæki m.a. Business Sweden.

Forstöðumaður leiðir starf sviðsins og er hluti af yfirstjórn Íslandsstofu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Reynsla af stjórnun og 5 ára reynsla af erlendu markaðs- og kynningarstarfi og útflutningi á vöru og/eða þjónustu.
- Leiðtogafærni, hæfni til að leiða breytingar og virkja aðila til samstarfs.
- Frumkvæði, metnaður til að ná árangri og framúrskarandi samskiptafærni.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti, önnur málakunnátta er æskileg.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar næstkomandi.**

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

**Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Fjarskiptastofa

# Sérfræðingur í greiningum

*Fjarskiptastofa er eftirlitsstofnun á fjarskiptamarkaði og gegnir hlutverki landstengiliðs í netöryggismálum. Er stofnuninni m.a. ætlað það hlutverk að vinna gegn röskun eða takmörkunum á samkeppni á fjarskiptamarkaði. Stofnunin vinnur að framgangi þessara verkefna m.a. á grundvelli markaðs- og kostnaðargreininga þar sem fram fer viðskipta- og hagfræðilegt mat á markaðsaðstæðum í fjarskiptum og undirliggjandi kostnaðarþáttum í þjónustu- og vöruframboði á heildsölustigi.*

*Hjá Fjarskiptastofu starfar fjölbreyttur hópur sérfræðinga á sviði fjarskipta og netöryggis. Fjarskiptastofa leggur áherslu á að starfsmenn fái tækifæri til að sinna áhugaverðum verkefnum, þróast í starfi og viðhalda jafnvægi milli vinnu og einkalífs.*

**Fjarskiptastofa** leitar að öflugum gagnagreinanda til að vinna í teymi sérfræðinga við kostnaðargreiningar og önnur fjölbreytt verkefni tengd þjónustuþáttum í fjarskiptum og innviðum fjarskiptaneta.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Söfnun gagna og tölfræðileg úrvinnsla.
- Rýni og samþykkt á kostnaðargreiningum og bókhaldslegum aðskilnaði.
- Greiningarvinna og þátttaka í skrifum á skýrslum og ákvörðunum.
- Samskipti við hagaðila.
- Þátttaka í erlendu samstarfi.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði, fjármálaverkfræði eða sambærilegt próf.
- Góð greiningarhæfni og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga á texta- og tölulegu formi.
- Reynsla af greiningarvinnu og samantekt upplýsinga er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þverfaglegri samvinnu.
- Frumkvæði og hæfni til að leiða mál til lykta.
- Ögun í vinnubrögðum.
- Vilji og geta til að tileinka sér nýjungar.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og rituðu máli.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. febrúar næstkomandi.**

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

**Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is).**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF



HREINSITÆKNI

# Aðalbókari

*Hreinsitækni ehf. er leiðandi fyrirtæki á sviði umhverfismála á Íslandi. Félagið þjónustar gatna- og fráveitukerfi flestra stærstu eigenda slíkra kerfa í landinu. Þá sinnir fyrirtækið umfangsmiklum verkefnum fyrir orkusækinn iðnað. Félagið leggur áherslu á gott samstarf við viðskiptavini, birgja og aðra hagaðila og að bjóða starfsmönnum upp á áhugavert og hvetjandi vinnuumhverfi. Starfsmenn fyrirtækisins og dótturfélaga þess eru um 120 talsins.*

**Hreinsitækni** óskar eftir umsóknum í starf aðalbókara. Starfið heyrir undir fjármálastjóra. Leitað er að sjálfstæðum og nákvæmum einstaklingi til að bera ábyrgð á reikningshaldi og þátttöku í uppgjörum félagsins og dótturfélaga þess.

**Helstu verkefni:**
- Umsjón og ábyrgð á reikningshaldi og uppgjörum.
- Þátttaka í uppgjöri samstæðu.
- Frávikagreiningar, tilfallandi rekstrargreiningar og skýrslur til stjórnenda.
- Þátttaka og skipulagning ýmissa umbótaverkefna.
- Bókun í Navision.
- Önnur tilfallandi verkefni.

**Hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af sambærilegu starfi er skilyrði.
- Þekking af notkun fjárhagskerfisins Navision.
- Þekking eða reynsla af uppgjörum og verkbókhaldi.
- Góð greiningarhæfni og þekking á Excel.
- Sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð.
- Jákvæðni í mannlegum samskiptum og hæfni til að starfa í hópi.
- Frumkvæði, fagmennska og metnaður í starfi.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

**Umsóknarfrestur er til og með 24. febrúar næstkomandi.**

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

**Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Hildur J. Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is).**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

# Fjármálastjóri

Brynja leigufélag leitar að fjármálastjóra.

Við leitum að kraftmiklum aðila sem hefur gott vald á Excel og þekkingu á úrvinnslu stórra gagnasafna. Fjármálastjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra og sinnir fjármálastjórn, miðlun fjárhagsupplýsinga og þróun upplýsingatæknikerfa.

**Hæfnikröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af reikningshaldi og uppgjörum
- Áhugi á nýtingu tækninnar til aukinnar skilvirkni
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni í mannlegum samskiptum

Allar nánari upplýsingar um starfið má finna á **hagvangur.is.**

**Umsóknarfrestur er til 21. febrúar.**
Umsóknir óskast fylltar út **hagvangur.is.**
Umsjón með starfinu hefur Sverrir Briem, **sverrir@hagvangur.is**

BRYNJA Leigufélag

Brynja, Hússjóður ÖBÍ er sjálfseignarstofnun sem hefur þann tilgang að kaupa og leigja íbúðir á hagkvæmu verði sem henta öryrkjum sem geta verið í sjálfstæðri búsetu og er þannig óhagnaðardrifið íbúðaleigufélag.

Brynja á og rekur um 830 íbúðir um land allt þar sem áhersla er lögð á félagslega blöndun íbúðanna fyrir utan tvo íbúðaklasa sem eru í Hátúni 10 og á Sléttuvegi 7 og 9 í Reykjavík. Hjá félaginu starfa alls 15 starfsmenn og er velta félagsins um 1400 mkr. og árlega fjárfestingargeta til kaupa á nýjum íbúðum er um 2 milljarðar króna.

**Skannaðu kóðann fyrir nánari upplýsingar**

hagvangur.is

HAGVANGUR

# Sérfræðingur á Mannauðssviði

ósar



Ósar hf. er félag á sviði lýðheilsu og heilbrigðis með það hlutverk að veita vandaða og faglega stoðþjónustu fyrir dótturfélögin, Icepharma, Parlogis og LYFIS, sem hafa verið í fararbroddi á íslenskum neytenda- og heilbrigðismarkaði síðan 1919.

Hjá okkur starfar metnaðarfullt og kraftmikið starfsfólk í sterkri liðsheild. Við leggjum áherslu á frumkvæði starfsfólks og svigrúm þeirra til að vaxa og þróast í starfi.

**Við leitum að drífandi einstaklingi í nýtt starf á mannauðssviði Ósa.**

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Skipulag starfsþróunar og fræðslumála
- Aðstoð við ráðningar og móttöku nýliða
- Ráðgjöf og stuðningur við starfsmenn og stjórnendur
- Skráning og viðhald upplýsinga í mannauðskerfum
- Framkvæmd starfsánægjukannana og annarra lykiltölumælinga í mannauðsmálum
- Viðhald jafnlaunakerfis og umsjón með úttektum
- Þátttaka í starfsmannaráði Ósa og vera tengiliður við starfsmannafélög
- Þátttaka í uppbyggingu vinnustaðamenningar og innra markaðsstarfs auk annarra mannauðstengdra verkefna í samráði við yfirmann

**Þekkingar- og hæfnikröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking og reynsla af mannauðsmálum og mótun vinnustaðamenningar
- Jákvæðni, þjónustulund og framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum
- Færni til að greina gögn og setja fram upplýsingar
- Þekking á jafnlaunastaðli er kostur
- Frumkvæði, drifkraftur og sjálfstæð vinnubrögð
- Mjög góð færni í íslensku og ensku

Við hvetjum hæfileikaríkt fólk til að sækja um starfið, óháð kyni. Umsóknir óskast fylltar út á vef Hagvangs, hagvangur.is. **Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar 2022.** Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is.

Umsókn skal fylgja ferilskrá ásamt kynningarbréfi sem lýsir hæfni umsækjanda til að gegna starfinu.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og í samræmi við lög um meðferð persónuupplýsinga.

icepharma LYFIS parlogis

Lynghála 13 • 110 Reykjavík • 540 8000 • osar.is

ósar lífæð heilbrigðis

# Aðalbókari

*Hagar hf. er leiðandi verslunarfyrirtæki á íslenskum smásölumarkaði. Meginstarfsemi Haga er á sviði smásölu með mat-, sérvöru og eldsneyti og tengdum rekstri vöruhúsa. Hagar starfrækja samtals 38 matvöruverslanir undir vörumerkjum Bónus og Hagkaups, 26 Olís þjónustustöðvar, 43 ÓB-stöðvar, umfangsmikla vöruhúsastarfsemi, birgðaverslun auk verslunar með sérvöru.*

*Hjá Högum og dótturfélögum starfa um 2.500 manns sem hafa það að markmiði að stuðla að bættum lífskjörum viðskiptavina í gegnum framúrskarandi verslun.*

**Hagar** leita að talnaglöggum og áreiðanlegum aðalbókara. Viðkomandi heyrir undir framkvæmdastjóra fjármálasviðs og hefur yfirumsjón með uppgjörum, árshlutareikningum og skattframtölum samstæðunnar.

**Helstu verkefni:**

- Mánaðarleg uppgjör, árshlutauppgjör og ársuppgjör samstæðu.
- Gerð skattframtala dótturfélaga.
- Samskipti við endurskoðendur félagsins.
- Ráðgjöf í bókhalds- og uppgjörsmálum við dótturfélög Haga.
- Almenn bókhaldsstörf og afstemmingar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Viðskiptamenntun af fjármála- eða endurskoðunarsviði eða sambærileg menntun.
- Framhaldsmenntun í reikningsskilum er kostur.
- Reynsla og sérþekking á reikningsskilum og uppgjörsvinnu er skilyrði.
- Reynsla af samstæðuuppgjörum er mikill kostur.
- Góð þekking af notkun fjárhagskerfisins Navision er kostur.
- Nákvæmni og ögun í vinnubrögðum.
- Metnaður og áreiðanleiki.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar næstkomandi.**

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

**Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Hildur Jóna Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is).**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

# Mannauðsstjóri

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

*Þjóðminjasafn Íslands er vísinda- og þjónustustofnun og höfuðsafn á sviði menningarminja og rannsókna á menningarsögulegum minjum í landinu. Hlutverk þess er að auka og miðla þekkingu á menningararfi íslensku þjóðarinnar. Þjóðminjasafn Íslands starfar á grundvelli safnalaga nr. 141/2011, lögum um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011 og lögum um menningarminjar nr. 80/2012.*

**Þjóðminjasafn Íslands leitar eftir mannauðsstjóra.**

Starfið er bæði umfangsmikið og krefjandi og hentar einstaklingi sem hefur áhuga á fólki og býr yfir hæfni til að vinna að mörgum fjölbreyttum verkefnum á sama tíma. Mannauðsstjóri er hluti af stjórnendateymi Þjóðminjasafnsins og vinnur að því að framfylgja stefnu og ná markmiðum stofnunarinnar.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**

- Ábyrgð á þróun og framkvæmd mannauðsstefnu.
- Ráðgjöf til stjórnenda og starfsmanna.
- Umsjón með starfsþróunar-, vinnuverndar- og fræðslumálum.
- Mótun ferla og innleiðing umbótaverkefna.
- Skipulagning og utanumhald ráðningarferla.
- Umsjón með launasetningu og launavinnslu.
- Árangursmælingar.
- Þátttaka í áætlunargerð og rekstri sem snýr að mannauðsmálum.
- Túlkun kjarasamninga og samskipti við stéttarfélög.
- Önnur tengd verkefni.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála er kostur.
- Þekking og marktæk reynsla á sviði mannauðsmála.
- Reynsla af umbótaverkefnum og ferlavinnu.
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum, jákvætt viðmót og sveigjanleiki.
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður til að ná árangri.
- Sjálfstæði í starfi og hæfni til að vinna í teymi með öðrum.
- Gott vald á íslensku og ensku í rituðu og mæltu máli.
- Þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu er kostur.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

Æskilegt er að viðkomandi hefji störf sem fyrst.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

**Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar næstkomandi.**

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

**Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hildur Jóna Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is).**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF




Starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs vill auka lífsgæði í Reykjavík með framúrskarandi þjónustu og metnaði fyrir enn betri borg. Áhersla er á að gera vinnuumhverfi starfsfólks aðlaðandi, öruggt og skilvirkt. Gildi sviðsins eru virðing fyrir umhverfinu, fagmennska í hverju verki og þjónusta við umhverfið.

**UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ**
**Borgartún 12–14**
**S. 411 11 11 • usk@reykjavik.is**

Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar óskar eftir að ráða öfluga og metnaðarfulla einstaklinga til að leiða tvær nýjar skrifstofur á sviðinu. Um er að ræða tvö lykilstörf í stjórnendateymi sviðsins. Við leitum að verkefnadrifnum leiðtoga í starf skrifstofustjóra Verkefnastofu og kraftmiklum snillingi í starf skrifstofustjóra Þjónustu og samskipta. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi störf í faglegu starfsumhverfi þar sem áhersla er á teymisvinnu og góða þjónustu. Við leitum að einstaklingum með ríka forystu- og samskiptahæfileika, frumkvæði til að þróa nýjar lausnir og vilja til að leiða breytingar. Næsti yfirmaður skrifstofustjóra er sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

## Skrifstofustjóri Verkefnastofu

**Helstu verkefni og ábyrgð:** Fagleg forysta Verkefnastofu, skrifstofu sem vinnur með verkefni þvert á aðrar skrifstofur sviðsins með það að markmiði að efla og bæta verkefnastýringu, minnka sóun og auka gæði. Að starfa í nánu samstarfi við verkefnaráð að þeim verkefnum sem stofunni er ætlað að sinna. Leggja tillögur að verkefnum fyrir umhverfis- og skipulagsráð. Bera ábyrgð á að verkefni séu unnin í samræmi við hugmyndafræði verkefnastjórnunar, og að verkefnum stofunnar sé fylgt eftir frá upphafi til enda þvert á verkþætti eða ábyrgðarsvið sem hingað til hafa dreifst á mismunandi fagskrifstofur. Skrifstofustjóri starfar í nánu samstarfi við sviðsstjóra og borgaryfirvöld eftir því sem við á og ber ábyrgð á miðlun upplýsinga um verkefni í samvinnu við stjórnendur innan sviðs og utan.

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsmenntun á sviði verkefnastjórnunar
- Reynsla af áætlanagerð og markmiðadrifinni verkefnastjórnun
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði og faglegur metnaður
- Mjög góðir hæfileikar til samskipta og samvinnu
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti
- Færni til framsetningar og greiningar á flóknum gögnum

## Skrifstofustjóri Þjónustu og samskipta

**Helstu verkefni og ábyrgð:** Innleiðing á þjónustustefnu Reykjavíkur og stafrænni umbreytingu í samvinnu við stjórnendur sviðsins. Markmiðasetning í þjónustu og samskiptum í samvinnu við aðrar skrifstofur og deildir. Markviss greiningarvinna og úrbætur í upplýsinga- og samskiptamálum fyrir sviðið. Yfirumsjón með skipulagningu og gerð þjónustukannana og mælinga og kynning á þeim. Að leita leiða við framþróun þjónustu umhverfis- og skipulagssviðs. Skipulagning og eftirfylgni úrbótaverkefna sem snúa að þjónustu og samskiptum. Ábyrgð á fræðslu og þjálfun sem lýtur að þjónustu sviðsins, inn á við og út á við. Ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni samskipta- og samráðsáætlunar í samvinnu við stjórnendur, miðlæga upplýsingadeild ráðhússins, önnur svið og fyrirtæki borgarinnar.

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsmenntun á sviði þjónustustjórnunar mikill kostur
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og framúrskarandi færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Mjög góð þekking, reynsla og færni í notkun samfélagsmiðla
- Reynsla og færni í þverfaglegri teymisvinnu
- Haldbær reynsla af ráðgjöf, stefnumörkun og vörumerkjaþróun (branding)
- Skapandi, jákvæð og lausnamiðuð hugsun með áherslu á þekkingarmiðaða þjónustustjórnun

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Um er að ræða 100% starf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi kjarafélags.

Sótt er um störfin á **www.vinnvinn.is.**
Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar 2022**

vinnvinn



# Framkvæmdastjóri

KVH

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga óskar eftir að ráða drífandi einstakling í starf framkvæmdastjóra sem hefur brennandi áhuga á kjara- og réttindamálum.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Dagleg stjórnun og ábyrgð á rekstri skrifstofu félagsins
- Framkvæmd ákvarðana stjórnar
- Hagsmunagæsla fyrir félagið, ráðgjöf til félagsmanna vegna kjara- og réttindamála
- Undirbúningsvinna vegna gerð kjarasamninga og stofnanasamninga

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af kjarasamningagerð og þekking á vinnumarkaðsmálum
- Góð greiningarhæfni
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í samskiptum, samvinnu og rík þjónustulund
- Góð íslensku- og enskukunnátta og færni til að tjá sig skipulega bæði í ræðu og riti

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga (KVH) er stéttarfélag viðskipta- og hagfræðinga. Félagið sér um að gera kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna, bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði. KVH hefur það að markmiði að félagsmenn þess njóti bestu mögulegrar þjónustu og hagsmunagæslu á hverjum tíma. Félagsmenn KVH eru á annað þúsund. Um helmingur þeirra starfar á almennum vinnumarkaði en tæplega helmingur hjá hinu opinbera. KVH er aðili að Bandalagi háskólamanna. Nánari upplýsingar um KVH má finna á **www.kjarafelag.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **21. febrúar 2022**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Nánari upplýsingar um starfið veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



EXTRA

gló

Loður

LYFSALINN

Lyfjaval Apótek

**Orkustöðvarnar okkar eru fjölorkustöðvar:**

- 70 bensínstöðvar
- 2 vetnisstöðvar
- 1 metanstöð
- 9 ON hleðslustöðvar
- 16 bílaþvottastöðvar
- 6 apótek
- 6 matvöruverslanir

# Vilt þú starfa sem forstjóri Orkunnar?

Við auglýsum eftir orkumiklum forstjóra sem mun bera ábyrgð á spennandi verkefnum, áskorunum og tækifærum sem framundan eru hjá Orkunni. Viðkomandi mun leiða öflugan og fjölbreyttan hóp starfsfólks sem öll eiga þátt í að þróa og framkvæma stefnu félagsins.

**Markmið Orkunnar** er að einfalda líf viðskiptavina sinna á snjallan, hagkvæman og umhverfisvænan hátt. Við trúum því að framtíðin sé fólgin í nýtingu fjölbreytilegra orkugjafa, tækni og að þægindi framtíðarinnar snúist um að spara tíma og einfalda amstur dagsins.

Áhersla okkar er hagkvæmur rekstur og viðskiptaþróun með ánægju viðskiptavina okkar að leiðarljósi.

**Við erum að leita að einstaklingi sem ert eins og þú:**

- Framúrskarandi leiðtogi.
- Hefur brennandi áhuga á smásölumarkaði og framtíð orkugeirans.
- Ert drífandi og orkumikill.
- Hefur reynslu af breytingastjórnun og getu til að skapa sterka liðsheild.
- Metnaðarfullur, skapandi og framsækinn.
- Með skýra framtíðarsýn og stefnumótandi hugsun.

**Umsóknarfrestur er til og með 22.02.22.**
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
Upplýsingar veitir Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs. katrin@hagvangur.is

*Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum svarað að ráðningu lokinni.*

# Okkar hlutverk er að **leysa krafta úr læðingi**

**Lykillinn að bættum lífsgæðum** og fleiri tækifærum er að hugvitið verði stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar

Framsækið skipurit **háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðuneytisins** ber það með sér að ráðuneytið ætlar sér að vera **boðberi nýrra tíma innan stjórnsýslunnar.**

Við leitum að afburða einstaklingum sem búa yfir öllum þeim mannkostum sem prýtt geta farsæla stjórnendur auk yfirgrips-mikillar reynslu og þekkingar.
Það er ekki beðið um lítið!

## Skrifstofustjóri stefnumörkunar

skal búa yfir leiðtogahæfileikum og krafti til að leiða nýtt verklag og leggja grunn að árangursdrifinni menningu í starfi ráðuneytisins.

**Skrifstofa stefnumörkunar** er m.a. í forsvari fyrir stefnumótun, fjármálaáætlun, alþjóðasamstarfi og vinnu við lagafrumvörp. Skrifstofustjóri ber faglega og stjórnunarlega ábyrgð þar á.

**Umsóknarfrestur** er til og með 28. febrúar.




## Ráðuneytisstjóri

**Ráðuneytisstjóri** er fyrirliði ráðuneytisins og það er í hans verkahring að leiða starf þess og stefnumótun.

**Ráðuneytisstjóri** ber faglega og fjárhagslega ábyrgð gagnvart ráðherra á flestu því sem heyrir undir starfsemi ráðuneytisins.

**Umsóknarfrestur** er til og með 28. febrúar.

## Skrifstofustjóri framkvæmdar og eftirfylgni

skal búa yfir viðamikilli þekkingu á öllu er við kemur fjármálum auk þess sem reynsla úr stjórnsýslunni er mikils metin.

**Skrifstofa framkvæmdar og eftirfylgni** er kletturinn í starfi ráðuneytisins varðandi framkvæmd fjárlaga, samningagerð og samskipti við ríkisaðila og ber skrifstofustjóri faglega og stjórnunarlega ábyrgð þar á.

**Umsóknarfrestur** er til og með 28. febrúar.

Minnum á að umsóknarfrestur um starf **UPPLÝSINGAFULLTRÚA** er til 20. febrúar.

**Allar nánari upplýsingar** um störfin, menntunar- og hæfniskröfur er að finna á **starfatorg.is.** Ráðuneytið leggur áherslu á jafnrétti og hvetur öll áhugasöm til að sækja um störfin. Ráðuneytið er jákvætt fyrir störfum án staðsetningar.

**Stjórnarráð Íslands**
Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið




ARKÍS arkitektar er framsækin arkitektastofa á sviði byggingarlistar, hönnunar og skipulags. Frá stofnun, árið 1997, hefur ARKÍS starfað bæði innanlands og á alþjóðamarkaði og unnið að fjölbreytilegum verkefnum fyrir einkaaðila og opinberar stofnanir.

Í dag starfa 35 starfsmenn hjá fyrirtækinu í Kópavogi og Borgarnesi. Auk þess sem Arkís opnar nýja starfsstöð á Selfossi í febrúar.

ARKÍS starfar eftir þeirri meginhugsun að öll hönnun mannvirkja snúist um að skapa umhverfi og aðstæður sem auka lífsgæði. Þá skuldbindur ARKÍS sig til að stuðla að sjálfbærni byggðar.

**www.ark.is**

**Vegna aukinna verkefna leitum við að arkitektum, innanhússarkitektum og byggingafræðingum til þess að slást í hópinn.**

**Um er að ræða mörg spennandi verkefni jafnt á Íslandi sem erlendis og því um skemmtileg og gefandi atvinnutækifæri að ræða.**

**Við leitum að starfsmönnum með nokkurra ára reynslu og gott vald á flestum þáttum arkitektahönnunar. Rík áhersla er lögð á frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð en jafnframt áhersla á að geta unnið vel í teymi. Þá er góð reynsla af Revit nauðsynleg.**

**Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.**

**Umsóknum skal skilað til ARKÍS arkitekta ehf. með tölvupósti á netfangið arkis@ark.is**

**Umsóknir skulu berast fyrir 18.febrúar.**

ARKÍS
arkitektar

NW
NORTHWEAR

## Sölu- og þjónustufulltrúi

Northwear leitar að metnaðarfullum og jákvæðum einstaklingi 35 ára eða eldri í fjölbreytt og skemmtilegt starf.

**Starfssvið:**
- Upplýsingagjöf og sala
- Þjónusta við viðskiptavini
- Samskipti við erlenda birgja
- Vörupantanir og innkaup
- Móttaka vörusendinga og útgáfa reikninga

**Hæfniskröfur:**
- Þjónustulund og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Mikill áhugi á fatnaði
- Talandi og skrifandi á ensku og íslensku
- Almenn tölvukunnátta
- Stundvísi og skipulagshæfileikar

Northwear er leiðandi fyrirtæki á Íslandi í framleiðslu og sölu á einkennis- og starfsmannfatnaði
auk þess að reka öfluga heildsöludeild sem flytur inn og selur m.a. Lee og Wrangler.

**Umsóknir sendist á godi@northwear.is fyrir 18. febrúar.**

Northwear ehf, Sundaborg 7-9 | 104 Reykjavík | Sími 511 4747 | www.northwear.is



# Verkefnastjóri fræðslulausna

Endurmenntun HÍ leitar að öflugum og hugmyndaríkum verkefnastjórum í teymi fræðslulausna. Í boði eru áhugaverð störf við þróun og umsjón fræðslu af ýmsum stærðum og gerðum. Við leitum að fólki sem er framúrskarandi í samskiptum, getur vel unnið sjálfstætt en nýtur þess líka að vinna með öðrum.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf og starfsreynsla sem nýtist í starfi.
- Framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfni.
- Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og sjálfstæð vinnubrögð.
- Greiningarhæfni.
- Mjög góð tölvukunnátta.
- Reynsla af vinnu við stafrænt fræðsluefni er kostur.
- Framúrskarandi íslenskukunnátta í ræðu og riti.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Ber ábyrgð á og hefur umsjón með tilteknum fræðslulausnum.
- Nýsköpun og þróun fræðslulausna.
- Samskipti við viðskiptavini og samstarfsaðila.
- Önnur sérverkefni tengd starfinu.

**Sótt er um á Starfatorgi og þar má einnig finna nánari upplýsingar. Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar 2022**

ENDURMENNTUN HÍ

HÁSKÓLI ÍSLANDS




# Leiðtogi framleiðslu-teymis í kerskála

**Alcoa Fjarðaál leitar að jákvæðum og drífandi einstaklingi til að leiða framleiðsluteymi í kerskála þar sem ál er framleitt allan sólarhringinn í 336 rafgreiningarkerum. Leiðtogi framleiðsluteymis stendur vaktir með teyminu sínu og hefur jafnframt þrjá fyrirliða sér til stuðnings. Leiðtogi fylgir eftir framleiðsluáætlunum, leiðir umbótavinnu, stuðlar að öryggi og sinnir mannauðsmálum.**

### Ábyrgð og verkefni

- Leiðtogi vinnur að því að þróa teymi ólíkra einstaklinga með gildi Alcoa, heilindi, árangur, umhyggju og hugrekki, að leiðarljósi. Áhersla er lögð á nýtingu styrkleika, jákvæð samskipti og góðan starfsanda.
- Leiðtogi hefur viðveru á framleiðslugólfi hluta af vinnutíma sínum og fylgir því eftir að teymið framleiði samkvæmt áætlunum og uppfylli þarfir viðskiptavina á öruggan, heilbrigðan og umhverfisvænan hátt.
- Leiðtogi sinnir mannauðsmálum teymisins og gegnir lykilhlutverki í helgun starfsmanna með því að miðla upplýsingum, skýra væntingar, tryggja þjálfun og veita stuðning, hvatningu og endurgjöf.
- Með stöðlun besta verklags og stöðugu umbótastarfi leggur teymið sitt af mörkum til árangurs og þróunar framleiðsluferlisins.

### Menntun, reynsla og hæfni

- Æskilegt er að leiðtogi hafi menntun sem nýtist í starfi og fimm ára reynslu af framleiðslu eða stjórnun.
- Mikið reynir á samskiptahæfni. Leiðtogi þarf að geta stutt og hvatt starfsmenn en um leið að geta tekið á erfiðum málum af festu.
- Leiðtogi þarf að hafa frumkvæði í starfi, vilja til að vinna að stöðugum úrbótum og metnað til að ná árangri. Gerð er krafa um sterka öryggis- og gæðavitund.
- Starfið krefst nákvæmni og skipulagshæfileika. Leiðtogi þarf að hafa góða tölvukunnáttu og gott vald á íslensku og ensku.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Alcoa Fjarðaáls og lög nr. 150/2020 eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um. Frekari upplýsingar um starfið veitir **Davíð Þór Magnússon** rekstrarstjóri kerskála, *david.magnusson@alcoa.com* eða í síma 843 7642. Hægt er að sækja um starfið á **alcoa.is**.
**Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 28. febrúar.**

Fjarðaál
alcoa.is

Alcoa

HRAFNISTA

# Forstöðumaður Hrafnistu Ísafold

*Hrafnista starfrækir átta hjúkrunarheimili í fimm sveitarfélögum þar sem veitt er sólarhringsþjónusta alla daga ársins til aldraðra íbúa heimilanna. Hjá okkur starfa tæplega 1700 manns, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi.*

*Óskað er eftir að umsókn fylgi ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni til að gegna starfinu.*

*Nánari upplýsingar veita Jakobína H. Árnadóttir mannauðsstjóri, 820 3536, jakobina@hrafnista.is og María Fjóla Harðardóttir, maria.hardardottir@hrafnista.is.*

Leitað er að öflugum, jákvæðum og gæðamiðuðum aðila í starf forstöðumanns á Hrafnistu Ísafold í Garðabæ. Forstöðumaður ber ábyrgð á daglegum rekstri, gæðastarfi og þeirri þjónustu sem veitt er á heimilinu. Forstöðumaður situr í framkvæmdaráði Hrafnistu.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Ábyrgð á daglegum rekstri heimilisins.
- Ábyrgð á þjónustu, öryggi og gæðum á heimilinu.
- Innleiðing á stefnu og framtíðarsýn Hrafnistu.
- Að starfað sé eftir lögum og reglum um heilbrigðisþjónustu.
- Ábyrgð á stjórnun, leiðsögn og þróun starfsfólks.
- Önnur tilfallandi verkefni í samvinnu við forstjóra.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda, framhaldsmenntun æskileg.
- Yfirgripsmikil reynsla af heilbrigðismálum.
- Farsæl reynsla af rekstri og stjórnun.
- Reynsla og þekking á gæðamálum.
- Leiðtogahæfni og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði og lausnamiðuð hugsun.

**Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar 2022.**
**Sækja þarf um starfið á heimasíðu Hrafnistu; hrafnista.alfred.is.**

**Hrafnista:** Laugarás | Hraunvangur | Boðaþing | Nesvellir | Hlévangur | Ísafold | Sléttuvegur | Skógarbær

job

Finnum draumastarfið **saman**



Erum við að leita **að þér?**

# Work with us this summer



Travel Connect is hiring for summer 2022. Apply to join one of our companies in Iceland: Nordic Visitor, Iceland Travel, Iceland Tours and Terra Nova.

**We're looking for candidates with experience or just starting their career to fill the following roles:**

- Travel Consultants
- Bookings and Operations
- Travel Experts in reservations
- Travel Co-ordinators in cruise services

**Why work with us?**
Travel Connect is a leading tourism company that brings together 6 reputable travel brands. You'll join a team with a passion for travel and a drive for success. With us, you'll benefit from work-life balance initiatives as well as a supportive environment with development and learning opportunities.

Scan code for application details or apply through Alfred.is

travel connect

Iceland Tours | ICELAND TRAVEL | NORDIC VISITOR | TERRANOVA

# Tími tækifæra

## Skrifstofustjóri á skrifstofu verðmætasköpunar

Nýtt menningar- og viðskiptaráðuneyti tók til starfa 1. febrúar sl. Hlutverk þess er að skapa menningarstarfi, viðskiptalífi og ferðaþjónustu umhverfi sem stuðlar að velsæld og verðmætasköpun fyrir samfélagið allt. Helstu málaflokkar sem ráðuneytið fer með eru menningarmál, ferðaþjónusta, viðskiptamál, neytenda- og samkeppnismál, fjölmiðlar, skapandi greinar og ríkisaðstoð.

Í nýju ráðuneyti er fólk með fjölbreyttan bakgrunn sem starfar samhent að því að skapa framúrskarandi vinnustað og öflugt ráðuneyti sem veitir afbragðsþjónustu.

Okkur vantar fleira fólk og leitum að drífandi og jákvæðum einstaklingum með mikla samskiptafærni, sem hafa metnað til þess að sinna verkefnum ráðuneytisins af heilindum og elju.

**Embætti skrifstofustjóra á skrifstofu verðmætasköpunar** er laust til umsóknar, en menningar- og viðskiptaráðherra skipar í það til fimm ára.

Skrifstofa verðmætasköpunar vinnur þvert á málaflokka ráðuneytisins með verðmætasköpun, samkeppnishæfni og sjálfbærni að leiðarljósi. Skrifstofan er leiðandi í greiningu og miðlun, þ.m.t. hagrænum rannsóknum á þeim málaflokkum er heyra undir ráðuneytið. Kemur skrifstofan þannig að stefnumótun á fjölbreyttum málefnasviðum ráðuneytisins og tengir saman menningu, viðskipti, fjölmiðla og ferðaþjónustu.

Skrifstofustjóri stýrir starfsemi skrifstofunnar og ber ábyrgð á því að hún sinni stjórnsýslulegum skyldum sínum, sýni frumkvæði í stefnumótun og fylgi eftir stefnumarkandi ákvörðunum ráðherra. Við leitum að skrifstofustjóra sem býr yfir víðtækri reynslu af hagfræðilegri greiningarvinnu sem mun nýtast við stefnumótun og úrlausn mála hjá ráðuneytinu.

Skrifstofustjóri á skrifstofu verðmætasköpunar þarf að búa yfir góðum leiðtogahæfileikum og ríkri hæfni í samskiptum og samvinnu.

## Sérfræðingur á sviði ríkisaðstoðar

Ráðuneyti menningar og viðskipta fer með málefni ríkisaðstoðar. Það veitir öðrum stjórnvöldum ráðgjöf og er í forsvari í tengslum við ríkisaðstoðarmál sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur til skoðunar.

Leitað er að sérfræðingi sem hafa mun umsjón með málaflokknum ríkisaðstoð, ásamt öðrum tilfallandi verkefnum innan skrifstofu viðskipta og fjölmiðla í samráði við skrifstofustjóra.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsjón með málaflokki ríkisaðstoðar.
- Fyrirsvar gagnvart ESA vegna ríkisaðstoðarmála.
- Samstarf við önnur ráðuneyti og opinbera aðila.
- Þátttaka í stefnumótun.
- Löggjöf á sviði ríkisaðstoðar, þ.m.t. innleiðing EES gerða.
- Alþjóðlegt samstarf á sviði ríkisaðstoðar.

## Sérfræðingur á sviði fjölmiðla

Ráðuneyti menningar og viðskipta fer með málefni fjölmiðla. Nær sá málaflokkur m.a. til fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu, einkarekinna fjölmiðla, starfsskilyrða fjölmiðla og miðla- og upplýsingalæsis.

Leitað er að sérfræðingi sem hafa mun umsjón með málaflokknum fjölmiðlar, ásamt öðrum tilfallandi verkefnum innan skrifstofu viðskipta og fjölmiðla í samráði við skrifstofustjóra.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsjón og fyrirsvar á málefnasviði fjölmiðla.
- Þátttaka í stefnumótun.
- Löggjöf á sviði fjölmiðla, þ.m.t. innleiðing EES gerða.
- Almenn stjórnsýsla á sviði fjölmiðlunar.
- Alþjóðlegt samstarf á sviði fjölmiðlunar.

**Allar nánari upplýsingar um störfin og ítarlegri útlistun á hæfniskröfum er að finna á Starfatorgi.**
**Umsóknir ásamt kynningarbréfi og ferilskrá á íslensku sendist á netfangið mvf@mvf.is.**
**Skýrt skal tekið fram um hvaða starf er sótt.**

**Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar.**

**Stjórnarráð Íslands**
Menningar- og viðskiptaráðuneytið

HSN Heilbrigðisstofnun Norðurlands

## Spennandi tækifæri fyrir hjúkrunarfræðing og lækni í Fjallabyggð

### Yfirhjúkrunarfræðingur
### HSN Fjallabyggð

Heilbrigðisstofnun Norðurlands auglýsir laust starf yfirhjúkrunarfræðings HSN Fjallabyggð.
Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. maí 2022 eða eftir samkomulagi.
Yfirhjúkrunarfræðingur ber faglega, stjórnunarlega og rekstrarlega ábyrgð.
Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri hjúkrunar.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Fagleg og stjórnunarleg ábyrgð á hjúkrunarþjónustu og stoðstarfsemi hennar, samkvæmt skipuriti
- Þátttaka í klínísku starfi
- Staðarumsjón
- Tekur þátt í gerð áætlana varðandi rekstur og tryggir að rekstur og starfsmannamál séu í samræmi við fjárhagsáætlun
- Tekur þátt í þverfaglegu samstarfi, þróun þjónustu og stjórnun verkefna á starfsstöðinni og þvert á stofnun
- Hefur umsjón með starfsemi starfsstöðvarinnar samkvæmt skipuriti ásamt yfirlækni
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu

**Hæfniskröfur**
- Íslenskt hjúkrunarleyfi og a.m.k. 5 ára starfsreynsla við hjúkrun
- Viðbótarmenntun á sviði heilbrigðisvísinda, viðskiptafræði eða stjórnunar kostur
- Farsæl stjórnunarreynsla og góð samskiptafærni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð tölvukunnátta

**Nánari upplýsingar veitir**
Guðný Friðriksdóttir - gudnyf@hsn.is - 860 7750
Bryndís Lilja Hallsdóttir - bryndis.lilja.hallsdottir@hsn.is - 432 4050

### Læknir
### hjá HSN Fjallabyggð

Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) Fjallabyggð óskar eftir að ráða lækni til starfa. Húsnæði í boði. Læknar sem starfa hjá HSN eru með aðalstarfsstöð á heilsugæslustöð og sinna móttöku sjúklinga og heilsuvernd ásamt því að sinna vaktþjónustu í héraði skv. vaktaskema hverju sinni. Starfið felur einnig í sér störf á sjúkra- og hjúkrunarsviði. Störfin fela í sér þverfaglega samvinnu innan sem og út fyrir stöðina.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Almennar lækningar og heilsuvernd
- Vaktþjónusta
- Læknisþjónusta á sjúkra- og hjúkrunarsviði
- Kennsla starfsfólks og nema
- Þróun og teymisvinna

**Hæfniskröfur**
- Íslenskt lækningaleyfi er skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæðni
- Áreiðanleiki, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla og hæfileiki til að vinna í teymi
- Sérfræðiviðurkenning í heimilislækninum kostur
- Ökuleyfi

**Nánari upplýsingar veita**
Valþór Stefánsson - valthor.stefansson@hsn.is - 460 2100
Örn Ragnarsson - orn.ragnarsson@hsn.is - 432 4200

**Frekari upplýsingar um störfin**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélag hafa gert.

Umsókn skal fylgja náms- og starfsferilsskrá ásamt afriti eða staðfestingu á Íslensku starfsleyfi.

Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum, meðmælum og viðtölum við umsækjendur.

Almenn heilsugæsluþjónusta er í boði í Fjallabyggð. Starfsstöðvarnar eru á Siglufirði og Ólafsfirði.

Í Fjallabyggð búa um 2.000 manns. Sveitarfélagið varð til við sameiningu Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar.
Í Fjallabyggð eru leikskólar, grunnskóli og framhaldsskóli. Þar er öflugt menningar- og listalíf, fjölmörg gallerí og vinnustofur ásamt söfnum eru á svæðinu.

**Umsóknarfrestur er til og með 28.02.2022**

## Blikksmíði ehf

**Óskar eftir blikksmiðum eða vönum mönnum í Blikksmíðavinnu, einnig aðstoðarmönnum og suðumönnum.**

Upplýsingar í síma: 893 4640 eða
blikksmidi@simnet.is

ÁS STYRKTARFÉLAG

## Viltu taka þátt í nýju og spennandi þróunarverkefni
### sem miðar að aukinni atvinnuþátttöku fatlaðs fólks á almennum vinnumarkaði?

Ás styrktarfélag óskar eftir metnaðarfullum og áhugasömum starfsmanni til að innleiða og skipuleggja starfstengt verknám fyrir fatlað fólk. Um er að ræða verkefni sem byggir á einkaleyfisskyldri aðferðarfræði. Hún felur í sér vinnustaða nám sem hefur að markmiði atvinnuþátttöku fatlaðs fólks á almennum vinnumarkaði með stuðningi og eftirfylgni í starfi.

Starfið er tímabundið til eins árs og starfshlutfall er frá 50% til 100%. Vinnutíminn er almennt á bilinu 8.00-16.30 virka daga en getur að hluta til verið sveigjanlegur.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
**Umsóknarfrestur er til 24. febrúar 2022.**

**Hæfniskröfur:**
- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Þekking á sviði þjónustu við fatlað fólk og ríkjandi hugmyndfræði.
- Þekking á vinnumarkaði er nauðsyn
- Brennandi áhugi á atvinnuþátttöku fatlaðs fólks
- Góð ensku- og íslenskukunnátta er skilyrði
- Góð almenn tölvufærni og tölvulæsi er skilyrði
- Sjálfstæð vinnubrögð, samskipta- og samstarfsfærni
- Að minnsta kosti 5-7 ára starfsreynsla
- Þarf að geta unnið undir álagi og eiga auðvelt með að tileinka sér nýjungar.

Nánari upplýsingar veitir Valgerður Unnarsdóttir í síma 4140500. Atvinnuumsókn ásamt ferilskrá sendist á valgerður@styrktarfelag.is. Upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is.

Ás styrktarfélag hefur fengið vottun á jafnlaunakerfi sitt samkvæmt ÍST 85:2012.
Við hvetjum áhugasama, óháð kyni og uppruna að sækja um.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum Áss styrktarfélags.



101 hotel reykjavík

Móttökustjóri 101 hotel reykjavík

101 hotel við Hverfisgötu óskar eftir reyndum móttökustjóra.

101 er fyrsta hótel sinnar tegundar á Íslandi, í flokki svokallaðra boutique-hótela og hefur staðið á horni Hverfisgötu og Ingólfsstrætis undanfarin tuttugu ár. Þótt sagan spanni áratugi er stjórnendateymið ungt og metnaðarfullt og við leitum nú að öflugum nýliða í teymið.

Hæfniskröfur:
- Menntun eða mikil reynsla í faginu er skilyrði.
- Gott vald á íslensku og ensku. Þriðja tungumál er mikill kostur.
- Rík þjónustulund og skipulögð vinnubrögð.

Ferilskrár og meðmæli sendist á lilja@101hotel.is
Umsóknarfrestur er til og með 28.2.2022

BYKO



# Ert þú markaðsmanneskja með brennandi áhuga á framkvæmdum og fegrun heimilisins?

**BYKO leitar að tveimur hugmyndaríkum og drífandi liðsfélögum í störf markaðsfulltrúa í markaðsdeild fyrirtækisins.**

---

## MARKAÐSFULLTRÚI
### einstaklinga

Markaðsfulltrúi einstaklinga hjá BYKO ber ábyrgð á og hefur yfirumsjón með markaðs- og kynningarmálum einstakra vöruflokka til einstaklinga. Undir hann heyrir t.d. gólfefni, hreinlætistæki, ljós, innihurðir, innréttingar, málning, heimilis- og árstíðavara. Markmiðið er að hámarka sölu og árangur hvers vöruflokks í nánu samstarfi við vöruflokka- og verslunarstjóra BYKO.

## MARKAÐSFULLTRÚI
### fagaðila

Markaðsfulltrúi fagaðila hjá BYKO ber ábyrgð á og hefur yfirumsjón með markaðs- og kynningarmálum einstakra vöruflokka til einstaklinga. Undir hann heyrir t.d. verkfæri, byggingavörur, lagnavörur og BYKO leiga. Markmiðið er að hámarka sölu og árangur hvers vöruflokks í nánu samstarfi við vöruflokka- og verslunarstjóra BYKO.

---

**HELSTU VERKEFNI**

- Greining, stefnumótun, áætlanagerð og markmiðasetning í markaðs- og kynningarmálum einstakra vöruflokka
- Verkefnastjórn og innleiðing aðgerðaáætlana á öllum snertiflötum og tryggja samræmt útlit
- Greina vaxtartækifæri til að efla einstaka vöruflokka í samstarfi við verslanir og vöruflokkastjóra
- Eftirlit með vöruframboði í verslunum í nánu samstarfi við verslanir og vöruflokkastjóra
- Innri markaðssetning og upplýsingagjöf til starfsfólks um tilvonandi markaðsaðgerðir
- Gera grein fyrir og miðla árangri einstakra vöruflokka til að meta árangur af markaðsstarfi, þ.m.t. sölu, markaðshlutdeild og *top of mind*

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR**

- Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Brennandi áhugi á sölu, þjónustu og markaðssetningu í heild-/smásöluverslun
- Frumkvæði, leiðtogahæfni, skipulagshæfileikar, færni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Mikill metnaður til að ná árangri í starfi.
- Framkvæmdagleði og geta til að leiða fjölbreytt verkefni
- Góð greiningarhæfni og gagnalæsi

---

*BYKO er framsækin íslensk bygginga- og heimilisvöruverslun sem þjónustar fagaðila og einstaklinga með virðisaukandi lausnum og gerir framkvæmdir og fegrun heimilisins einfaldari með fagmennsku, áreiðanleika og gleði að leiðarljósi.*

*Nánari upplýsingar veitir Edda Blumenstein, edda@byko.is, framkvæmdastjóri framþróun verslunar og viðskiptavina*

*Sótt er um starfið á byko.is eða á alfreð.is*
**Umsóknarfrestur er til 25. febrúar** 2022

*Sæktu um með QR kóðanum*

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Sérfræðingar í ráðningum



lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar

www.fastradningar.is

Oculis

## Formulation Project Manager

Oculis is currently looking for a Formulation Project Manager for its research laboratory located in Reykjavik. Formulation Project Manager oversees the whole pre-development process from early-stage project design up to the final lead formulation for industrial scale-up. This is a full-time temporary position for approximately 9 months (maternity leave replacement).

MAIN RESPONSIBILITIES

- Ophthalmic formulation design.
- Design and perform experiments for drug pre-formulation, formulation, and process definition.
- Analytical method development.
- Product manufacturing process definition.

REQUIRED SKILLS AND COMPETENCIES

- Bachelor's and/or post-graduate degree or equivalent in chemistry or pharmaceutical sciences, with at least 5 years of experience in either pharmaceutical or biotechnology industry.
- Experience of formulation research and manufacturing process development, ideally of sterile products.
- Strong hands-on expertise in analytical method development, incl. HPLC.
- Experience in drug registration dossier submission process in either USA or EU (CTD/Module 3) would be considered as a plus.
- Thorough understanding of cGMP, pharmacopeia testing and regulatory requirements for drug development and approval.
- Good knowledge of written and spoken English.
- Good communication and teamwork skills.

Please send your CV in English to umsokn@oculis.com. Closing date 28th of February 2022.

**Oculis is a clinical stage biotechnology company focused on the development of novel and transformative topical treatments (novel eye drops technology) for ophthalmic diseases. Oculis' pharmaceutical technology provides an unprecedented technical advance in ocular drug delivery, potentially for the back-of-the-eye diseases that are currently managed by invasive methods only, e.g., intraocular injections. For more information please visit: www.oculis.com**




## Ert þú að leita að starfi í sumar eða jafnvel til framtíðar?

Hjúkrunarheimilin **Sunnuhlíð** og **Seltjörn** óska eftir að ráða til starfa gott fólk með góða nærveru sem er tilbúið til að sýna umhyggju og alúð í starfi.

**Við leitum að fólki í stöður hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og við umönnun.**

Við veitum lækna- og hjúkrunarnemum góðan, faglegan stuðning og styrkjum þá sem koma erlendis frá.

Launakjör eru fyllilega samkeppnishæf við sambærileg störf með 100% launavernd fyrir sumarstarfsfólk.

Fullt starf miðast við 36 stunda vinnuviku en vinnuhlutfall er samkomulagsatriði og vinnutími getur verið sveigjanlegur.

Við hvetjum fólk af öllum kynjum til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir **Svanlaug Guðnadóttir,** framkvæmdastjóri hjúkrunar, **svana@sunnuhlid.is** eða í síma **864 4184**

Sótt er um störfin á heimasíðu Vigdísarholts: **vigdisarholt.is**

***Vigdísarholt*** *er rekstraraðili þriggja hjúkrunarheimila: Sunnuhlíð í Kópavogi, Seltjörn á Seltjarnarnesi og Skjólgarður á Höfn í Hornafirði.*

### Sunnuhlíð
KÓPAVOGI

*Í Sunnuhlíð eru 66 almenn hjúkrunarrými, fjögur rými fyrir skammtímainnlögn með endurhæfingu og dagdvöl fyrir 30 einstaklinga.*

### Seltjörn
SELTJARNARNESI

*Á Seltjörn eru 40 hjúkrunarrými og 24 dagdvalarrými.*



# Framkvæmdastjóri/-stýra Rannsókna og nýsköpunar hjá OR samstæðunni

Við leitum að auðmjúkum og drífandi leiðtoga sem hefur ástríðu fyrir umhverfisvænni orkunýtingu og nýsköpun.

Á Rannsókna- og nýsköpunarsviði eru gerðar langtímaáætlanir fyrir starfsemi OR samstæðunnar. Sviðið ber ábyrgð á vöktun og stýringu auðlindanýtingar hjá Veitum og Orku náttúrunnar, rannsóknum á nýjum jarðhita- og neysluvatnsauðlindum, alþjóðlegum nýsköpunarverkefnum og rannsóknarsamstarfi. Sviðið á mikinn þátt í vegferð okkar að sporlausri vinnslu og tekur virkan þátt í verkefnum Carbfix.

Ef þú hefur brennandi áhuga á framsýnni orkunýtingu og þig langar að tryggja sjálfbæra og sporlausa nýtingu auðlinda Íslands, þá er þetta tækifæri fyrir þig.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar 2022.** Við hvetjum fólk af öllum kynjum til að sækja um. Sótt er um starfið á **starf.or.is** þar sem nánari upplýsingar er að finna. Nánari upplýsingar um starfið veitir einnig Hildigunnur H. Thorsteinsson: hildigunnur.h.thorsteinsson@or.is.

OR Grunnur að lífsgæðum

VEITUR | LJÓSLEIÐARINN | ON ORKA NÁTTÚRUNNAR | Carbfix




Nánari upplýsingar:
**reykjavik.is/sumarstörf**

Reykjavíkurborg



# Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

**Stjórnendaleit**

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

**Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga**

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Almennar ráðningar á markaði**

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Sveigjanleg nálgun**

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

**Matstæki**

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

**Ráðgjöf við starfslok**

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

# Yfirvélstjóri
## hjá Hafrannsóknastofnun

Hafrannsóknastofnun leitar að jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingi í starf yfirvélstjóra á rannsóknaskip stofnunarinnar til starfa sem fyrst.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Dagleg stjórnun vinnu starfsmanna í vél og umsjón með störfum þeirra.
- Ábyrgð á rekstri, viðhaldi og viðgerða véla, tækja og vélbúnaðar um borð.
- Umsjón með eldneytisforða skipsins og öðrum nauðsynjum til reksturs og viðhalds véla.
- Fyrirbyggjandi viðhald og ábyrgð á rekstraröryggi.
- Þátttaka í þróun, uppbyggingu og innleiðingu á nýjum lausnum og þátttaka í þróun á nýju rannsóknaskipi.
- Ábyrgð á fyrirskipuðum skoðunum og eftirliti á vélbúnaði skipsins.

**Hæfniskröfur**
- Vélstjórnarréttindi VF.1
- Reynsla af því að vinna á sjó sem vélstjóri skilyrði.
- Góð reynsla og þekking á rekstri og viðhaldi á vélum og búnaði.
- Skipulagshæfileikar og hæfni til að sinna fjölbreyttum verkefnum.
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Jákvætt viðmót, samstarfsvilji og lausnamiðuð nálgun.
- Ríkir samskiptahæfileikar, rík þjónustulund og hæfni til að vinna í teymi.
- Góð tölvukunnátta og hæfni til að miðla þekkingu og upplýsingum á íslensku og ensku.
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfni.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymisvinnu.

**Frekari upplýsingar um starfið**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna hafa gert.

**Umsókn skal fylgja:**
- Ítarleg ferilskrá.
- Kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið.
- Tilnefna skal tvo umsagnaraðila.

Sótt er um starfið á Starfatorgi.
Gerð er krafa um að umsækjendur hafi hreint sakavottorð.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Ófullnægjandi umsóknir eru ekki teknir til greina. Umsókn getur gilt í sex mánuði eftir að umsóknarfresti lýkur.

Hafrannsóknarstofnun áskilur sér jafnframt rétt til að hafna öllum umsóknum. Við ráðningu í störf hjá Hafrannsóknastofnun er tekið mið af jafnréttisáætlun stofnunarinnar og er fólk af öllum kynjum hvatt til að sækja um.

Starfshlutfall er 100%

**Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði hafs- og vatnarannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafs og vatna.**
**Hún heyrir undir matvælaráðuneytið. Stofnunin rekur auk aðalstöðvar í Hafnarfirði starfsstöðvar vítt og breytt um landið, tilraunaeldisstöð, tvö rannsóknaskip og hjá stofnuninni starfa að jafnaði um 190 manns í fjölbreyttum störfum.**

**Gildi Hafrannsóknastofnunar eru:**
***Þekking – Samvinna – Þor***

**Nánari upplýsingar veita**
**Heimir Örn Hafsteinsson**
skipstjóri
heimir.orn.hafsteinsson@hafogvatn.is
s.691 4535

**Berglind Björk Hreinsdóttir**
mannauðsstjóri
berglind.bjork.hreinsdottir@hafogvatn.is
s.891 6990

**Umsóknarfrestur**
**er til og með 16.2.2022**



**STÆRSTA BÍLAUMBOÐ LANDSINS**

# Fjölbreytt störf á frábærum vinnustað

Sótt er um á **www.bl.is/atvinna**.

## » Þjónustufulltrúi í verkstæðismóttöku BL Sævarhöfða

Við leitum að starfsmanni í starf þjónustufulltrúa í verkstæðismóttöku. Starfið felst í að taka á móti og vera í samskiptum við viðskiptavini. Viðkomandi þarf að vera mjög fær í mannlegum samskiptum og með mikla þjónustulund. Þjónustufulltrúi vinnur náið með verkstjórum við að þjónusta viðskiptavini.

**Hæfniskröfur:**
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Mikil þekking og áhugi á bílum
- Mjög góð tölvufærni. Þekking á Navison kostur
- Stundvísi og áreiðanleiki
- Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð
- Íslenskukunnátta skilyrði

Umsóknarfrestur er til og með **20. febrúar** 2022.

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Sigurjónsdóttir, deildarstjóri verkstæðismóttöku: **asdis.si@bl.is**

**Vinnutími:**
Unnið er á 8 -10 tíma vöktum á tímabilinu 7.45-18.00 mánudaga - föstudaga.

## » Þjónustufulltrúi á þjónustusvið Hyundai

Við leitum að starfsmanni í starf þjónustufulltrúa í verkstæðismóttöku og varahlutasölu. Starfið felst í að taka á móti og vera í samskiptum við viðskiptavini. Viðkomandi þarf að vera mjög fær í mannlegum samskiptum og með mikla þjónustulund. Þjónustufulltrúi vinnur náið með þjónustustjóra, starfsmönnum varahlutalagers og verkstæðismóttöku við að þjónusta viðskiptavini.

**Hæfniskröfur:**
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð tölvufærni. Þekking á Navison kostur
- Stundvísi og áreiðanleiki
- Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð
- Íslenskukunnátta skilyrði

Umsóknarfrestur er til og með **20. febrúar** 2022.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Kr. Guðmundsson, þjónustustjóri Hyundai: **olafur@hyundai.is**

**Vinnutími:**
Unnið er á 8 -10 tíma vöktum á tímabilinu 7.45 -18.00 mánudaga - föstudaga.

## » Starfsmaður á varahlutalager Hyundai

Við leitum að starfsmanni á lager sem býr yfir góðri tölvuþekkingu og færni í mannlegum samskiptum. Starfið felur í sér tiltekt á vörum fyrir viðskiptavini, móttöku og upptekt á vörum, frágang á vörum á lager og tiltekt og pökkun á vörum til að senda út á land ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

**Hæfniskröfur:**
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Góð tölvufærni
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi og áreiðanleiki

Umsóknarfrestur er til og með **20. febrúar** 2022.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Kr. Guðmundsson, þjónustustjóri Hyundai: **olafur@hyundai.is**

**Vinnutími:**
Mán.–fim. kl. 8.00–17.00
Fös. kl. 8.00–16.00

## » Bókari á fjármálasvið

Óskum eftir öflugum bókara í fullt starf á fjármálasviði. Helstu verkefni eru viðskiptamannabókhald félagsins, innheimtukerfi, mánaðarleg reikningagerð, eftirlit og afstemmingar, kröfukeyrslur og önnur tilfallandi verkefni.

**Hæfniskröfur:**
- Starfsreynsla af bókhaldsstörfum er nauðsynleg
- Nákvæmni og áreiðanleiki
- Góð færni í Excel og almenn tölvufærni
- Samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Þekking á Navision er nauðsynleg
- Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með **20. febrúar** 2022.

Nánari upplýsingar veitir María Fjóla Björnsdóttir, deildarstjóri bókhalds: **maria@bl.is**

## » Sumarstörf hjá BL

Vantar þig vinnu í sumar? Við viljum ráða sumarafleysingarfólk sem hefur gaman af að veita góða þjónustu, löngun til að skara fram úr, hefur nægjanlegt sjálfstæði til að grípa inn í og stýra málum í réttan farveg, hefur gaman af samvinnu og mannlegum samskiptum og síðast en ekki síst er létt í lund.

Starfsfólk okkar lofar væntanlegu samstarfsfólki sínu skemmtilegu og hvetjandi vinnuumhverfi ásamt vinnuaðstöðu sem tekur öðru fram.

**Dæmi um störf sem ráðið verður í:**
- Sölufulltrúi nýrra bíla
- Bókhald
- Standsetning nýrra bíla

Ef þetta er eitthvað sem heillar þig hvetjum við þig til að leggja inn starfsumsókn.

ENNEMM / SÍA / Atvinnuaugl

Hjá BL vinnur fólk sem hefur metnað til þess að skara fram úr og veita framúrskarandi og faglega þjónustu í samvinnu við samheldinn og sterkan starfsmannahóp. Öflug námskeiðs- og fræðsluáætlun viðheldur þekkingu og eflir starfsmenn í nýjustu tækni vörumerkjanna. Starfsmenn fá vottaðar staðfestingar eða gráður, skv. stöðlum vörumerkjanna. Hjá BL er mjög virkt starfsmannafélag og einstök fyrirtækjamenning sem við erum afar stolt af.

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Við leiðum fólk saman

HAGVANGUR

REYKJASTRÆTI
FASTEIGNAFÉLAG

Reykjastræti er nýtt fasteignafélag. Fasteignasafn félagsins telur um 33 þúsund fermetra í nokkrum nýbyggingarverkefnum. Reykjastræti er systurfélag ÞG verktaka. Félagið leitar eftir farsælu langtíma viðskiptasambandi við sína leigjendur og stendur félagið fyrir gæði og áreiðanleika í viðskiptum.





## Starfsmaður á eignaumsýslusviði

Reykjastræti óskar eftir að ráða ábyrgan og úrræðagóðan einstakling í starf húsvarðar. Húsvörður hefur eftirlit með eignum félagsins og sér um hin ýmsu viðhaldsverkefni og lagfæringar innanhúss og utan. Ber ábyrgð á daglegri húsvörslu og umgengni ásamt tilfallandi verkefnum og að halda umhverfi snyrtilegu.

**Helstu verkefni:**

- Dagleg umsjón og eftirlit með eignum félagsins
- Smálegt viðhald og umsjón með minni framkvæmdum
- Samskipti við leigutaka og tengda þjónustuaðila

## Hæfniskröfur

- Góðir samskipta- og skipulagshæfileikar
- Greiningarhæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Þjónustulund og jákvæðni
- Stundvísi og sveigjanleiki í starfi
- Góð tölvukunnátta er æskileg
- Menntun sem nýtist í starfi er kostur, s.s. iðnmenntun
- Hreint sakavottorð er skilyrði

**Vinsamlega sendið inn umsóknir á umsokn@reykjastraeti.is**

s: 571 4990 | www.reykjastraeti.is



# SKRIFSTOFUSTJÓRI
# HEILSUGÆSLAN GARÐABÆ

Laust er til umsóknar 100% ótímabundið starf skrifstofustjóra við Heilsugæsluna Garðabæ.
Um er að ræða ábyrgðarmikið og spennandi starf fyrir metnaðarfullan einstakling.

**HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ**

- Ber ábyrgð á daglegum rekstri skrifstofu, þar með talinni móttöku og símsvörun
- Aðstoðar svæðisstjóra við skráningu á gögnum er varðar starfsemi stöðvarinnar
- Ritar sjúkraskýrslur, tilvísanir og vottorð í sjúkraskrárkerfi
- Gegnir starfi kerfisumsjónarmanns og sinnir tölvumálum
- Móttaka nýrra starfsmanna
- Starfar með öðru starfsfólki að stöðugum endurbótum á aðgengi og þjónustu við skjólstæðinga

**HÆFNIKRÖFUR**

- Heilbrigðisgagnafræðingur og/eða sambærilegt nám æskilegt
- Reynsla af verkstjórn æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta skilyrði
- Reynsla af móttökuritarastarfi æskileg
- Reynsla af Sögukerfi æskileg
- Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni, sveigjanleiki og góðir skipulagshæfileikar
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Íslensku kunnátta skilyrði
- Góð almenn enskukunnátta æskileg

Starfshlutfall er 100%. Umsóknarfrestur er til og með 21.02.2022.

Nánari upplýsingar veitir Ásmundur Jónasson
asmundur.jonasson@heilsugaeslan.is - 513 5500

**Sjá nánar á www.starfatorg.is og á www.heilsugaeslan.is undir laus störf**

HEILSUGÆSLA
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
- hér fyrir þig -

VIRÐING - SAMVINNA - FAGMENNSKA




# Löggiltur fasteignasali / nemi til löggildingar fasteignasala óskast til starfa

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

2021 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Fasteignamarkaðurinn ehf., sem er ein elsta og rótgrónasta fasteignasala landsins, óskar eftir að ráða til starfa löggiltan fasteignasala eða nema til löggildingar í fasteignasölu til að sinna sölu fasteigna.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sölu fasteigna.

**Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf umsækjenda berist á netfangið: gtj@fastmark.is**
**Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.**




## Vegna aukinna umsvifa hjá sameinuðu félagi leitum við að metnaðarfullum og reyndum stjórnendum

### FJÁRMÁLASTJÓRI

**Við leitum að reyndum sérfræðingi í reikningsskilum til að stýra fjármálum félagsins.**

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Fjárhagsbókhald, reglubundnar afstemmingar og uppgjör
- Yfirsýn yfir rekstur félagsins
- Viðskiptabókhald og innheimta
- Greining og túlkun lykiltalna
- Samskipti vegna innflutnings
- Launabókhald, launaútreikningar og tímaskráningarkerfi
- Gerð sjóðstreymisáætlana
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun og/eða haldbær reynsla sem nýtist í starfi
- Mjög góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla og þekking á DK bókhaldskerfum er kostur
- Reynsla og þekking á greiningartólum; BI og teningakeyrslur
- Samviskusemi og nákvæmni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Traust, áreiðanleiki og fagmennska
- Góð samskiptafærni og þjónustulund

### SÖLUSTJÓRI

**Við leitum að öflugum og reynslumiklum sölustjóra til að stýra sölumálum félagsins.**

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Mótun framtíðarstefnu og skipulagning sölustarfs í sameinuðu félagi
- Umsjón núverandi viðskiptatengsla
- Öflun nýrra viðskiptatengsla
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Haldgóð þekking á byggingamarkaði
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Traust, áreiðanleiki og fagmennska
- Góð samskiptafærni og þjónustulund
- Góð almenn tölvukunnátta

Með umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem lýst er hæfni viðkomandi til að ná árangri í starfinu.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Kristján Geir Gunnarsson framkvæmdastjóri kgeir@samverk.is

Umsóknir sendist á netfangið *umsokn@samverk.is*
**Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar nk.**

SAMVERK GLERVERKSMIÐJA

BÖRKUR

GLUGGASMIÐJAN SELFOSS

*Rekstur þriggja rótgróinna íslenskra iðnfyrirtækja sameinaðist 1. nóvember sl. Um er ræða Trésmiðjuna Börk, Gluggasmiðjuna Selfoss og Glerverksmiðjuna Samverk. Sameinað fyrirtæki mun starfrækja fjórar verksmiðjur auk þess sem fyrirtækið er að hasla sér völl á sviði innréttinga fyrir verktakamarkað.*



# AÐALBÓKARI

Sólar ehf. óskar eftir að ráða aðalbókara til starfa á fjármálasvið félagsins. Við leitum að starfsmanni til að sinna bókhaldsstörfum, uppgjörsvinnu, launavinnslu, sjá um samskipti við launþega og aðstoða við áætlanagerð.

Sólar er vel rekið fyrirtæki, við höfum verið í örum vexti undanfarin ár og ætlum að halda áfram að vaxa. Okkur vantar því til liðs við okkur öflugan liðsmann sem er tilbúinn að takast á við þær áskoranir sem fylgja vexti fyrirtækisins og er reiðubúinn að axla aukna ábyrgð.

**Starfssvið/verkefni:**

- Vinnsla fjárhagsbókhalds
- Umsjón með rafrænni samþykkt reikninga
- Umsjón með afstemmingum
- Vinna við mánaðaruppgjör
- Launavinnsla og samskipti við starfsmenn vegna launa
- Undirbúningur fyrir endurskoðun
- Aðstoð við áætlanagerð

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af bókhaldsstörfum, afstemmingum og uppgjörsvinnu
- Reynsla af launavinnslu
- Þekking á DK / NAV (Navision)
- Viðurkenndur bókari (rekstrar- og/eða viðskiptafræði kostur)
- Skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum

**Vinsamlegast skilið inn umsóknum** ásamt ferilská á www.hagvangur.is

**Nánari upplýsingar** veitir Hlynur Atli Magnússon - hlynur@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur** er til og með **25. febrúar 2022**

Sólar er eitt stærsta þjónustufyrirtæki landsins, við erum sérhæfð í ræstingum og tengdri þjónustu fyrir hótel, fyrirtæki, heilbrigðisstarfsemi og stofnanir. Hjá okkur starfa rúmlega 400 frábærir starfsmenn og við leggjum áherslu á að vera framúrskarandi vinnustaður þar sem starfsfólk á þess kost að vaxa og þroskast í starfi. Sólar er aðili að Stjórnvísi félagi um framsækna stjórnun, Festu miðstöð um samfélagsábyrgð og UN Global Compact. Þá höfum við undanfarin ár verið á meðal framúrskarandi fyrirtækja Creditinfo.

HAGVANGUR

SÓLAR

# Burðarvirkja-hönnuður

exa nordic leitar að metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingum til þess að styrkja okkar teymi sérfræðinga í burðarvirkjahönnun og verkefnastjórnun. Starfið felur í sér burðarvirkjahönnun og tengda ráðgjöf í verkefnum af fjölbreyttum toga.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Hönnun burðarvirkja
- Gerð útboðsgagna og verklýsinga
- Gerð kostnaðaráætlana
- Önnur almenn verkfræðiráðgjöf, eftirlit, verkefnastjórn, hönnunarstjórn

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í byggingarverkfræði eða byggingartæknifræði
- Reynsla í notkun hönnunar- og teikniforrita, t.d. Revit og Tekla
- Gott vald á íslensku, ensku og norðurlandamáli er kostur
- Góðir samskipta- og skipulagshæfileikar, metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Þekking á umhverfisvænum lausnum er kostur

exa nordic er ráðgjafafyrirtæki í mannvirkjahönnun sem var stofnað út frá þeirri hugsjón að efla samstarf verkfræðinga og arkitekta. Með það að leiðarljósi bjóðum við upp á burðarvirkjahönnun og verkefnastjórnun þar sem rík áhersla er lögð á upplifun notenda, notagildi, sjálfbærni og hagkvæmni í framkvæmd og rekstri.

Í nánu samstarfi við arkitekta leitumst við eftir því að virkja sérfræðiþekkingu verkfræðinga í listrænni sköpun og mótun verkefna frá fyrstu stigum. Með þeim hætti má stuðla að mannvirkjahönnun þar sem falleg byggingarlist upphefur umhverfi sitt í sátt við náttúru og á sama tíma byggir á traustum verkfræðilegum grunni.

Umsóknarfrekstur er til 20. febrúar 2022

Nánari upplýsingar veitir:
Arnar Björn, arnar.bjornsson@exanordic.com, s. 616 8300.

exa nordic




Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

# Fyrirtæki ársins 2021

hagvangur.is

HAGVANGUR

---

HRAFNISTA

# Mannauðsráðgjafi

*Hrafnista starfrækir átta hjúkrunarheimili í fimm sveitarfélögum þar sem veitt er sólarhringsþjónusta alla daga ársins til aldraðra íbúa heimilanna. Hjá okkur starfa tæplega 1700 manns, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi.*

Við leitum að jákvæðum, lausnamiðuðum og drífandi liðsfélaga í mannauðsteymið okkar. Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf á einum stærsta vinnustað landsins.

Mannauðsráðgjafar Hrafnistu fá tækifæri til að hafa áhrif, vera leiðandi, veita ráðgjöf og standa fyrir umbótum á sviði mannauðsmála.

Mannauðssvið starfar með öllum heimilum Hrafnistu og mikil samvinna er innan sviðsins og við önnur svið og stjórnendur.

**Helstu verkefni:**

- Ráðgjöf, þjónusta og stuðningur við stjórnendur og starfsmenn.
- Umsjón með ráðningarþjónustu Hrafnistu og stefnumörkun á því sviði.
- Aðkoma að þróun og stefnumörkun á sviði mannauðsmála.
- Aðkoma að mannauðsmælingum og eftirfylgni þeirra.
- Verkefnastýring mannauðstengdra verkefna og viðburða.
- Annað sem til getur fallið.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Brennandi áhugi og reynsla af mannauðsmálum.
- Þekking og/eða reynsla af úrvinnslu tölfræðilegra gagna og miðlun efnis.
- Framúrskarandi samskiptafærni og lausnamiðuð hugsun.
- Frumkvæði, sjálfstæði og drifkraftur.
- Metnaður til að gera sífellt betur og vinna að umbótum.

*Óskað er eftir að umsókn fylgi ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni til að gegna starfinu.*

*Nánari upplýsingar veitir Jakobína H. Árnadóttir, mannauðsstjóri Hrafnistu í síma 820-3536 eða í tölvupósti jakobina@hrafnista.is*

**Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar 2022.**
**Sækja þarf um starfið á heimasíðu Hrafnistu; hrafnista.alfred.is.**

---

job

Finnum draumastarfið **saman**



Erum við að leita **að þér?**

---



# Sérfræðingur í alþjóða- og nýsköpunarteymi

Rannís óskar eftir sérfræðingi í fullt starf í alþjóða- og nýsköpunarteymi. Starfið felur annars vegar í sér vinnu við Digital Europe og Horizon Europe, sem eru upplýsingatækniáætlun og rannsókna- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins og hins vegar umsýslu með Tækniþróunarsjóði, ráðgjöf og aðstoð við íslensk fyrirtæki.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á upplýsingatækni og íslensku rannsókna- og nýsköpunarumhverfi
- Reynsla af nýsköpun eða innleiðingu tæknilausna er kostur
- Reynsla af þátttöku í alþjóðlegu samstarfi er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku bæði tal- og ritmáli
- Mjög góð færni í töflureikni er skilyrði ásamt færni í helstu Office forritum eða sambærilegu
- Mjög góð hæfni í greiningu og lausn vandamála
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð ásamt góðri samskiptafærni
- Metnaður til að ná árangri í starfi með því að sýna vönduð vinnubrögð, frumkvæði og veita góða þjónustu

Upplýsingar um starfið veitir Ágúst Hjörtur Ingþórsson, sviðsstjóri rannsókna- og nýsköpunarsviðs, í síma 515 5830 eða netfanginu agust.hjortur.ingthorsson@rannis.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. febrúar 2022.**
Sækja skal um starfið á heimasíðu Rannís, á www.rannis.is/starfsemi/laus-storf/.
Umsókn skal fylgja ferilskrá, kynningarbréf og prófskírteini.

Umsækjendum er bent á að kynna sér starfsemi Rannís og sérstaklega áætlanirnar Digital Europe og Horizon Europe og starfsemi Tækniþróunarsjóðs.

Rannís er líflegur vinnustaður með um 60 sérfræðingum sem starfa eftir gildum stofnunarinnar: Áhrif, fagmennska og samstarf. Hlutverk Rannís er að treysta stoðir íslensks samfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu og styðja þekkingarsamfélagið með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum. Rannís greinir og kynnir áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag og þjónustar undirbúning vísinda- og tæknistefnu.

rannís
Borgartúni 30, 105 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



# BÍLSTJÓRI

Óskum eftir að ráða bílstjóra í framtíðarstarf hjá útibúi Olís í Njarðvík

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Dreifing á vörum til viðskiptavina
- Afgreiðsla á smurolíu til skipa
- Afgreiðsla á gasi, klór og annarri vöru
- Samskipti við viðskiptavini og flutningsaðila
- Önnur tilfallandi störf á lager og í útibúi

**Hæfniskröfur:**
- Meirapróf og ADR-réttindi æskileg eða áhugi á að bæta slíkum réttindum við sig í samstarfi við fyrirtækið
- Lyftarapróf
- Rík þjónustulund
- Skipulagshæfni
- Gott vald á íslensku er nauðsynlegt

Allar frekari upplýsingar um starfið veitir Stefán Segatta, ss@olis.is

**Vinsamlega sendið umsóknir til mannauðsstjóra Olís, Ragnheiðar Bjarkar, á rbg@olis.is merktar „bílstjóri" fyrir 20. febrúar 2022**

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.

olís
Vinur við veginn

Landbúnaðarháskóli Íslands



# LAUS STÖRF

## LEKTOR Í BÚVÍSINDUM

**Laust er til umsóknar starf lektors í búvísindum við deild Ræktunar og fæðu hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. Deild Ræktunar og fæðu sinnir rannsóknum, nýsköpun og kennslu á fræðisviðum búvísinda og umhverfisfræða.**

**HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ**
- Byggja upp alþjóðlega viðurkenndar rannsóknir á sviði fóðurfræði og fóðurverkunar eða bútækni við fóðrun og fóðuröflun
- Birta ritrýndar vísindagreinar, afla rannsóknarstyrkja og taka virkan þátt í alþjóðlegu og innlendu samstarfi
- Kennsla og þróun námskeiða á grunn- og framhaldsstigi
- Leiðbeina nemendum í rannsóknarverkefnum
- Taka virkan þátt í faglegu þróunarstarfi og uppbyggingu innan skólans

**HÆFNISKRÖFUR**
- Doktorspróf í búvísindum, verkfræði, líffræði, umhverfisfræði eða skyldum greinum
- Þekking og reynsla af rannsóknum á sviði fóðurjurta, fóðurverkunar og/eða tengdum fræðum
- Reynsla af kennslu, ásamt getu og vilja til fjölbreyttrar þekkingarmiðlunar á fræðasviðinu
- Þekking og reynsla á fóðrun, ræktun búfjár og ræktun fóðurjurta á norðlægum slóðum æskileg
- Skýr framtíðarsýn varðandi rannsóknir og þróun fræðasviðsins
- Geta til að vinna sjálfstætt og sem hluti af hóp
- Samstarfshæfni og lipurð í samskiptum

**FREKARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ**
- Guðmunda Smáradóttir **gudmunda@lbhi.is**
- Þóroddur Sveinsson **thorodd@lbhi.is**

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 21.03.2022**

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert. Starfshlutfall er 100%

Sótt er um á starfatorg.is

## LEKTOR Í JARÐRÆKT

**Laust er til umsóknar starf lektors í jarðrækt við deild Ræktunar og fæðu við Landbúnaðarháskóla Íslands. Deild Ræktunar og fæðu sinnir rannsóknum, nýsköpun og kennslu á fræðasviðum búvísinda og umhverfisfræða.**

**HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ**
- Byggja upp alþjóðlega viðurkenndar rannsóknir í hagnýtum jarðræktar- og umhverfisfræðum
- Birta ritrýndar vísindagreinar, afla rannsóknarstyrkja og taka virkan þátt í alþjóðlegu og innlendu samstarfi
- Kennsla og þróun námskeiða á grunn- og framhaldsstigi
- Leiðbeina nemendum í rannsóknarverkefnum
- Taka virkan þátt í faglegu þróunarstarfi og uppbyggingu innan skólans

**HÆFNISKRÖFUR**
- Doktorspróf í jarðrækt eða öðrum raunvísindagreinum sem gagnast jarðræktar- og umhverfisrannsóknum
- Þekking og reynsla af rannsóknum í jarðræktar- og umhverfisfræðum og/eða tengdum fræðum
- Reynsla af kennslu, ásamt getu og vilja til fjölbreyttrar þekkingarmiðlunar á fræðasviðinu
- Skýr framtíðarsýn varðandi rannsóknir og þróun fræðasviðsins
- Geta til að vinna sjálfstætt og sem hluti af hóp
- Samstarfshæfni og lipurð í samskiptum

**FREKARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ**
- Guðmunda Smáradóttir **gudmunda@lbhi.is**
- Þóroddur Sveinsson **thorodd@lbhi.is**

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 21.03.2022**

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert. Starfshlutfall er 100%

Sótt er um á starfatorg.is

## LEKTOR Í KYNBÓTAFRÆÐUM

**Laust er til umsóknar starf lektors í kynbótafræðum við deild Ræktunar og fæðu hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. Deild Ræktunar og fæðu sinnir rannsóknum, nýsköpun og kennslu á fræðasviðum búvísinda og umhverfisfræða.**

**HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ**
- Byggja upp alþjóðlega viðurkenndar rannsóknir í hagnýtri erfðafræði og kynbótum
- Birta ritrýndar vísindagreinar, afla rannsóknarstyrkja og taka virkan þátt í alþjóðlegu og innlendu samstarfi
- Kennsla og þróun námskeiða á grunn- og framhaldsstigi
- Leiðbeina nemendum í rannsóknarverkefnum
- Taka virkan þátt í störfum deildar eftir því sem þörf krefur

**HÆFNISKRÖFUR**
- Doktorspróf í kynbótafræðum (stofnerfðafræði)
- Háskólapróf í búvísindum
- Þekking og ræktun búfjár og nytjaplantna á norðlægum slóðum
- Reynsla af kennslu, ásamt getu og vilja til fjölbreyttrar þekkingarmiðlunar á fræðasviðinu
- Skýr framtíðarsýn varðandi rannsóknir og þróun fræðasviðsins
- Geta til að vinna sjálfstætt og sem hluti af hóp
- Samstarfshæfni og lipurð í samskiptum

**FREKARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ**
- Guðmunda Smáradóttir **gudmunda@lbhi.is**
- Þóroddur Sveinsson **thorodd@lbhi.is**

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 21.03.2022**

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert. Starfshlutfall er 100%

Sótt er um á starfatorg.is

**LBHI.IS • 433 5000**



**UMSÓKNARFRESTUR: TIL OG MEÐ 21.MARS '22**

**Hlutverk Landbúnaðarháskóla Íslands er að skapa og miðla þekkingu á sviði sjálfbærrar nýtingar auðlinda, umhverfis, skipulags og matvælaframleiðslu á Norðurslóðum**



# Ertu klár í alþjóðasamskiptum?

Matvælaráðuneytið er öflugt ráðuneyti þar sem mætast málaflokkar sjávarútvegs, landbúnaðar, fiskeldis, matvæla, landgræðslu og skógræktar. Í starfi ráðuneytisins er áhersla lögð á sjálfbærni, jöfnuð og nýsköpun. Á skrifstofu sjávarútvegs er góð liðsheild og starfsmenn vinna að því skapa sjávarútvegi skilvirkt og ábyrgt starfsumhverfi. Skrifstofan fer með þjóðhagslega mikilvæg verkefni í alþjóðastarfi og annast gerð og framkvæmd fiskveiðisamninga við aðrar þjóðir.

Matvælaráðuneytið leitar að öflugum einstaklingi til að hafa forystu í alþjóðastarfi á sviði sjávarútvegsmála. Við leitum að starfsmanni til að vera í fyrirsvari og leiða sendinefndir sem vinna að gerð fiskveiðisamninga við fiskveiðiþjóðir, einkum í Norður-Atlantshafi.

**Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur burði og þrautseigju til að takast á við krefjandi samningagerð þar sem miklir hagsmunir eru í húfi. Nýr starfsmaður þarf að búa yfir skapandi hugsun, krafti og getu til að ná árangri. Hann þarf að hafa hæfni til að vera í forystu í alþjóðastarfi, verja stefnu og hagsmuni Íslands og ná árangri við samningaborðið.**

**Hæfnikröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, svo sem alþjóðasamskipti, lögfræði, hagfræði, stjórnmálafræði, sjávarútvegsfræði, verkfræði eða samningatækni. Framhaldsmenntun er skilyrði.
- Afburða hæfni til að tjá sig og eiga samskipti í ræðu og riti á íslensku og ensku,
- Metnaður, lausnamiðuð hugsun og góð skipulagshæfni.
- Mjög góð greiningahæfni.
- Reynsla af alþjóðlegu samstarfi er kostur.
- Reynsla af samningaviðræðum er kostur.
- Hæfni í norsku, dönsku eða sænsku er kostur.
- Þekking á sjávarútvegi er kostur.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur.

Laun samkvæmt kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Umsóknum þarf að fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá á íslensku ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur um auglýsingar lausra starfa nr. 1000/2019. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Öllum umsóknum verður svarað þegar tekin hefur verið ákvörðun um ráðningu. Starfshlutfall er 100%.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir, skrifstofustjóri sjávarútvegs, **aslaug.holmgeirsdottir@mar.is** eða **545-9700**. Umsóknarfrestur er til og með **28. febrúar 2022**. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

**Allar nánari upplýsingar á www.starfatorg.is**

**Stjórnarráð Íslands**
Matvælaráðuneytið

Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

# Verkefnastjóri fjármála

**Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu verkefnastjóra á skrifstofu fjármála og rekstrar lausa til umsóknar.**

Verkefnastjóri sinnir fjármála- og rekstrartengdum verkefnum í samvinnu við fjármálastjóra og samstarfsmenn á skrifstofu sviðsins. Hann tekur jafnframt þátt í teymisvinnu við stefnumótun er varðar rekstur sviðsins og veitir stjórnendum ráðgjöf í fjármála- og rekstrartengdum verkefnum.

Á meðal helstu verkefna eru þátttaka í fjármála- og rekstrartengdum verkefnum þvert á sviðið, m.a. tengdum fjárhagsáætlun, uppgjörum, greiningum og öðrum fjármálatengdum verkefnum sviðsins. Verkefnastjóri veitir jafnframt stuðning við afgreiðslu menningarstyrkja, tekur þátt í þróun og utanumhaldi á samhæfðu árangursmati (BSC), vinnur mánaðarleg og ársfjórðungsleg uppgjör og sinnir utanumhaldi með áætlunar- og launakerfi.

**Starfið krefst:**
- Háskólamenntunar á sviði fjármála. Tengd framhaldsmenntun er kostur.
- Reynslu af fjármálatengdum störfum, m.a. rekstrar- og uppgjörsvinnu.
- Þekkingar og reynslu af áætlana-, launa- og bókhaldskerfum.
- Reynslu af greiningarvinnu og skýrsluskrifum ásamt hæfni til úrvinnslu og framsetningu flókinna upplýsinga.
- Mjög góðrar tölvukunnáttu og mikillar færni í Excel ásamt færni í helstu skrifstofuforritum.
- Skipulagsfærni og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða auk mikillar samskiptafærni.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags.
Um er að ræða fullt starf.

Nánari upplýsingar veitir: Huld Ingimarsdóttir, skrifstofustjóri fjármála og rekstrar á menningar- og ferðamálasviði, huld.ingimarsdottir@reykjavik.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar nk.**
Umsóknir skulu sendar í gegnum vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf.

Vakin er athygli á að umsóknum skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjendur gera grein fyrir hæfni sinni í umrætt starf með hliðsjón af hæfniskröfum.

**Hlutverk menningar- og ferðamálasviðs er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála Reykjavíkurborgar, s.s. með með rekstri menningarstofnanna, viðburða- og hátíðahaldi og margvíslegu samstarfi við lista og menningarlífið. Sviðið er leiðandi í markaðssetningu á Reykjavík sem áfangastað í samvinnu við aðila innan ferðaþjónustunnar.**



Erum við
að leita
**að þér?**



Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF



# VIÐSKIPTASTJÓRI RANNSÓKNARVARA Á HEILBRIGÐISSVIÐI

ICEPHARMA LEITAR AÐ SÖLUDRIFNUM OG METNAÐARFULLUM LIÐSMANNI TIL AÐ SINNA FJÖLBREYTTU OG KREFJANDI STARFI

## HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- Markaðssetning og sala á rannsóknarvörum með kynningum, fræðslu og eftirfylgni
- Myndun viðskiptatengsla og heimsóknir til viðskiptavina
- Þátttaka í útboðum og verðfyrirspurnum
- Samskipti við erlenda birgja
- Markaðsgreiningar og áætlanagerð
- Gerð auglýsinga og markaðsefnis

## HÆFNISKRÖFUR:

- Menntun á sviði heilbrigðisvísinda, t.a.m. lífeindafræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölu- og markaðsstarfi á rannsóknar- eða heilbrigðisvörum
- Starfsreynsla af rannsóknarstofum er kostur
- Mikill drifkraftur og frumkvæði
- Jákvæðni og framúrskarandi færni í tengslamyndun og mannlegum/rafrænum samskiptum
- Fagleg og sjálfstæð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hjörtur Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðissviðs Icepharma, hjorturg@icepharma.is. Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt kynningarbréfi sem lýsir hæfni umsækjanda til að gegna starfinu. **Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar 2022.** Við hvetjum hæfileikaríkt fólk til að sækja um, óháð kyni. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og í samræmi við lög um meðferð persónuupplýsinga.

icepharma

Icepharma er í fararbroddi á íslenskum heilbrigðis- og neytendamarkaði. Kjarninn í starfsemi okkar er að auka lífsgæði með öflugu framboði af heilsueflandi vörum. Hjá fyrirtækinu starfa um 80 manns við sölu og markaðssetningu, sérfræðiráðgjöf og þjónustu. Við leggjum áherslu á metnað, frumkvæði, gleði og svigrúm starfsfólks til að vaxa og þróast í starfi.

ósar

**Sótt er um starfið á ráðningarvef Icepharma: www.icepharma.is / Um Icepharma / Atvinna**




TORG

# SÖLU- OG MARKAÐSRÁÐGJAFI ÓSKAST!

**AUGLÝSINGADEILD TORGS ÓSKAR EFTIR SÖLU- OG MARKAÐSRÁÐGJAFA Á STÆRSTA PRENTMIÐIL LANDSINS.**

### Helstu kröfur

- Reynsla af sölu- og markaðsráðgjöf í fjölmiðlum æskileg.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Sjálfstæði í starfi og geta unnið í hópi.
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Sveigjanleiki og frumkvæði í starfi.
- Góð laun í boði.

**Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á: solufulltrui@torg.is**

**Umsóknarfrestur til og með 15. febrúar 2022.**
**Stefnt er að því að umsækjandi hefji störf hið fyrsta.**

FRÉTTABLAÐIÐ MARKAÐURINN HRINGBRAUT FRÉTTABLAÐIÐ.IS DV

MAST Matvælastofnun

## Stuðningsgreiðslur við dýralækna þjónustu á Vestfjörðum

**Samningar lausir til umsóknar**

Matvælastofnun auglýsir eftir sjálfstætt starfandi dýralæknum til að taka að sér almenna dýralæknaþjónustu og bráðaþjónustu á Vestfjörðum. Markmiðið er að tryggja dýraeigendum nauðsynlega almenna þjónustu og bráðaþjónustu við dýr á landssvæðum þar sem fjöldi dýra er takmarkaður og/eða verkefni dýralækna af skornum skammti, sbr. 13. gr. laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Starfið felur í sér að gegna dýralæknisþjónustu fyrir búfé og gæludýr á Vestfjörðum og að taka að sér tiltekin störf fyrir Matvælastofnun. Gerðir verða tveir samningar, annars vegar þjónustusamningur og hins vegar verkkaupasamningur, hvoru tveggja eru verktakasamningar við Matvælastofnun. Almennri dýralæknaþjónustu tilheyrir einnig að standa vaktir kvöld, nætur og helgidaga, en að tilteknu hámarki.

Auglýstur þjónustusamningur er gerður til fimm ára og gildir til og með 1. júní 2027. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar www.mast.is.

Nánari upplýsingar um dýralæknaþjónustuna veitir Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir sigurborg.dadadottir@mast.is og í síma 530 4800.

Umsóknir skulu sendar í tölvupósti á netfangið starf@mast.is merktar "Dýralæknir – þjónustusvæði 3".
**Umsóknarfrestur er til og með 3. mars 2022.**
Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og afrit af prófskírteinum, ef við á, ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar, hvernig samstarfi umsækjandi hyggst koma á við aðra dýralækna og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

## ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Gufunesvegur 17 - Endurnýjun glugga, þaks og steypuviðgerðir,** útboð 15420
- **Ingunnarskóli - Klæðning útveggja, 2. áfangi,** útboð 15424

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1111
Netfang: utbod@reykjavik.is


# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is


## ÚTBOÐ

**HNOÐRAHOLT – 1. ÁFANGI - GATNAGERÐ OG LAGNIR**

Garðabær óskar eftir tilboðum í verkið:
**Hnoðraholt – 1.áfangi -Gatnagerð og lagnir**

Verkið innifelur uppbyggingu gatna og veitna fyrir nýtt hverfi í Garðabæ. Heildarlengd gatna er um 2.600 m.

Verkið felst í nýbyggingu gatna, bílastæða, stíga og gangstétta. Einnig innifelur verkið alla vinnu við lagnir veitufyrirtækja í verkinu.

Útboðsgögn er hægt að nálgast á vef Garðabæjar, gardabaer.is.

Tilboð verða opnuð með rafrænum hætti hjá Eflu hf, Lynghálsi 4, miðvikudaginn 16. mars 2022, klukkan 14.00.

GARÐABÆR
gardabaer.is


job
Finnum draumastarfið saman

Erum við
að leita **að þér?**






# Tilkynning um kosningu ríkisendurskoðanda

Forsætisnefnd Alþingis mun eigi síðar en í maí nk. gera tillögu til Alþingis um einstakling til að gegna embætti ríkisendurskoðanda og verður hann kjörinn á þingfundi, sbr. 2. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Alþingi kýs ríkisendurskoðanda til sex ára í senn, en heimilt er að endurkjósa sama einstakling einu sinni.

Ríkisendurskoðandi starfar á vegum Alþingis.

Hann er trúnaðarmaður þess og ábyrgur gagnvart því við endurskoðun og eftirlit með rekstri og fjármálum ríkisins. Ríkisendurskoðandi skal hafa þekkingu á reikningsskilum og ríkisrekstri auk stjórnunarreynslu. Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar.

Ríkisendurskoðandi er sjálfstæður og engum háður í störfum sínum og ákveður sjálfur hvernig hann sinnir hlutverki sínu samkvæmt lögum um embættið.

Þeir sem áhuga kunna að hafa á að gegna embættinu, og uppfylla áðurgreind skilyrði, skulu senda forsætisnefnd Alþingis erindi þar um ásamt ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf. Einnig geta þeir sem vilja koma með ábendingar um einstaklinga í embættið komið slíku á framfæri við forsætisnefnd.

Erindi skulu berast forsætisnefnd bréflega eða með rafrænum hætti á netfangið: kosningrikisendurskodanda@althingi.is, **fyrir miðnætti laugardaginn 5. mars nk.**

Áhugasamir einstaklingar eru hvattir til að senda forsætisnefnd erindi um efnið.

Forsætisnefnd Alþingis ákveður samkvæmt lögum laun ríkisendurskoðanda.

Forsætisnefnd Alþingis,
Alþingishúsinu við Austurvöll.

# MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090

Hreiðar Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 661 6021

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000

Ómar Hvanndal
hdl. & aðst. fasteignas
Sími: 832 3200

Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339

Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500

Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958

2015 2021
Framúrskarandi fyrirtæki



Þóroddur S. Skapta
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508

Svan G. Guðlaugsson
„Önnur amman kemur yfirleitt þegar við ljósmæðurnar erum að fara og er með móður og barni fyrstu sólarhringana, mamman er kölluð „mamm“, en amman „mammi“. Það er svo vel hugsað um konurnar eftir fæðingu að þegar við komum í vitjun á þriðja degi eru mæðurnar yfirleitt ekki einu sinni búnar að skipta á barninu sínu sjálfar. Það eru því sérstök fyrirmæli til þeirra fyrir fyrstu vitjun að vera búnar að fá upplýsingar frá ömmunni eða þeim sem eru til aðstoðar um hvað barnið er búið að pissa og kúka oft.“

Aðspurð segir Kristbjörg feðurna vera hjálplega og virka í fæðingunni. „Þeir taka börnin ef þörf er á eftir fæðinguna en mér fannst skrítið að



Hestvagninn bíður fyrir utan klíníkina á meðan á mæðraskoðun stendur.

ég þurfti að klæða börnin, það gerðu þeir ekki.“

### Rafmagnsleysið algert

Kristbjörg segir að sér hafi verið vel tekið innan Amish-samfélagsins þar sem henni leið vel. Þegar hún er beðin að lýsa heimilunum sem hún kom inn á nefnir hún fyrst rafmagnsleysið sem er algert í samfélagi Old Order Amish.

„Á flestum heimilum er stór viðarofn sem kyndir húsin en á meðan ég var þarna var allt niður í 10 stiga frost. Það var mismikil kynding í húsunum og oft kalt inni á baðherbergjunum. Það kom fyrir að maður sá kerti en allir eru með vasaljós í vasanum. Það var gott að geta notað ljósið frá símanum þegar maður labbaði út í bíl um miðjar nætur enda ekkert ljós. Heimili eru stundum nokkur um einn síma, sem eru þá í sérstökum skúr eða „phone shanty“ eða að heimili sé með sinn skúr. Einstaka eru með síma inni á heimilinu. Þau eru með ísskápa og frystikistur sem ganga fyrir gasi og gamaldags opnar þvottavélar sem ég er ekki viss um fyrir hverju ganga.“

### Allir vakna klukkan fjögur

Aðspurð segist hún aldrei hafa gengið eins mikið í kjól og þessar þrjár vikur en segir það í raun hafa verið einu leiðbeiningarnar sem hún fékk áður en hún fór inn á svæðið, að það væri betra ef hún væri í pilsi eða kjól.

„Ég hef sjálf alltaf reynt að vera fordómalaus og kona í fæðingu er kona í fæðingu,“ segir Kristbjörg en munurinn liggur í ýmsu öðru.

„Unga fólkið er bara í námi út áttunda bekk og fer þá að vinna og hjálpa til innan og utan heimilis. Stór hluti er með einhvers konar búskap, ræktar maís, tóbak og fleira. Klukkan fjögur á nóttunni, þegar okkur finnst vera mið nótt, er fólkið að vakna. Eitt sinn kíktum


Amish-hlaupahjólin eru sérstök með þessi stóru dekk.


Hér má sjá svokallaðan símaklefa við eitt heimilanna auk þvottar á snúru sem sést við öll heimili.


Stúlkukappar í minnstu stærðunum til sölu í Amish-verslun.

við á konu um miðja nótt sem var að fara af stað í fæðingu og hún sagði: „Klukkan að verða fjögur, jæja, nú fara börnin að vakna,“ rifjar hún upp og segist auðvitað hafa verið steinhissa. „En þau fara snemma að sofa.“

**Hestvagnar eða hlaupahjól**

Kristbjörg segir konurnar hafa verið kornungar. „Þær eru að giftast í kringum 19 ára og eru kannski að eignast fjórða barn 26-27 ára gamlar. Það er „wedding season“, eftir uppskeru í október, nóvember. Þau fara á „courting“ þegar þau eru komin með aldur,“ segir Kristbjörg en þá fá þau að kynnast hinu kyninu og velja sér maka.

„Amish-fólkið keyrir ekki sjálft, en er tilbúið til að borga einhverjum fyrir að keyra sig eða ferðast á hestvögnum eða sérstökum Amish-hlaupahjólum sem eru með extra stórum dekkjum. Þau sem eru ógift mega ekki ferðast í lokuðum hestvagni því það þarf að sjást í þau. Börnin eru alveg ofboðslega kurteis og vel upp alin og augljóst að þau hjálpa hvert öðru og innan heimilisins.“

Þótt Amish-fólkið loki sig af innan síns samfélags fær unga fólkið að kynnast lífinu annars staðar. „Þegar þau eru 16 ára fara þau í það sem þau kalla „rumspringa“ og fara út af heimilinu í upp undir ár til að kynnast heiminum og fá að vera unglingar. Flestir koma aftur.“

**Allir tvítyngdir**

Kristbjörg bendir jafnframt á að allir séu tvítyngdir, tali bæði „Pennsylvania Dutch“, sem er í raun þýska en þó þeirra mállýska, og svo læra þau ensku í skóla.

„Börnin fara ekki í leikskóla heldur eru bara inni á heimilinu þangað til í fyrsta bekk grunnskóla. Skólarnir eru bara eitt herbergi sem kallað er „One-room schoolhouse“. Konurnar eru oft með börnin lengi á brjósti, oft eitt ár, jafnvel lengur. Sumar eiga þá kjóla með smellum að framan fyrir brjóstagjöf en aðrar festa þá saman með títuprjónum. Svuntan er alltaf fest með títuprjónum. Þarna eru nokkrar litlar verslanir, auk búðar á býli, þar eru auðvitað engin rafmagnsljós, en til sölu eru til dæmis efni, prjónar í hárið, enda konurnar alltaf með sérstakan snúð, eldhúsvörur, hvítir kappar allt niður í stærðir fyrir nýfædda, en börnin eru klædd í svipuð föt og fullorðna fólkið. Nýburar eru oftast í kjólum en börnin eru svo komin í hefðbundin föt í kringum eins árs.“

> ”
> **Amish-konurnar vilja sjaldnast að eldri börn þeirra viti að þær séu að fara að fæða barn, né að barn sé á leiðinni, svo stundum koma þær á klíníkina til að fæða.**

**Flestar getnaðarvarnir bannaðar**

Kristbjörg er aftur á leið út í næsta mánuði og segist hlakka til að sjá margar þessara kvenna í sex vikna skoðuninni.

„Mér er sagt að þegar maður er einu sinni búinn að fara geti maður ekki hætt – fari alltaf aftur.“

Aðspurð hvað hún hafi helst lært á veru sinni svarar Kristbjörg: „Ég lærði æðruleysi. Ég sjálf hef svo sem aldrei haft miklar áhyggjur af því að konur eigi mörg börn, en meðal heilbrigðisstarfsfólks er algengt að hafa áhyggjur af konum í fæðingu sem eru búnar að fæða mörg börn. Þarna úti hlotnaðist mér sá heiður að vera tvisvar viðstödd þegar tíunda barn fæddist og þetta er alltaf eins.“

Flestar getnaðarvarnir eru bannaðar hjá Amish-fólkinu en Kristbjörg segir Diane hjálpa konunum töluvert með að reikna út tíðahringinn, fylgjast með slími við legháls og útvega þeim hettuna og sæðisdrepandi krem.

„Konurnar vilja kannski geta stjórnað betur hversu langt er á milli barna,“ segir Kristbjörg, sem fannst lífið í Amish-samfélaginu minna öðruvísi en hún bjóst við. ■




# Nú er alvöru hljóð á bókasafninu



Haraldur Ernir Haraldsson, umsjónarmaður hljóðversins, og Unnar Geir Unnarsson, deildarstjóri yfir bókasafninu í Úlfarsárdal. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Það hljóp á snærið hjá íbúum í Úlfarsárdal fyrir jól, þegar nýtt bókasafn og sundlaug voru opnuð í hverfinu um miðjan desember. Nú hefur nýtt upptökuhljóðver verið tekið í gagnið á bókasafninu og er það aðgengilegt öllum handhöfum bókasafnsskírteinis Borgarbókasafnsins, án endurgjalds.**



**Nína Richter**
ninarichter
@frettabladid.is

Nýtt bókasafn í nýju hverfi í Úlfarsárdal býður upp á fjölbreytta þjónustu og lengri opnunartíma en gerist og gengur. Þar sem safnið er í sama húsnæði og sundlaugin er opnunartíminn frá hálf sjö á morgnana til tíu á kvöldin. „Þetta er nýbreytni og við bjóðum upp á sjálfsafgreiðsluvélar. Þetta er fyrsta skrefið í sjálfsþjónustusöfnum hjá Borgarbókasafninu, sem er framtíðarsinfónía sem okkur langar að spila í framtíðinni,“ segir Unnar Geir Unnarsson, sem starfar sem deildarstjóri yfir bókasafninu.

Aðspurður hvort enginn sé þá eftir til að sussa á háværa bókasafnsgesti, þegar vélbúnaður hefur tekið við, svarar Unnar Geir að það sé mikill misskilningur að ekki megi hafa gaman á bókasafninu. „Við erum ekkert að sussa á fólk, það skemmir ekkert bækurnar að það sé gleði og hamingja í kringum þær!“

**Eitt besta stúdíó sem borgin á**

Unnar Geir segir að á bókasafninu sé sérhannað upptökustúdíó. Upptökurýmið sé herbergi inni í herbergi, þannig sé hljóðupptaka óháð annarri umgengni í húsinu.

„Þetta rými er hannað frá grunni sem stúdíó og þar er nægt rými fyrir meðalstóra hljómsveit,“ segir hann. „Ég get sagt að þetta er eitt fullkomnasta stúdíó sem Reykjavíkurborg er með á sínum vegum.“

Opnað var fyrir bókanir í stúdíóinu á mánudag og segir Unnar Geir að viðtökurnar hafi verið mjög góðar, sér í lagi miðað við að kynning á aðstöðunni sé varla hafin. „Strax eru að detta inn pantanir, meira en við héldum. Þetta er fólk á öllum aldri. Fólk sem hefur verið heima að gera eitthvað en ekki haft rými eða græjur til að fara eitthvað lengra með sína sköpun.“

**Miðaldra karlmenn í fókus**

„Svo er svona einn hópur sem við erum svolítið skotin í og það eru miðaldra karlmenn,“ segir Unnar Geir. „Það er nefnilega markhópur sem bókasafnið hefur ekki alveg náð í. Meirihlutinn af gestunum okkar eru konur á öllum aldri og unglingar, en svo missum við karlana eftir fjórtán til fimmtán ára.“ Hann segir karlana síðan koma inn seinna, þegar þeir hafa stofnað fjölskyldu, en þeir séu ekki endilega að koma sem virkir þátttakendur.

Spurður um ástæðuna segir Unnar Geir: „Við höfum svolítið verið að rýna okkar starf. Við þurfum að skoða viðburðahald og safnkostinn í minnsta lagi með kynjagleraugunum og hinsegin gleraugunum.“ Niðurstöður hafi bent til þess að þessi hópur sé út undan og Unnar Geir segir að bókasöfnin hafi því reynt að leggja áherslu á að fá karlana líka inn.

Hann segir að eitt af því sem bókasöfnin bjóði upp á, og fólk sé að fatta núna, sé að bókasöfnin séu þriðja rýmið. Sé fyrsta rýmið heimilið og annað rýmið vinnan. „Það vantar félagslega staðinn, bókasöfnin eru það og sundlaugin kannski líka. Það er svo mikil snilld í þessu húsi hér að það er búið að sameina sundlaugina og bókasafnið.

Bæði við sjálf erum að fatta þetta hlutverk okkar og gestirnir okkar.“

**Bókasafnið alltaf hlutlaus staður**

*Bókasafnið er þá ekki bara bókasafn lengur heldur líka menningarhús. Er það stefnan hjá öllum söfnunum að bókasafnið sé meira en bókasafn?*

„Það byrjaði svolítið þegar Menningarmiðstöðin í Gerðubergi og Borgarbókasafnið voru sameinuð. Þá byrjaði þessi hugsun,“ segir Unnar Geir. „Af því að bókasöfnin voru með alls konar viðburðahald og dagskrá í gangi, en voru kannski ekki að blása í lúðra og láta vita af því.“

Hann segir að gestir sem þegar hafi mætt á bókasafnið hafi þá helst verið þeir sem sóttu viðburðina. En með breyttum áherslum hafi hverju og einu bókasafni tekist að finna sína sérstöðu. „Þetta fer svolítið eftir því hvaða fólk býr í hverfinu, hvað þú býður upp á og hvað er vinsælt og hvað það er sem fólk vill sækja.“

Unnar Geir segir sérstöðuna skapast með samtalinu. „Í Gerðubergi er meira fyrir unglinga og í Spönginni eru fleiri prjónaklúbbar. Þetta fer svolítið eftir því hverjir sækja safnið.“ Hann segir tilfinninguna mjög gefandi. „Þó að við séum borgin og fólk hafi alls konar hugmyndir um borgina, þá er bókasafnið alltaf hlutlaus staður. Þetta er bara bókasafnið þitt.“

**Fullbúið tölvuleikjaver í boði**

Unnar Geir segir safnið einnig vera með tölvuleikjaver, sem er nýbreytni á söfnum borgarinnar. „Þá geturðu komið inn og ef þú átt aðgang að tölvuleikjaveitum geturðu komið og spilað tölvuleiki. Eða þá að við kaupum aðgang og þú getur þá spilað tvo eða þrjá leiki, sem við síðan skiptum út reglulega,“ útskýrir hann. Hann segir að tölvuleikjaverið sé starfrækt í samstarfi við félagsmiðstöðina Fellið sem er staðsett í húsinu. „Þau voru nýbúin að fá styrk til að kaupa tölvuleikjatölvur, alveg niður í stólana – allt fyrir tölvuleikina. Þetta eru sex tölvur sem eru sérhannaðar fyrir það.“ Að auki sé safnið líka með tölvukost sem felur í sér hefðbundnari heimilistölvur. „Ef á heimilum er ekki til tölva eða ekki til peningur til að kaupa áskrift að þessum tölvuleikjaveitum, þá getur fólk komið hingað.“

**Fólk á öllum aldri velkomið**

Haraldur Ernir Haraldsson er umsjónarmaður hljóðupptökuversins. Hann segir að til að byrja með sé þjónustan opin tvo daga í viku, mánudaga og þriðjudaga, frá klukkan þrjú til sjö.

„Við ætlum að byrja á að sjá hvernig eftirspurnin er og hugsanlega bæta laugardegi inn í þetta, svo að fólk sem er fast í vinnu eigi séns á að koma.“

Haraldur Ernir segir að hægt sé að panta tíma í hljóðverinu á vef bókasafnsins, tvo eða fjóra tíma í senn. „Þú getur mætt hingað með hljóðfærið, en annars eru einhver hljóðfæri á staðnum. Svo er ég hérna innan seilingar ef það vantar einhverja aðstoð,“ segir hann. „Ég get verið með fólkinu allan tímann, ef það vantar hjálp. Ég get hleypt þeim inn og komið þessu í gang.“

Aðspurður um aldurstakmark í þjónustuna segir hann svo ekki vera, en æskilegt sé að ungir krakkar séu í fylgd með fullorðnum. „Allir geta mætt. Það er nóg að vera með bókasafnskort.“

Að sögn Haraldar Ernis má taka upp fleira en tónlist. „Það er hægt að taka upp hlaðvarp, YouTube-vídeó eða bara hvað sem er. Svo lengi sem það passar inn um dyrnar, þá er hægt að taka það upp,“ segir hann. „Einnig er hægt að taka bara ekkert upp, og taka í staðinn smá tónlistardjamm. Til dæmis gömul hljómsveit sem vill taka æfingu en á ekki lengur hljóðfæri, eða hefur ekki aðstöðu. Eða ung bönd með léleg hljóðfæri eða aðstöðu. Eða ef þú vilt hlusta á lag sem þú varst að vinna heima, í góðum græjum.“ ■

> ” Það skemmir ekkert bækurnar að það sé gleði og hamingja í kringum þær.
>
> Unnar Geir

### Búnaðurinn í hljóðverinu

- Mac Mini M1 með 16GB ram. Logic Pro X, Fabfilter FX Bundle, Izotope Elements og Arturia Analog Lab.
- Apogee Ensemble hljóðkort.
- Yamaha HS7 hátalarar og Yamaha HS 8S bassabox.
- Beyerdynamic DT1990 PRO heyrnartól.
- Behringer PolyD hljómgervill og Arturia KeyLab 88 MIDI hljómborð.
- Fender Stratocaster og Fender P Bass.
- Ampeg Rocket 110 bassamagnari.
- Axe FX FM3 gítarmagnara „eftirherma“ sem spilar öll rafmagnsgítarhljóð sögunnar.
- Úrval af hljóðnemum. Þar á meðal Røde NT2, Sennheiser MD 421, Slate ML 1 og Slate ML 2.



Hljóðverið er í tveimur herbergjum og þar má meðal annars finna 24 rása mixer. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Að sögn umsjónarmanns hljóðversins er húsið byggt með starfsemina í huga og því hefur önnur umgengni í húsinu ekki áhrif á vinnu fólks í hljóðverinu.



Hljóðverið er búið hljóðfærum og fullkomnum tæknibúnaði en að auki er fólki velkomið að koma með sín eigin hljóðfæri.


GOÐI
ELD
STAFIR
ÞURRVERKUÐ
SNAKKPYLSA
Góður ferðabiti
ELD
STAFIR
SALAMI STICKS
GOÐI
ÞURR
VERKUÐ
SNAKK
Nettóþyngd
200 g



Elskulegur frændi okkar og kær vinur,

**Ólafur Benediktsson**

Sólheimum, Grímsnesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi, fimmtudaginn 3. febrúar sl. Útförin fer fram frá Neskirkju í Reykjavík mánudaginn 14. febrúar kl. 13.00.

Hlekk á streymi má nálgast á: www.mbl.is/andlat

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Helgi H. Steingrímsson**



Ástkær eiginmaður minn, faðir og fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Birgir Brynjólfsson**
**Fjalli**

ævintýramaður, vélstjóri og fjallakönnuður,

lést á Landakotsspítala miðvikudaginn 19. janúar eftir langvinn veikindi. Bálför fer fram frá Fossvogskirkju, mánudaginn 14. febrúar kl. 13.00. Allir hjartanlega velkomnir.

**Victoria Björk Vilhjálmsdóttir**
**Brynja Birgisdóttir**
**Anna María Birgisdóttir** **Jóhann Gíslason**
**Arnar Þór Haraldsson** **Anna Caroline Wagner**
**Birgir Örn Ragnarsson** **Metta Sang-Ngam**
**Margrét Tanja Ragnarsdóttir** **Hrannar Hólm Sigrúnarson**
**Anna Lilja Victoríudóttir** **Stefán Máni Sigþórsson**
**Aron Ágúst Birgisson**
**Elín Ösp Axelsdóttir** **Carlos Friðrik Sanchez**
**Vilhjálmur Ragnarsson** **Ólöf Þuríður Pétursdóttir**
**Þórður Alexander, Úlfur Júlíusson**
**Guðbjörg Inga Axelsdóttir**
**og barnabarnabörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • AUÐBREKKA 1, KÓPAVOGI
ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS Síðan 1996

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar sé þess óskað



Jóhanna Eiríksdóttir



Sverrir Einarsson



Jón G. Bjarnason

Alúð • Virðing • Traust • Reynsla

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

*Útfararþjónusta í yfir 70 ár*



ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi*

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | **utfor.is**
VIÐ ÞJÓNUM **ALLAN SÓLARHRINGINN**



Birgir Óli Snorrason, sigurvegari Reykjavíkurleikanna 2022. MYND/SIGURÐUR ÓLAFUR SIGURÐSSON

# Upp í mót í tuttugu ár

Klifurfélag Reykjavíkur fagnar tuttugu ára stórafmæli nú um helgina. Hilmar Ingimundarson, formaður félagsins, hefur stundað klettaklifur í um þrjátíu ár og verið hluti af félaginu frá upphafsdögum þess.

arnartomas@frettabladid.is

„Ég held að það sé félagsskapurinn sem dregur fólk að og svo er þetta auðvitað líka bara skemmtileg hreyfing,“ segir hann, aðspurður um hvað dregur fólk í klifur. „Þetta er rosalega fjölbreytt áhugamál þar sem þú getur verið bæði inni og úti að æfa og er líka fullt af áskorunum. Hver þraut er einstök og það getur verið mjög gefandi að leysa þær.“

Klifur sem keppnisgrein er tiltölulega ung, en fyrsta heimsmeistaramótið var haldið í Frankfurt árið 1991. Á Íslandi voru margir sterkir klifrarar sem höfðu hug á því að keppa erlendis og úr varð að Sportklifurfélag Reykjavíkur var stofnað árið 1994 svo hægt væri að skrá keppendur á stórmót og að skipuleggja keppnismót hérlendis.

Fyrsta íslenska æfingaaðstaðan, Vektor, var svo opnuð árið 1997 og var rekin í Borgartúni, þar til Klifurfélag Reykjavíkur var stofnað, sem tók utan um reksturinn. Hilmar hefur stundað klettaklifur víðs vegar um heiminn, en segir að klifursamfélagið á Íslandi sé á vissan hátt einstakt.



Hilmar hefur stundað klettaklifur í um þrjátíu ár. MYND/AÐSEND

„Hópurinn hérna á Íslandi er mjög samheldinn og við dveljum mikið innandyra, enda getum við ekki verið úti nema nokkra mánuði á ári,“ segir hann. „Við erum ansi háð veðuröflunum svo það er mikilvægt að við eigum góða innanhússaðstöðu.“

> ” Hver þraut er einstök og það getur verið mjög gefandi að leysa þær.

**Fjórði fasinn**

Í tilefni stórafmælisins verður afmælisdagskrá í boði fyrir meðlimi félagsins og velunnara þess í Klifurhúsinu í dag. Þar munu gestir geta fylgst með bestu klifrurum félagsins leika listir sínar yfir kökum og kaffi. Hilmar segir miklar vendingar væntanlegar í Klifurhúsinu, tengdar því sem hann kallar „fjórða fasann“.

„Við höfum verið á þremur stöðum til þessa og erum nú að undirbúa okkur fyrir þann fjórða,“ segir hann og bætir við að nýtt húsnæði muni bjóða upp á betri og skemmtilegri æfingaaðstöðu. „Markhópurinn stækkar, aðgengi fyrir almenning verður betra og æfingaaðstaðan fyrir afreksfólkið okkar líka,“ segir hann. „Við sjáum líka fram á að geta hlúð mun betur að æskulýðsstarfinu okkar.“

Dagskráin í Klifurhúsinu hefst klukkan 14 á sunnudag og er áhugasömum bent á að kynna sér starfsemi félagsins frekar á heimasíðu Klifurhússins. ■



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ragna Pálsdóttir**

Sólvangsvegi 1,

lést á Sólvangi 22. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks Sólvangs Hvaleyri, fyrir góða umönnun og hlýju.

**Ingvar Gunnarsson** **Guðrún Soffía Guðnadóttir**
**Margrét I. Gunnarsdóttir** **Sævar Stefánsson**
**Álfheiður Gunnarsdóttir** **Hamdi Oubaida**
**Páll Gunnarson** **Siriluk Gunnarsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

**Ólafur Guðmundsson**

lést á Droplaugarstöðum 14. janúar. Útför fer fram frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 15. febrúar, kl. 13.00.

**Kristján Sigurmundsson**



**Ólafur Baldvinsson**

útgerðarmaður og listamaður frá Kljáströnd,

lést á hjúkrunarheimilinu Grenilundi, Grenivík, 7. febrúar sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Vinir hins látna**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug, við andlát og jarðarför okkar ástkæru sambýliskonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Huldu Baldvinsdóttur**

Hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð, áður til heimilis í Melateig 37, Akureyri.

**Þorsteinn Marinósson**
**Lísa Björk Sigurðardóttir**
**Rósa María Björnsdóttir** **Gylfi Pálsson**
**Jón Björnsson** **Hrönn Vignisdóttir**
**Davíð Björnsson** **Gauja Jónasdóttir**
**Auður Hafdís Björnsdóttir** **Ari Þórðarson**
**Héðinn Björnsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



Nýja brautin mun auka aðgengi að skíðabrautum Heiðmerkur til muna. MYND/AÐSEND

# Gönguskíðadagur í Heiðmörk

arnartomas@frettabladid.is

Skógræktarfélag Reykjavíkur og Skíðagöngufélagið Ullur standa að skíðagöngudegi í Heiðmörk í dag, í samstarfi við Fjallakofann og norska sendiráðið. Tilefni dagsins er að vígja nýja gönguskíðabraut sem tengir Hjallahringinn við Elliðavatnsbæinn.

„Skjólið í skóginum hefur sýnt gildi sitt í veðrinu undanfarna daga,“ segir Auður Kjartansdóttir, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur. „Á meðan Hellisheiðin var lokuð í þrjá daga gátu útivistargestir notið skjólsins í Heiðmörk, þar sem á hverjum degi voru um þrjú þúsund manns á gönguskíðum í logninu í skóginum.“

Gönguskíðaleiðin sem vígð verður í dag var lögð síðasta sumar og mun auka aðgengi að skíðabrautum í Heiðmörk.

> **Á meðan Hellisheiðin var lokuð í þrjá daga gátu útivistargestir notið skjólsins í Heiðmörk, þar sem á hverjum degi voru um þrjú þúsund manns á gönguskíðum í logninu í skóginum.**

„Við erum í samstarfi við Reykjavíkurborg um að rutt verði að Elliðavatnsbænum, þar sem leiðin hefst,“ segir hún. „Aðgengi að útivistarsvæðinu í Heiðmörk hefur verið bætt til muna, gönguskíðafólki til mikillar gleði, enda er bílastæðið í þessum töluðu orðum troðfullt. Það er magnað að sjá hvað það eru margir að njóta veðursins og þessa einstaka umhverfis sem skógurinn veitir.“

Í tilefni dagsins verður boðið upp á fjölskyldudagskrá í Heiðmörk í dag, þar sem áhugasömum gefst tækifæri til að prófa gönguskíði. Þá verður einnig vígð gjöf frá norska sendiráðinu, sem Auður lýsir sem eins konar gönguskíðaþrautum til að æfa leikni á skíðunum.

„Þetta er frá Norska skíðasambandinu og er þeirra aðferð til að þróa jafnvægi og leikni á gönguskíðunum,“ segir Auður. „Vonandi getum við farið að státa af Ólympíugulli ef börnin okkar verða nógu flink, og þessi aðstaða hjálpar þar til.“

Auður hvetur fólk til að sækja dagskrána í dag þar sem boðið verður upp á kökur, kaffi, varðeld og fleira. „Þetta er skógarstemning sem við erum að skapa með þessum góðu samstarfsaðilum og er góð leið til að kynnast gönguskíðum.“ ■



Norðurljósadýrðin yfir Heiðmörk á dögunum jók enn fegurð skógarins. MYND/KOLBRÚN DRÖFN RAGNARSDÓTTIR



Auður Kjartansdóttir.

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Magnea Ólöf Jónsdóttir**

lést 5. febrúar á líknardeild Landspítalans.
Útförin fer fram frá Langholtskirkju þann 18. febrúar kl. 15.00.

**Sævar Daníelsson**
**Jökull Sævarsson**
**Íris Sævarsdóttir Erik Robert Qvick**
**Patrik Írisarson Santos**

---



Elskulegur faðir okkar, afi og langafi,

**Þorsteinn Gíslason**

matsveinn,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 6. febrúar.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 17. febrúar kl. 13.00.
Allir hjartanlega velkomnir.

**Ingimar Þorsteinsson**
**Kristín Þorsteinsdóttir**
**Steinar Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Rún Pétursdóttir**

Austurvegi 5, Grindavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð, sunnudaginn 30. janúar.
Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju miðvikudaginn 16. febrúar klukkan 13. Innilegar þakkir til allra, fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýju.
Sérstakar þakkir til starfsfólks Víðihlíðar, fyrir veitta aðstoð og umhyggju.

**Ingólfur Júlíusson**
**Júlíus Pétur Ingólfsson Bryndís Ó. Guðjónsdóttir**
**Emil Helgi Ingólfsson Inga Björk Runólfsdóttir**
**Pálmi Hafþór Ingólfsson Christine Buchholz**
**Sigríður Hildur Ingólfsdóttir Svanur Karl Friðjónsson**
**Bergur Þór Ingólfsson Eva Vala Guðjónsdóttir**
**Ingólfur Rúnar Ingólfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Sædís Geirmundsdóttir**

Skipalóni 24, Hafnarfirði,

lést á Sólvangi sunnudaginn 6. febrúar.
Útför verður auglýst síðar.

**Snæþór Aðalsteinsson**
**Gudmund, Árni Geir, Aðalsteinn Örn og Sólrún**
**tengdabörn og barnabörn.**

---



Eiginkona mín og systir mín,

**Steinunn Guðjónsdóttir**

Safamýri 54,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk 1. febrúar.
Útför hennar fer fram frá Grensáskirkju, mánudaginn 14. febrúar kl. 13.00.

**Birgir Aðalsteinsson og fjölskylda**
**Stefán Ingi Guðjónsson og fjölskylda**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir, frænka og vinkona,

**Svana Ingvaldsdóttir**

rakari og hársnyrtir,

lést á Landspítalanum Hringbraut föstudaginn 4. febrúar.
Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju föstudaginn 18. febrúar kl. 13.
Sérstakar þakkir til starfsmanna gjörgæslunnar, fyrir umönnun og hlýjar móttökur.

Allir hjartanlega velkomnir, engar samkomutakmarkanir eru í gildi, en grímuskylda. Streymi verður auglýst síðar.

**Róbert Ingi Richardsson Ágústa Jónasdóttir**
**Eva Rós Gústavsdóttir Ólafur Magnússon**
**Helga Hafdal Jónsdóttir**
**Snædís Lilja Ólafsdóttir**
**systkini, frændfólk og vinir.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ásta Marí Brekkan Pétursdóttir**

Kjartansgötu 4, Borgarnesi,

lést á hjúkrunarheimilinu Brákarhlíð í Borgarnesi þriðjudaginn 18. janúar.
Útför hennar fer fram frá Borgarneskirkju föstudaginn 18. febrúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarkort Brákarhlíðar.

Útförinni verður einnig streymt á www.kvikborg.is

**Indriði Björnsson**
**Þór Indriðason Luisa Saldana**
**Björn Indriðason Kristjana Hrafnkelsdóttir**
**Guðfinna Indriðadóttir Stefán Gunnar Ármannsson**
**Rúnar Örn Indriðason Helga Indriðadóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



Okkar ástkæra móðurblóm,

**Viktoría Skúladóttir**

garðyrkjufræðingur,

lést 4. febrúar á Hrafnistu, Hafnarfirði.
Útförin fer fram frá Bessastaðakirkju þriðjudaginn 15. febrúar kl. 15.
Allir hjartanlega velkomnir.

**Jens Guðbjörnsson Valgerður Júlíusdóttir**
**Daði Guðbjörnsson Soffía Þorsteinsdóttir**
**Guðbjörn Guðbjörnsson**
**Gunnar Guðbjörnsson Ólöf Breiðfjörð**
**ömmubörn og langömmubörn.**

blómaval

# Valentínusarhelgi



Skannaðu
QR kóðann

**Valentínusarvöndur**

**5.990kr**

Með konfekthjarta og ilmvatns-
prufu á meðan birgðir endast.

## Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu

ef pantað er fyrir kl. 14 á sunnudag.



40%

**Túlípanar**
10 stk.
10000088

**1.490kr**

~~2.490 kr~~



Pottaplöntur

**25-50%**
**afsláttur**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# Fáðu r

## Lausnir á lauga



JOTUN

## Litaráðgjöf alla helgina

Maja Ben veitir litaráðgjöf í Skútuvogi **laugardag og sunnudag kl. 12-15.**



## Parket og flísa-ráðgjöf í dag

Eggert Þorsteinn, vörustjóri og sérfræðingur í parketi og flísum miðlar af áratuga reynslu sinni og hjálpar þér að velja rétta gólfefnið og sýnir allt það nýjasta í parketi á **laugardag kl. 12-15 í Skútuvogi**.



## Raftækja- og ljósaráðgjöf í dag

Jón Arnar, deildarstjóri ljósa og raftækja, veitir sérfræðiráðgjöf við val á heimilistækjum og ljósum á **laugardag kl. 10-17 í Skútuvogi.**



áðgjöf
rdegi
HÚSASMIÐJAN
FYRIR ÞIG
Nýtt blað
er komið út
74 síður af góðum hugmyndum
30% afsláttur af málningu
Skoðaðu LADY
litadaga blaðið
Gildir líka af
litaprufum
Græn vara
Öll LADY málning
30%
afsláttur
Parket
og flísar
Valdar vörur
20-30%
afsláttur
Hljóð-
einangrandi
plötur
Valdar vörur
25%
afsláttur



**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist embættismaður (14) Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 17. febrúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „12. febrúar “.

Lausnarorð síðustu viku var
**REYKJANESBÆR**



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**
**1** Ýki veg Laxness og Þórbergs (11)
**11** Jafn æst í útvarpsstöðina og tíðnina (10)
**12** Bjó að aur fengnum fyrir sölu búfjár (11)
**13** Litla kjúklingabúið er helsta von hinna efnalitlu bænda (10)
**14** Heyri par gala: Svei ykkur, brengluðu böðlar! (7)
**15** Eftir baul birtist minn heimur og fleiri hvítra trölla (9)
**17** Og uppástungu að áleggi að auki? (9)
**18** Þetta tímabil var frábært þori ég að fullyrða (5)
**21** Förum aftur yfir fyrirlesara (8)
**23** Leita dóttur sonar en þó frekar föður hans (8)
**28** Tek regluna fram yfir rakann (5)
**29** Samtal hóls og raddar (7)
**32** Fólk þagnar ekki á þessari búllu og mig vantar þennan lista (8)
**33** Pressa rjómagulan farða (7)
**34** Hér ræður stjórn hinna fjáðu og freku (7)
**35** Kæla hörð fól og heit milli línlaka (8)
**36** Fólk vex að viti þrátt fyrir villu skapara síns (7)
**39** Vaxtarsproti Vesturafríkuríkis þarfnast nákvæmari útreikninga (7)
**40** Geri við snigil sem líkist skeið? (8)
**44** Hver hafði Þorstein matgogg í hávegum? (7)
**46** Þessi móða hefur tekið drögin (7)
**49** Tel að þessi böggull sé sneið (9)
**50** Pressa stálstimpla uns þeir æja (6)
**51** Frændgarður vor er alltaf borðandi (7)
**52** Getur ládeyðu lægt ef allt er stillt? (9)
**53** Umframléttmálmur og silfur orsaka óbærilega streitu (6)
**54** Getum fyllt tóm rúm svo þið komist í álnir (7)

**LÓÐRÉTT**
**1** Ég útvarpa á bylgju Hermesar (9)
**2** Í bitið hófst hljóðritun lindar og spræanu sem úr henni kemur (9)
**3** Blikka flekkótta ránfiska (10)
**4** Það þarf að berja þennan bankster! (9)
**5** Elska þegar allir dagar eru eins og þéttbókaðir (8)
**6** Tuðran þokast áfram ef réttir seðlar fylgja (10)
**7** Ráðlegg guðsmönnunum að hvíla sig í krikunum (8)
**8** Kem kjánum á legg og vef í bómull (6)
**9** Hafernir eru hetjur hafsins (7)
**10** Að standa á öndinni er gagnstæða við suð (7)
**16** Læt kjána afhjúpa merkisfólk í broddi fylkingar (8)
**19** Sé þá þjóta milli mýra með sínar innri leiðslur úti (7)
**20** Sterkar og stinnar raska röð þeirra sem næst eru miðju (7)
**22** Fyrir þig, kæri vinalegi norðurhjarabúi! (9)
**24** Hér er laus vör og enginn tollur! (7)
**25** Viðskiptin með steikta kiðlinga þykja vafasöm (7)
**26** Mjúk mæla þarft um kosti og galla (7)
**27** Það má hylla blómin án þess að hæða nef (7)
**30** Hið máða leiði geymir púkó hjón (7)
**31** Með belti í baði – hún verður æ meira öðruvísi, þessi (7)
**37** Glöð og góð með sig eftir heimsókn í herbúðir (8)
**38** Sérðu rakaða menn með prik og fornt tákn? (8)
**40** Og heldurðu að ruglið minnki með endurtekningum? (6)
**41** Örlítil úrkoma kallar á formleg slit á félagsaðild (6)
**42** Byr mun orðinn að útbreiddu fyrirbæri hérlendis (6)
**43** Gæt þess að þú glatir ei/glingri því sem ljóma kann (6)
**45** Segja má að horn sé háð og spott (6)
**46** Fljót vernda fína (5)
**47** Óminnið er óheilbrigt (5)
**48** Kannski ég geri atlögu að yfirheyrslu (5)

**VEGLEG VERÐLAUN**

FORLAGIÐ



Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Kalmann eftir Joachim B. Schmidt** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ólöf Björg Einarsdóttir, Kópavogi.**

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 3 | | | | | 1 |
| | | 3 | 6 | 1 | | 2 | 9 | |
| 7 | | | 8 | | | | | |
| 4 | | 7 | | | | 6 | | |
| 3 | | | | 4 | | | 1 | |
| | 1 | | 2 | 3 | | 4 | | 5 |
| 5 | 7 | | | | | | 2 | 8 |
| | 8 | 2 | 1 | 7 | | 5 | | |
| | | 4 | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 6 | 7 | | |
| 1 | 2 | 9 | | 7 | | | 8 | |
| | | | | | | | | 9 |
| | 3 | | | | | | 4 | |
| | | 6 | | | | 9 | 5 | |
| 8 | | 7 | | 1 | | 3 | | |
| | | 4 | | 2 | 9 | | 6 | |
| 9 | | 1 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | | | | | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

**Bridge** Ísak Örn Sigurðsson

# Linandi tök

Spilafélög landsins hafa ekki getað spilað í spilasölum sínum vegna kórónuveirunnar. Nú, þegar veiran virðist vera á undanhaldi, eru félög landsins farin, eða eru um það bil að hefja, spilamennsku í spilasölum sínum. Í Reykjavík hafa bæði Bridgefélag Reykjavíkur og Miðvikudagsklúbburinn hafið spilamennsku í sölum sínum. Þátttaka var ágæt í tvímenningskeppni Miðvikudagsklúbbsins miðvikudagskvöldið 9. febrúar. Þá mættu 26 pör til leiks og þar höfðu Jón Sigtryggsson og Sigurður Ólafsson efsta sætið með 62,8% skori. Æði sérstakt spil kom fyrir í síðustu umferð þeirrar keppni. Norður var með 3343 skiptingu en austur 0058 ! Í þessu spili var austur gjafari og allir á hættu:

**Norður**
♠ G106
♥ 642
♦ KG94
♣ ÁG5

**Vestur**
♠ ÁKD93
♥ 10975
♦ D32
♣ 2

**Austur**
♠ -
♥ -
♦ Á10876
♣ KD1098764

**Suður**
♠ 87542
♥ ÁKDG83
♦ 5
♣ 2

Eins og við mátti búast sáust alls konar niðurstöður. Toppskorið í NS var fyrir sex lauf dobluð 800 niður. Eitt annað par spilaði sex lauf dobluð og var 500 niður. Eitt par spilaði sex tígla doblaða 500 niður og þrjú pör voru í fimm tíglum. Eitt þeirra var í fimm tíglum redobluðum og var 400 niður. Aðeins eitt par spilaði fimm lauf og var tvo niður. Toppskorið í AV var 1100 stig fyrir fimm hjörtu dobluð. Tvö pör fengu að spila þann samning ódoblaðan 300 niður, annað par var aðeins 500 dobluð niður í fimm hjörtum og AV fengu 800 stig á einu borði fyrir að spila vörn í fjórum spöðum dobluðum. Eitt par var tvo niður í fjórum hjörtum sem gaf næstum meðalskor (10-14).

# SPORT24

Íþróttavöruverslun




Fylgdu okkur á facebook

**www.SP24.is vefverslun**

## *Öll helstu merkin á einum stað*

adidas NIKE ENDURANCE ATHLECIA hummel PUMA

| SPORT24 Miðhrauni 2 Garðabæ | SPORT24 Reykjanesbæ | SPORT24 OUTLET Smáratorg | |
|---|---|---|---|
| Opið virka daga 11-18<br>Laugardaga 11-17<br>Sunnudaga 13-17 | Opið Virka daga 11 – 18<br>Laugadaga 11 – 16<br>Sunnudaga Lokað | Opið virka daga 11-18<br>Laugardaga 11-17<br>Sunnudaga 13-17 | Sími<br>553 0700<br>NÆG BÍLASTÆÐI |






## Veðurspá Laugardagur




Í dag verður allhvöss norðaustan átt á landinu suðaustanverðu og á Vestfjörðum, annars hægari. Skýjað á austurhluta landsins og úrkomulítið, annars yfirleitt bjart veður. Frost 0-15 stig, mildast við suðurströndina en kaldast inn til landsins á Norðausturlandi. KORT/SIGGI STORMUR

| | Sunnudagur | Mánudagur |
|---|---|---|
| Reykjavík | -6 °C, 5 ← | -1 °C, 13 ↖ |
| Ísafjörður | -9 °C, 3 ↑ | -1 °C, 6 ↖ |
| Akureyri | -9 °C, 3 ↑ | -5 °C, 3 ↑ |
| Egilsstaðir | -6 °C, 2 ↓ | -8 °C, 3 ↑ |
| Kirkjubæjarklaustur | -4 °C, 4 ↘ | -2 °C, 7 ↙ |

## Jarðskjálftinn á Dalvík 1934




**Sigurður Þ. Ragnarsson**
vedur
@frettabladid.is


Sennilega er Suðurlandsbrotabeltið frægasta jarðskjálftabelti á Íslandi. Flest munum við eftir Suðurlandsskjálftanum 17. júní 2000, sem var 6,5 stig og olli töluverðu tjóni þó engin íbúðarhús hryndu. Minna þekkt er svipað brotabelti á Norðurlandi, Tjörnesbrotabeltið. Hefur það valdið miklu tjóni í gegnum söguna. Einn þekktasti jarðskjálftinn í nærtíma er Dalvíkurskjálftinn, laugardaginn 2 júní 1934 kl. 12.42 sem var upp á 6,2 á Richterkvarða. Upptökin voru 1 km austur af Dalvík, nokkurn veginn milli Dalvíkurkaupstaðar og Hríseyjar. Kemur fram í heimildum að fólk hafi fundið fyrir honum í eina og hálfa mínútu.

Fólk þusti út úr húsum sínum þegar skjálftinn reið yfir, en það reyndist ekki öllum auðvelt því hús skekktust og hurðir festust í dyrakörmum. Sum hús hrundu algjörlega. Allt lauslegt hentist til, rúður brotnuðu, veggir sprungu, klofnuðu og hrundu og miklar jarðsprungur mynduðust. Fram kemur í heimildum að 12 hús hafi eyðilagst algjörlega, 21 hús verið mjög mikið skemmd og um 247 manns hafi orðið heimilislausir eftir skjálftann. Af þeim 12 húsum sem skemmdust alveg voru 6 torfbæir og 6 steinhús, en ekkert timburhús. ■

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






**Verkfæralagerinn**

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fös. kl. 9-18, laugardagur kl. 10-17, sunnudagur kl. 12-16

# Mazda CX-60 sem tengiltvinnbíll en tekur ekki við af CX-5

njall@frettabladid.is

Mazda hefur tilkynnt um nokkrar tækniupplýsingar nýs CX-60, sem frumsýndur verður 8. mars. Hann mun meðal annars koma í tengiltvinnútgáfu, sem er fyrsti slíki bíll merkisins. Sú útgáfa verður með 2,5 lítra bensínvél og yfir 300 hestöfl að sögn Mazda. Ekki hefur verið tilkynnt um stærð rafhlöðu, en til þess að vera samkeppnishæf þarf hún að hafa allavega 60 km drægi.

Einnig er von á stærri CX-80 áður en langt um líður, en báðir verða byggðir á sama skalanlega undirvagninum. CX-80 verður með auka sætaröð og þar af leiðandi líklega meira hjólhafi. Einnig verða sex strokka línuvélar í boði í báðum bílunum með 48V tvinnbúnaði, en einnig er von á dísilvél með slíkri tvinnútfærslu. Fyrir Bandaríkin verða breiðari útgáfur í boði sem heita munu CX-70 og CX-90. CX-60 mun ekki taka við af CX-5 í Evrópu heldur verða fyrir ofan hann í stærð. ■

»

**Einnig er von á stærri CX-80 sem verður með auka sætaröð ásamt tengiltvinnútfærslu.**



Með tilkynningunni var mynd sem sýnir aðalljós CX-60.



GTP ofurbíll Cadillac er sá fyrsti sem tekur þátt í Le Mans í tvo áratugi.

## Cadillac keppir í Le Mans 2023

njall@frettabladid.is

Cadillac hefur staðfest að merkið mun taka þátt í Le Mans kappakstrinum árið 2023 með nýja GTP-ofurbílnum. Bíllinn keppir í IMSA-sportbílakappakstrinum í Bandaríkjunum, en mun einnig núna keppa í þolkappakstri FIA í Evrópu, en Le Mans 24 klukkustunda kappaksturinn er þar á meðal.

Cadillac hefur ekki tekið þátt í Le Mans síðan 2002, en mun nú etja kappi við merki eins og Acura, Audi, BMW og Porsche. Í GTP-flokknum eru fjögur fyrirtæki sem sjá um að skaffa undirvagna, en Cadillacbíllinn mun notast við undirvagn frá Dallara á Ítalíu. Vélin kemur frá Cadillac ásamt tvinnbúnaði þeim sem nauðsynlegur er fyrir bílana í þessum flokki. ■




Verðlaunin voru fyrst veitt 2004 og eru ein eftirsóttastu í bílaheiminum.

## Lokalisti kynntur í Heimsbíl ársins

njall@frettabladid.is

Í vikunni var tilkynnt hvaða tíu bílar væru komnir í úrslit í valinu á Heimsbíl ársins 2022. Á listanum eru fjórir rafbílar en þeir eru Audi Q4 e-tron, Kia EV6, Hyundai Ioniq 5 og Ford Mustang Mache-E. Aðrir á lista eru Hyundai Tucson, Toyota GR86, Cupra Formentor, Genesis G70, Lexus NX og Honda Civic.

Tilkynnt verður um valið á Bílasýningunni í New York þann 13. apríl næstkomandi, en einnig verður tilkynnt hvaða þrír bílar komast í lokaúrslit í hverjum flokki um miðjan marsmánuð. Tilkynnt er um fleiri flokka en í aðalvalinu sjálfu, en valinn er rafbíll ársins, sportbíll ársins, lúxusbíll ársins, borgarbíll ársins og hönnun ársins. Í dómnefndinni eru 102 bílablaðamenn víðs vegar að. ■

# Smart fær nafnið #1 og kemur á markað um mitt næsta ár

Smart hefur tilkynnt um nafn nýja rafjepplingsins sem frumsýndur verður seinna á árinu, auk þess að láta frá sér myndir af bílnum við vetrarprófanir. Fær hann nafnið #1 eða myllumerki 1 og er með því ætlað að höfða til yngri kaupendahóps. Eins er þetta breyting á nafnakerfi merkisins, sem er í algerri endurnýjun undir sameiginlegu eignarhaldi Mercedes og Geely.

njall@frettabladid.is

Nýr Smart #1 verður heimsfrumsýndur á fyrri helmingi þessa árs, en Smart #1 kemur á markað í Evrópu um mitt ár 2023 og að sögn Jónasar Kára Eiríkssonar, vörustjóra Öskju, munu fyrstu bílar verða afhentir hér á landi síðar á því ári eða í upphafi árs 2024. „Verð liggur ekki fyrir en Smart hefur gefið það út að þeir ætli sér að koma inn á markaðinn af krafti með framúrskarandi vöru, hvort sem snýr að tengimöguleikum, tækni eða hönnun. Það má því reikna með að hér verði gríðarlega spennandi bíll á ferðinni,“ segir Jónas. Aðspurður sagði Jónas að Smart-bílar myndu hafa aðsetur á Krókhálsi en gat ekki gefið nánari upplýsingar að svo stöddu.




Myndin er frá vetrarprófunum í Kína þar sem bíllinn verður framleiddur.

Að sögn hönnuða Smart er bíllinn hannaður með lágan loftflæðistuðul, eða 0,29 Cd, en það næst með innfelldum hurðahandföngum og virku grilli, sem opnast eða lokast þegar þess er þörf. Bíllinn er rúmir fjórir metrar að lengd, sem þýðir að hann er í sama stærðarflokki og Opel Mokka og Peugeot 2008 sem dæmi. Að sögn verður bíllinn með besta innanrýmið í flokknum, en undirvagninn verður að öllum líkindum nýi SEA rafbílaundirvagninn sem verður einnig undir nýjum bíl frá Volvo í sömu stærð. Sá undirvagn á að geta verið með rafhlöðu frá 55-100 kWst. Bíllinn verður framleiddur í Kína í verksmiðju Geely í Xi'an, en þar verður hægt að framleiða allt að 300.000 bíla á ári. ■

# Alfa Romeo Tonale frumsýndur ytra

njall@frettabladid.is

Alfa Romeo kynnti á dögunum fyrsta tengiltvinnbíl sinn, nýja Tonale-smájepplinginn. Frumsýning hans hefur tafist nokkuð, en tilraunaútgáfa hans var fyrst sýnd fyrir þremur árum síðan.

Í Evrópu verður Tonale seldur með tvinntækni og sem tengiltvinnbíll. Í tengiltvinnútgáfunni er hann búinn 1,3 lítra bensínvél með forþjöppu, sem er sú sama og er notuð hjá Jeep. Við hana er sex þrepa sjálfskipting og rafmótor fyrir afturdrifið, en samtals mun sú útgáfa skila 271 hestafli. Fyrir vikið verður hann nokkuð snöggur, eða aðeins 6,2 sekúndur í hundraðið.

Rafhlaðan er 15,5 kWst og er drægið 60 km. Einnig kemur Tonale með 1,5 lítra bensínvél með 48V tvinnútfærslu en í tveimur kraftútfærslum, 128 og 158 hestafla. Báðar útgáfur verða með sjö þrepa sjálfskiptingu. en engin beinskipting verður í boði.

Tonale verður á MacPhersonfjöðrun með stillanlega dempara sem staðalbúnað. Sala á bílnum hefst í apríl en ekki er vitað hvort bíllinn verði seldur hér. ■



Tvær útgáfur verða í boði af Tonale, sem heita Super og Ti, en sala á bílnum í Evrópu hefst í apríl.



Að innan er nýtt mælaborð með 12,3 tommu mælaborðsskjá og 10,25 tommu upplýsingaskjá.

»

**Tengiltvinnútgáfan verður með sex þrepa sjálfskiptingu og skilar 271 hestafli.**

Jeep® | 4xe

# COMPASS

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF




**EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX.**
**KOMDU OG REYNSLUAKTU!**



JEEP COMPASS TRAILHAWK



GLÆSILEG INNRÉTTING



JEEP COMPASS S

**JEEP RAFKNÚNU JEPPARNIR HENTA ÍSLENSKUM AÐSTÆÐUM UM ALLT LAND**

***JEEP COMPASS LIMITED***

TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI

***7.479.000 KR.***

- LÁGT DRIF
- 360° MYNDAVÉL
- RAFDRIFIN LEÐURSÆTI
- SNERTILAUS OPNUN AFTURHLERA
- FJARLÆGÐARSTILLTUR HRAÐASTILLIR
- 10,1" SNERTISKJÁR MEÐ LEIÐSÖGUKERFI
- BLINDHORNS OG AKREINAVARI

**5** ÁRA ÁBYRGÐ | **8** 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐU | PLUG-IN HYBRID

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

# Ekki í vísindalegri rannsókn



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Buxnadragt, er yfirskrift sýningar á verkum Lóu Hjálmtýsdóttur í Listasafni Árnesinga. Sýningarstjóri er Erin Honeycutt.

„Ég er að sýna málverk, teikningar og bækur, framhald af myndasögu sem ég hef verið að gera. Verkin þróuðust úr myndasögum í málverk og málverkum yfir í klippimyndir,“ segir Lóa.

Hún segist með sýningunni vera að reyna að svara spurningunni: Hvernig er hægt að vera stórkostlegt sköpunarverk en á sama tíma svona hallærisleg manneskja?

Spurð hvert sé svarið við spurningunni segir hún: „Það þarf ekkert endilega að svara spurningunni. Það rúmast fáránlegar andstæður í sömu manneskjunni. Verkin sýna fólk vera að reyna að gera eitthvað og enginn veit af hverju. Ég er ekki í neinni vísindalegri rannsókn, mér finnst bara gaman að hugsa um af hverju fólk gerir það sem það gerir.“



Það rúmast fáránlegar andstæður í sömu manneskjunni, segir Lóa. FRÉTTABLAÐIÐ/ SIGTRYGGUR ARI

**Mismikið pláss**

Lóa sýnir blaðamanni tvö verk, annað sem hún segir vera ljótt og hitt segir hún vera eitt af uppáhaldsverkum sínum á sýningunni. Annað verkið heitir Manneskja finnur nýjan ömurlegan sjúkdóm í Amazon frumskóginum. „Það snýst um það að alltaf kemur ný pest og þess vegna hafði ég það meðvitað í litum sem mér þykja ljótir.“ Hitt verkið heitir Maður í stellingu sem er óþægileg fyrir alla nema hann. „Mér finnst svo áhugavert hvað fólk tekur mismikið pláss í tilverunni. Sjálf hef ég tilhneigingu til að taka lítið pláss,“ segir hún.

Flest verkin eru af konum. „Mér finnst skemmtilegra að teikna þær en karla, kannski af því að konur hafa gegnum tíðina mátt gera miklu meira í tísku en þeir. Mér finnst líka þægilegast að tala út frá sjálfri mér, ég er 42 ára kona og það endurspeglast í verkunum.“

> ” Mér finnst gaman að kenna.

**Drama og óréttlæti**

Sýningin heitir Buxnadragt og tuttugu myndir á sýningunni sýna mismunandi tillögur Lóu að buxnadragt. „Buxnadragt er tákn fyrir fyrirtækjamenningu og þótt myndirnar virðist vera fíflagangur þá eiga þær að sýna dramað á bak við fyrirtækjamenninguna og óréttlætið sem þrífst þar,“ segir hún.

Hún verður með vinnustofu á sýningartímanum, sem er hluti af fræðsludagskrá listasafnsins. „Mér finnst gaman að kenna fólki að taka fíflagangi eins og mínum alvarlega. Það er líka gaman að skapa stað þar sem hægt er að gera eitt og annað og það þarf ekkert endilega að vera sérstakur tilgangur með því.“ ■

**List fyrir alla auglýsir eftir umsóknum um listviðburði eða verkefni á svið barnamenningar fyrir grunnskólabörn**

List fyrir alla er barnamenningarverkefni á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis, sem ætlað er að miðla listviðburðum til barna og ungmenna um land allt og jafna þannig aðgengi barna á grunnskólaaldri að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag.

Starfandi listamenn sem og stofnanir og aðrir lögaðilar er sinna barnamenningu á einhvern hátt geta sótt um. **Umsóknarfrestur er til 14. mars 2022.**

**MAT Á UMSÓKNUM**

Valnefnd metur umsóknir og gildi þeirra með hliðsjón af því hvernig þær falla að markmiðum verkefnisins List fyrir alla. Listviðburðir og verkefni skulu í öllum tilvikum unnin af metnaði og af fagfólki. Við mat á umsóknum er valnefnd heimilt að leita umsagnar, gerist þess þörf.

Ákvörðun úthlutunar mun liggja fyrir eigi síðar en **20. maí 2022.**

Umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á heimasíðu List fyrir alla, **www.listfyriralla.is**

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

List fyrir alla



Friðgeir Einarsson, rithöfundur og sviðslistamaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI

## Listin að skrifa fyrir svið

kolbrunb@frettabladid.is

Kveikja er hugvekja lista og fræða um eld, innblástur, skynjun og sköpunarferli. Fyrsta Kveikja ársins verður haldin miðvikudaginn 16. febrúar klukkan 17.15 í Borgarbókasafninu Kringlunni. Þar munu Ingibjörg Magnadóttir leikskáld og Friðgeir Einarsson fjalla um listina að skrifa fyrir svið, bæði gjörninga- og leikhúslist, en þau hafa bæði innsýn og reynslu af performatívum skrifum.

Ingibjörg vinnur einna helst með gjörningaformið í list sinni og Friðgeir hefur skrifað bækur og unnið sem leikari, leikstjóri og leikskáld. ■

**Kveikja**

*Röð viðburða á þremur söfnum Borgarbókasafnsins í febrúar og mars:*

- Að skrifa fyrir leikhús, Borgarbókasafnið Kringlunni, 16. febrúar, kl. 17.15-18.15
- Listin að skynja og þýða heimsbókmenntir, Borgarbókasafnið Gerðubergi, 23. febrúar kl. 20.00-21.00
- Innblástur – bakvið tungumálið, Borgarbókasafnið Grófinni, 23. mars, kl. 17.15-18.15

## Nýjar rannsóknir á sögu Íslands

Í dag, 12. febrúar, heldur Félag um átjándu aldar fræði málþing í Þjóðarbókhlöðu, fyrirlestrasal á 2. hæð, undir yfirskriftinni: Af nýjum rannsóknum sagnfræðinga á sögu Íslands á átjándu og nítjándu öld. Málþingið hefst klukkan 13.30.

Ragnhildur Anna Kjartansdóttir sagnfræðingur: Fóðrun og hagaganga aðkomufjár í kvikfjártalinu 1703.

Ása Ester Sigurðardóttir sagnfræðingur: Út fyrir mörk kvenleikans á nítjándu öld.

Kristjana Vigdís Ingvadóttir sagnfræðingur: Um notkun dönsku og erlend áhrif á íslensku.

Arnór Gunnar Gunnarsson sagnfræðingur: Grikkland norðursins? Umfjöllun Íslendinga um gríska sjálfstæðisstríðið 1821–1830.

Fundarstjóri verður Atli Þór Kristinsson sagnfræðingur. ■


JS WATCH CO. REYKJAVIK
Sennilega Heimsins Minnsti Úra Framleiðandi
HJÁ GILBERT ÚRSMIÐ SÉRHÆFUM VIÐ OKKUR Í ÚRSMÍÐI, HÖNNUN OG FRAMLEIÐSLU ÚRA.
ÁRATUGA REYNSLA, METNAÐUR OG FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI.
FRISLAND CLASSIC
SILFUR SKÍFA OG BLÁMAÐIR VÍSAR
JS WATCH CO
NÝ SKÍFA
REYKJAVIK
ÚRVALIÐ AF ÚRUM HEFUR ALDREI VERIÐ MEIRA OG ÆTTU FLESTIR AÐ GETA FUNDIÐ ÍSLENSKT ÚR VIÐ SITT HÆFI EN ÚRVALIÐ MÁ SKOÐA Á WWW.GILBERT.IS
ARC-TIC ICELAND
FRISLAND 1941 MEÐ
GRÆNNI BURSTAÐRI SKÍFU
ARC-TIC ÚR
MEÐ LEÐURÓL
29.900.-
ARC-TIC ÚR
MEÐ STÁLÓL
34.900.-
GILBERT ÚRSMIÐUR
GILBERT ÚRSMIÐUR
LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.GILBERT.IS
SÍMI: 551 4100

# NÝ SENDING

## VORUM AÐ FÁ NÝJAR MOTTUR TIL LANDSINS OG SELJUM MEÐ MJÖG MIKLUM AFSLÆTTI Í VERSLUN OKKAR

## VÖRUHÚSIÐ ER OPIÐ FYRIR ALMENNING

Verðið segir allt sem segja þarf

Laugardag .....12/2
Sunnudag ......13/2

Víkurhvarf 2
Sími 835 70 70

LAUGARDAG
10-22
SUNNUDAG
10-22

Meðan birgðir endast



MARGIR ÍSLENDINGAR HAFA KEYPT DRAUMATEPPIÐ HJÁ OKKUR. EN ÞÚ?












# NÝ SENDING

## FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR VEGNA TAKMARKAÐS MAGNS

## Í TVO DAGA TIL VIÐBÓTAR



**ÞÚ KAUPIR MOTTU SEM ENDIST ÚT LÍFIÐ**




Cromwell Rugs® ehf.

Víkurhvarf 2 • Sími 835 70 70







# Laugardagur

## Hringbraut

**18.30 Sir Arnar Gauti** Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira. (e)
**19.00 Undir yfirborðið** Ásdís Olsen fjallar hispurslaus um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
**19.30 Bíóbærinn** Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli.
**20.00 Pressan** Sigurjón Magnús Egilsson fær til sín góða gesti þar sem rætt verður um það sem efst er á baugi hverju sinni.
**20.30 Sir Arnar Gauti**
**21.00 Undir yfirborðið**

## RÚV Sjónvarp

**07.15 KrakkaRÚV**
**07.16 Sögur snjómannsins**
**07.24 Litli Malabar**
**07.28 Stuðboltarnir**
**07.39 Sara og Önd**
**07.46 Rán - Rún**
**07.51 Kalli og Lóa**
**08.03 Úmísúmí**
**08.26 Eðlukrúttin**
**08.37 Sjóræningjarnir í næsta húsi**
**08.48 Hið mikla Bé**
**09.10 Kata og Mummi**
**09.21 Stundin okkar**
**09.45 Húllumhæ**
**10.00 Ævar vísindamaður**
**10.30 Hvað getum við gert?**
**10.35 Kastljós**
**10.55 ÓL 2022: Skíðastökk**
**12.35 ÓL 2022: Skíðafimi**
**13.00 ÓL 2022: Magasleði**
**14.50 ÓL 2022: Snjóbretti**
**16.05 ÓL 2022: Skíðaskotfimi**
**17.25 Pricebræður bjóða til veislu**
**17.55 Landakort**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Allt um dýrin**
**18.25 Nýi skólinn**
**18.40 Lúkas í mörgum myndum**
**18.45 Reikistjörnurnar í hnotskurn**
**18.52 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.40 Veður**
**19.50 Heimskautahundar**
**21.20 Percy og Golíat** Kvikmynd frá 2020 byggð á sannsögulegum atburðum. Percy Schmeiser er sjötugur smábóndi sem rís upp gegn stórfyrirtæki þegar erfðabreytt repjuolía frá fyrirtækinu finnst í uppskerunni hans. Fljótlega kemst hann að því að þúsundir bænda um allan heim glíma við sama vandamál og skyndilega er Percy orðinn að alþýðuhetju. Leikstjóri: Clark Johnson. Aðalhlutverk: Christopher Walken, Roberta Maxwell og Christina Ricci.
**23.00 Pappírsár**
**00.30 Úlfaland - Djúpt inni í skóginum**
**02.00 ÓL 2022: Stórsvig**
**04.10 ÓL 2022: Skíðaskotfimi**
**05.35 ÓL 2022: Stórsvig**
**07.00 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**09.00 Qatar Masters**
**13.30 The American Express**
**18.00 Waste Management Phoenix**
**23.30 Ras al Khaimah Championship**

## Sjónvarp Símans

**06.00 Tónlist**
**11.00 Dr. Phil**
**11.45 Dr. Phil**
**12.30 Speechless**
**12.55 Single Parents**
**13.20 The Good Place**
**13.42 Survivor**
**14.30 Everton - Leeds**
**17.00 Tónlist**
**17.15 The King of Queens**
**17.35 Everybody Loves Raymond**
**18.00 American Housewife**
**18.25 Serendipity** Jonathan Trager og Sara Thomas hittast þegar þau eru að kaupa sér hanska í New York. Þó þau séu að kaupa hanskana fyrir unnustu og unnusta sinn, þá gerast einhverjir töfrar þetta jólakvöld, og ástin kviknar á milli þeirra. Jon vill halda þessu áfram, en Sara er ekki viss um hvort að þessu ævintýri þeirra sé ætlað að verða eitthvað meira. Þau ákveða að láta reyna á örlögin með því að skiljast að og sjá hvort örlögin færi þau saman aftur.
**20.00 Það er komin Helgi**
**21.00 A Simple Favor** Stephanie er vídeóbloggari í smábæ í Connecticut sem fjallar í bloggi sínu um ýmislegt sem við kemur mömmum, uppeldi og heimilishaldi. Þegar einn af íbúum bæjarins, hin fagra en dularfulla Emily, sem Stephanie hafði kynnst nokkrum vikum fyrr, hverfur sporlaust, ákveður hún að rannsaka málið sjálf.
**23.00 The Vow**
**00.40 The Sisters Brothers**
**04.00 Tónlist**

## RÚV Rás eitt

**06.55 Morgunbæn og orð dagsins**
**07.00 Fréttir**
**07.03 Vinill vikunnar**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.05 Leikfélag andans**
**09.00 Fréttir**
**09.03 Á reki með KK**
**10.00 Fréttir**
**10.05 Veðurfregnir**
**10.15 Á verkstæði bókmenntanna**
**11.00 Fréttir**
**11.02 Vikulokin**
**12.00 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.45 Heimskviður**
**13.25 Fólkið í garðinum**
**14.05 Börn tímans**
**15.00 Flakk**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Orð um bækur**
**17.00 Þó líði ár og öld**
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Í ljósi sögunnar**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sveifludansar**
**20.45 Áður fyrr á árum**
**21.15 Bók vikunnar**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Litla flugan**
**23.00 Vikulokin**

## Stöð 2 Bíó

**10.40 Valley Girl**
**12.20 The Lost Husband**
**14.05 You Again**
**15.45 Valley Girl**
**17.25 The Lost Husband**
**19.15 You Again**
**21.00 The Matrix Reloaded**
**23.10 Endless**
**00.40 Come Play**
**02.20 The Matrix Reloaded**

## Stöð 2

**08.00 Laugardagssögur**
**08.02 Sögur af svöngum björnum**
**08.05 Örstutt ævintýri**
**08.10 Greinda Brenda**
**08.15 Ég er kynlegt kvikyndi**
**08.17 Örstutt ævintýri**
**08.19 Börn sem bjarga heiminum**
**08.23 Vanda og geimveran**
**08.30 Neinei**
**08.40 Monsurnar**
**08.50 Monsurnar**
**09.00 Ella Bella Bingó**
**09.05 Leikfélag Esóps**
**09.15 Tappi mús**
**09.25 Latibær**
**09.35 Siggi**
**09.45 Heiða**
**10.10 Angelo ræður**
**10.15 Mia og ég**
**10.40 K3**
**10.50 Denver síðasta risaeðlan**
**11.05 Angry Birds Stella**
**11.10 Hunter Street**
**11.35 The Goldbergs**
**11.55 Impractical Jokers**
**12.15 Bold and the Beautiful**
**12.35 Bold and the Beautiful**
**13.00 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.40 Bold and the Beautiful**
**14.05 Marry Me**
**14.50 Blindur bakstur**
**15.25 Baklandið**
**15.55 Glaumbær**
**16.25 30 Rock**
**16.55 First Dates**
**17.45 Kviss**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Sportpakkinn**
**19.00 Krakkakviss**
**19.30 The Masked Singer** Sprenghlægileg og öðruvísi söngvakeppni þar sem grímuklæddir, frægir einstaklingar keppa sín á milli. Tólf keppendur klæða sig upp í kostulega búninga til að fela hverjir þeir eru. Einn dettur út í viku hverri og þarf þá að lyfta hulunni af því hver hann er.
**20.35 My Secret Valentine.** Seth ætlar sér að kaupa verðlaunavínekru fjölskyldu Chloe en hann er ekki allur þar sem hann er séður þar sem hann er einnig leynilegur aðdáandi hennar.
**22.05 Pretty Woman**
**00.00 The Wedding Year**
**01.30 Pitch Perfect 2**
**03.20 The Goldbergs**
**03.40 Impractical Jokers**
**04.00 Hunter Street**

## Stöð 2 Sport

**06.10 Stjarnan - Selfoss**
**07.50 Breiðablik - Grindavík**
**09.30 Þór Þ. - Keflavík**
**11.10 Subway Körfuboltakvöld**
**12.10 Keflavík - Leiknir R.**
**13.55 ÍA - Þór**
**15.50 Stjarnan - KA/Þór**
**17.50 Haukar - Fram**
**19.25 Þróttur - Fylkir**
**21.05 Grindavík - KA**
**22.45 Subway Körfuboltakvöld**
**23.45 Þór Þ. - Keflavík**

## Stöð 2 Sport 2

**07.00 Atalanta - Cagliari**
**08.45 Venezia - Napoli**
**10.30 Genk - Chelsea**
**12.10 Hadjuk Split - Atletico Madrid**
**13.55 Þróttur - Fylkir**
**15.55 Chiefs - Bengals**
**18.20 Lokasóknin**
**19.35 Joventut Badalona - Tenerife**
**21.20 The Fifth Quarter**
**22.00 Trail Blazers - Knicks**
**02.10 NFL Gameday 2021/2022**

# Sunnudagur

## Hringbraut

**18.30 Mannamál** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
**19.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta** Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
**19.30 Bókahornið** Bókahornið fjallar um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.
**20.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
**20.30 Mannamál**
**21.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta**

## RÚV Sjónvarp

**07.15 KrakkaRÚV**
**07.16 Tölukubbar**
**07.21 Kúlugúbbarnir**
**07.44 Robbi og Skrímsli**
**08.06 Hvolpasveitin**
**08.28 Ronja ræningjadóttir**
**08.54 Skotti og Fló**
**09.01 Unnar og vinur**
**09.24 Múmínálfarnir**
**09.45 Grettir**
**09.56 Eldhugar – Peggy Guggenheim - listunnandi**
**10.00 Fullkomin pláneta – Mannfólkið**
**11.00 Silfrið**
**12.10 ÓL 2022: Skíðaskotfimi**
**13.00 ÓL 2022: Íshokkí**
**15.30 ÓL 2022: Stórsvig**
**16.55 ÓL 2022: Skíðaskotfimi**
**17.50 Hundalíf**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Stundin okkar**
**18.25 Menningarvikan**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.40 Veður**
**19.50 Landinn**
**20.20 Hvunndagshetjur**
**20.50 Hljómskálinn**
**21.25 Verbúðin**
**22.20 Ólgandi heimur**
**23.20 Þinn elskandi, Vincent** Kvikmynd frá 2017 um ungan mann sem ferðast til síðasta heimabæjar Vincents van Gogh til að koma síðasta bréfi listmálarans til skila að honum látnum. Myndin er sérstök að því leyti að hver einasti rammi er málaður með olíumálningu á striga í anda Van Goghs.
**00.50 Núvitund í náttúrunni**
**01.10 ÓL 2022: Listskautar**
**04.40 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**07.20 Sentry Tournament of Champions**
**11.30 Magical Kenya Ladies Open**
**14.30 One Yard Fairway**
**14.50 Costa del Sol Open**
**18.00 Waste Management Phoenix**
**19.00 PGA Tour: The Cut 2022**
**23.20 AT&T Pebble Beach Pro-Am**

## Sjónvarp Símans

**06.00 Tónlist**
**10.55 Dr. Phil**
**11.40 Dr. Phil**
**12.25 Dr. Phil**
**13.10 The Bachelor**
**14.40 Top Chef**
**15.25 Survivor**
**16.10 Black-ish**
**16.35 Black-ish**
**17.00 The King of Queens**
**17.20 Everybody Loves Raymond**
**17.45 Gordon Ramsay's 24 Hours to Hell and Back**
**18.30 Missir** Áhrifamikil og vönduð íslensk þáttaröð. Sorg er viðbrögð við missi og ef við ætlum að elska verðum við að syrgja.
**19.10 The Block**
**20.30 Systrabönd** Glæný íslensk þáttaröð. Á tíunda áratug síðustu aldar hverfur fjórtán ára stúlka sporlaust á Snæfellsnesi. Tuttugu og fimm árum síðar finnast jarðneskar leifar hennar og þrjár æskuvinkonur neyðast til að horfa í augu við fortíð sína.
**21.15 Law and Order: Organized Crime**
**22.05 Godfather of Harlem**
**23.00 Spy City**
**23.40 Agents of S.H.I.E.L.D.**
**00.20 Dexter**
**01.10 FBI: International**
**02.05 Looking for Alaska**
**02.55 Mayans M.C.**
**04.00 Tónlist**

## RÚV Rás eitt

**06.55 Morgunbæn og orð dagsins**
**07.00 Fréttir**
**07.03 Hringsól**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.05 Á tónsviðinu**
**09.00 Fréttir**
**09.03 Svona er þetta**
**10.00 Fréttir**
**10.05 Veðurfregnir**
**10.15 Bók vikunnar**
**11.00 Guðsþjónusta í Kirkju Óháða safnaðarins**
**12.00 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**13.00 Sögur af landi**
**14.00 Víðsjá**
**15.00 Lestin**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Úr tónlistarlífinu: Skálholt III**
**17.25 Orð af orði**
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Á verkstæði bókmenntanna**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Óskastundin**
**19.40 Leikfélag andans**
**20.50 Heimskviður**
**21.30 Áður fyrr á árum**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Á reki með KK**
**23.10 Frjálsar hendur**

## Stöð 2 Bíó

**11.20 Love at First Bark**
**12.45 Love on Iceland**
**14.10 Notting Hill**
**16.05 Love at First Bark**
**17.30 Love on Iceland**
**18.55 Notting Hill**
**21.00 Neighbors**
**22.30 Wendy**
**00.20 Bennett's War**
**01.50 Neighbors**

## Stöð 2

**08.00 Uppskriftir fyrir svanga birni**
**08.02 Laugardagsklúbburinn**
**08.05 Rita og krókódíll**
**08.10 Regnbogasögur**
**08.12 Ég er fiskur**
**08.15 Veira vertu blessuð**
**08.16 Örstutt ævintýri**
**08.17 Ást er ást**
**08.19 Risastóra næpan**
**08.21 Litli Malabar**
**08.25 Dansparty með Skoppu og Skrítlu**
**08.45 Gus, the Itsy Bitsy Knight**
**08.55 Monsurnar**
**09.05 Mæja býfluga**
**09.20 Tappi mús**
**09.25 Adda klóka**
**09.50 Angry Birds Toons**
**09.50 Lína langsokkur**
**10.15 Angelo ræður**
**10.25 Denver síðasta risaeðlan**
**10.35 It's Pony**
**10.55 K3**
**11.10 Are You Afraid of the Dark?**
**11.55 Spegilmyndin**
**12.20 Nágrannar**
**12.40 Nágrannar**
**13.05 Nágrannar**
**13.25 Nágrannar**
**13.45 Nágrannar**
**14.10 Grand Designs**
**15.00 The Great British Bake Off**
**16.00 The Masked Singer**
**17.00 Krakkakviss**
**17.40 60 Minutes**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Blindur bakstur**
**19.45 Fires**
**20.35 Hollington Drive**
**21.25 Knutby**
**22.10 Dröm**
**22.35 Rebecka Martinsson**
**23.25 Euphoria** Önnur þáttaröð þessara mögnuðu þátta frá HBO með söng- og leikkonunni Zendaya í hlutverki Rue Bennet sem reynir að fóta sig í lífsins ólgusjó.
**00.15 The Blacklist**
**01.00 Are You Afraid of the Dark?**
**01.40 Grand Designs**
**02.30 The Great British Bake Off**
**03.30 The Masked Singer**

## Stöð 2 Sport

**11.55 Valur - Grótta**
**14.00 Lengjubikarmörkin**
**15.00 Lengjubikarmörkin**
**16.50 KA - Stjarnan**
**18.45 Selfoss - Haukar**
**20.30 Seinni bylgjan**

## Stöð 2 Sport 2

**06.50 Napoli - Inter**
**08.30 Torino - Venezia**
**10.10 Reading - Coventry**
**11.55 Sheffield Wednesday - Rotherham**
**13.50 Trail Blazers - Knicks**
**15.50 Río Breogán - Valenica Basket**
**17.30 Lögmál leiksins**
**19.00 Celtics - Hawks**
**21.00 NFL Gameday 2021/2022**
**21.30 NFL Extra 21/22**
**22.00 NFL Upphitun**
**23.30 Super Bowl 2022**
**06.05 NFL Extra 21/22**

# Mánudagur

## Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Undir Yfirborðið** Ásdís Olsen fjallar hispurslaus um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
**19.30 Heima er bezt** Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
**20.00 Stjórnandinn með Jóni G.** Viðtalsþáttur við stjórnendur og frumkvöðla í íslensku samfélagi í umsjón Jóns G. Haukssonar.
**20.30 Fréttavaktin**
**21.00 Undir yfirborðið**

## RÚV Sjónvarp

**09.00 ÓL 2022: Bobbsleði**
**10.55 ÓL 2022: Skíðastökk**
**13.00 ÓL 2022: Íshokkí**
**15.30 ÓL 2022: Skíðafimi**
**16.50 Silfrið**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Lundaklettur**
**18.08 Litli Malabar**
**18.12 Poppý kisukló**
**18.23 Lestrarhvutti**
**18.30 Blæja**
**18.37 Sögur snjómannsins**
**18.45 Krakkafréttir**
**18.50 Lag dagsins**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Ólympíukvöld**
**20.40 Nærumst og njótum**
**21.10 Deig** Sænsk spennuþáttaröð í átta hlutum. Hið fullkomna líf Malou Sanders virðist vera á leiðinni í vaskinn. Hönnunarverslunin hennar er farin á hausinn og yfirvöld eru á hælunum á henni. Þegar allt virðist komið í þrot finnur hún óvænt tösku með 47 milljónum sænskra króna í reiðufé - en peningarnir eru ránsfengur og fleiri sem leita þeirra.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Í saumana á Shakespeare – Júlíus Sesar - Brian Cox**
**23.15 Trump-sýningin**
**00.10 Rökstólar**
**00.25 Kastljós**
**00.50 Ólympíukvöld**
**01.25 ÓL 2022: Skíðafimi**
**02.50 ÓL 2022: Brun**
**04.55 ÓL 2022: Snjóbretti**
**06.05 ÓL 2022: Skíðafimi**
**07.40 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**06.00 Waste Management Phoenix**
**10.00 Waste Management Phoenix**
**14.00 Waste Management Phoenix**
**19.30 Waste Management Phoenix**
**20.20 Waste Management Phoenix**

## Sjónvarp Símans

**06.00 Tónlist**
**12.30 Dr. Phil**
**13.15 The Late Late Show with James Corden**
**14.00 The Block**
**15.20 Ordinary Joe**
**16.00 Survivor**
**16.55 The King of Queens**
**17.15 Everybody Loves Raymond**
**17.40 Dr. Phil**
**18.25 The Late Late Show with James Corden**
**19.10 The Block**
**20.10 Top Chef**
**21.00 FBI: International**
**21.50 Looking for Alaska**
**22.40 Mayans M.C.**
**23.40 The Late Late Show with James Corden**
**00.25 Dexter**
**01.15 FBI** Bandarískur spennuþáttur um liðsmenn bandarísku alríkislögreglunnar, FBI, í New York. Frábær þáttaröð frá Dick Wolf, framleiðanda Law & Order og Chicago þáttaraðanna.
**02.00 FBI: Most Wanted**
**02.50 Paradise Lost**
**03.35 Tónlist**

## RÚV Rás eitt

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Flugur**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.03 Hádegið**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.42 Hádegið**
**13.00 Dánarfregnir**
**13.02 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Hringsól**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Orð um bækur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Krakkakiljan**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.40 Mannlegi þátturinn**
**21.35 Kvöldsagan: Sama**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**

## Stöð 2 Bíó

**11.45 Meet My Valentine**
**13.10 All Things Valentine**
**14.35 Mamma Mia**
**16.20 Meet My Valentine**
**17.45 All Things Valentine**
**19.10 Mamma Mia**
**21.00 Bridget Jones: The Edge of Reason**
**22.40 Ashes in the Snow**
**00.20 Beautiful Boy**
**02.15 Bridget Jones: The Edge of Reason**

## Stöð 2

**08.00 Heimsókn**
**08.15 The O.C.**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Britain's Got Talent**
**10.25 NCIS**
**11.10 Nettir kettir**
**11.55 Um land allt**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 S.W.A.T.**
**13.40 Á uppleið**
**14.00 The Greatest Dancer**
**15.25 B Positive**
**15.40 First Dates**
**16.30 30 Rock**
**16.50 Masterchef USA**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.25 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Spegilmyndin** Í þessum þætti mun Marín Manda skoða hvers konar matarkúrar eru vinsælir í dag og ræðir við næringarfræðing og fleira fólk sem hefur breytt lífsstíl sínum með hollara mataræði. Við veltum fyrir okkur heilbrigðu sambandi við mat og hvernig andleg heilsa, svefn og mataræði tengjast. Rætt er við sálfræðing og svefnráðgjafa en einnig kvensjúkdómalækni sem fræðir okkur um hormóna og hormónaójafnvægi.
**19.35 The Great British Bake Off**
**20.35 Grand Designs**
**21.25 The Righteous Gemstones** Önnur þáttaröð þessara geggjuðu þátta úr smiðju HBO með Danny McBride, John Goodman og Adam Devine í aðalhlutverkum. Þættirnir fjalla um heimsfræga sjónvarpsprédikarafjölskyldu sem á velgengni sína að þakka fylgjendum sem dýrka hana og dá. En á bak við fullkomið yfirbragð fjölskyldunnar leynist græðgi og ósvífni sem á sér enga líka.
**21.55 Euphoria**
**22.55 60 Minutes**
**23.40 Magnum P.I.**
**00.25 Legends of Tomorrow**
**01.05 The O.C.**
**01.50 NCIS**
**02.30 S.W.A.T.**
**03.10 The Greatest Dancer**
**04.35 30 Rock**

## Stöð 2 Sport

**18.05 Grindavík - Valur**
**20.05 Keflavík - Breiðablik**
**22.00 Tilþrifin**
**22.45 Seinni bylgjan**

## Stöð 2 Sport 2

**18.10 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar 2021/2022**
**18.35 Fréttaþáttur Evrópudeildarinnar 2021/2022**
**19.25 Football League Show 2021/2022**
**19.55 West Brom - Blackburn**
**21.55 Lögmál leiksins**



Svandís Svavarsdóttir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Verbúðin speglar reynslu ráðherra

adalheidur@frettabladid.is
toti@frettabladid.is

Áttundi og síðasti þáttur Verbúðarinnar verður sýndur á RÚV á sunnudagskvöld og varla von á öðru en hann muni sameina drjúgan hluta þjóðarinnar í línulegri dagskrá rétt eins og hinir sjö.

Síðasta þætti lauk enda með slíkum ósköpum að fólk, sem hefur staðið á öndinni af hrifningu og spennu frá fyrsta þætti, þolir vart miklu lengri bið eftir endalokunum enda bærinn í uppnámi eftir síðustu atburði og allra augu beinast að Hörpu. Og til þess að bæta gráu ofan á svart hjá henni er hermt að blaðamaðurinn Smári sé á leiðinni á staðinn.



Allra augu beinast að Hörpu. MYND/SKJÁSKOT

Útfærsla Verbúðarinnar á sköpunarsögu kvótakerfisins er einn öflugra spennuvalda í þáttunum sem hafa sjálfsagt orðið til þess að auka enn frekar almennan áhuga á því sígilda þrætuepli þjóðarinnar en samkvæmt nýrri skoðanakönnun sem gerð var fyrir Fréttablaðið sagðist 61 prósent vera frekar eða mjög andvígt núverandi fiskveiðikerfi.

Svandís Svavarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur fylgst með þáttunum af athygli og miklum áhuga, en kannski ekki endilega mjög pólitískum.

„Mér finnst þeir algerlega frábærir,“ sagði ráðherrann þegar hún var spurð um Verbúðina að loknum ríkisstjórnarfundi í gær. „Mér finnst þeir draga fram þennan tíðaranda alveg einstaklega vel og þessa hagsmunatogstreitu þarna og hin hættulegu tengsl stjórnmála og viðskipta sem eru þá og hafa alltaf verið.“

Ráðherrann gefur tíðarandanum sem birtist í þáttunum fyrstu einkunn og talar þar af þekkingu og reynslu. „Tíðarandinn er alveg ótrúlega nákvæmur þarna og sjálf var ég reyndar í verbúð á þessum tíma. Sumarið '81,“ segir Svandís en bætir aðspurð við að hún hafi þó ekki verið á söguslóðum Verbúðar vestur á fjörðum. ■

# Framtíðaráformin ákveðin baksviðs

**Hollenski umboðsmaðurinn Kim Wagenaar hefur búið á Íslandi síðustu fimm árin og lætur vel af sér. Hún segir áberandi að sérhæfingu vanti í markaðssetningu tónlistar á Íslandi en segist á sama tíma þakklát fyrir tækifærin sem hún hefur fengið, verandi erlendur ríkisborgari.**

ninarichter@frettabladid.is

Kim Wagenaar er fædd og uppalin í Alphen aan den Rijn í Hollandi, sem er eins og nafnið gefur til kynna, lítil borg á bökkum Rínar. Að sögn Kim fékk hún tónlistaráhugann með móðurmjólkinni. „Pabbi átti risavaxið geisladiskasafn. Ég man að á tímapunkti voru þung gluggatjöld yfir öllum stofuveggnum svo að hann gæti spilað tónlistina í botni án þess að trufla nágrannana.“

**Ástfangin af lífinu baksviðs**

„Þökk sé foreldrum mínum hef ég alltaf verið með hugann við tónlist,“ segir Kim. Hún segir vatnaskil hafa orðið þegar hún var barn og fylgdi foreldrum sínum á tónleika þar sem frændi hennar var að spila. „Við fórum baksviðs og mér fannst það alveg æðislegt. Þarna var heill heimur á bak við sviðið sem ég hafði aldrei heyrt um áður. Þarna greip áhuginn mig strax,“ segir hún.

Í Hollandi er hefðin að nemendur velji sér áhugasvið í námi um 13 ára aldur. „Þá velur maður sér það svið sem maður útskrifast síðan úr. „Ég vissi frá upphafi að ég ætlaði að fara í menningartengt nám,“ segir hún. „Ég komst líka að því að eina sérnámið í markaðssetningu tónlistar á þeim tíma var einmitt kennt við háskólann í Utrecht,“ útskýrir hún og segir að meðfram náminu hafi hún tekið fimm ára starfsnám.

**Eyjafjallajökull skipti sköpum**

Hún segir fyrstu kynni sín af Íslandi hafa verið á unglingsárunum þegar móðir hennar kynnti hana fyrir tónlist Sigur Rósar. „Ísland var líka mikið í fjölmiðlum heima í tengslum við eldgosið í Eyjafjallajökli og svo auðvitað þegar hrunið kom.“

Kim heimsótti Ísland fyrst árið 2013, þegar hún fór á Airwaves með hollenskum vinum. Síðan hafi hún sótt hátíðina heim ár eftir ár, og tekið að sér sjálfboðaliðastarf í tengslum við hátíðina. Árið 2016 ákvað hún að flytja til landsins og ári seinna var hún komin með atvinnutilboð.

Hún þáði vinnuna og hóf störf við umsjón tónlistarviðburða á bar í miðbæ Reykjavíkur.



Kim var viðstödd þegar tíkin Zoe kom í heiminn fyrir fjórum árum og hafa þær verið óaðskiljanlegar síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Gus Gus og Damien Rice**

Í dag er Kim umboðsmaður fyrir fjölda íslenskra listamanna. Oscar Leone, Unnur Sara, Bony Man og Svavar Knútur eru á skrá hjá Kim, ásamt fleirum. Hún hefur starfað með Gus Gus og unnið að verkefnum með Ólafi Arnalds. Hún minnist þó sérstaklega samstarfsins við írska tónlistarmanninn Damien Rice sem hún kynntist á Íslandi. „Þetta var eftir fyrstu vaktina mína á nýjum viðburðastað í Reykjavík. Ég byrjaði þarna að spjalla við einhvern gaur sem sagði mér að hann væri í tónlist,“ útskýrir Kim. Næst hafi hann spurt hana hvort hún hefði áhuga á verkefni. „Ég spurði hann hvort hann væri með Facebook-síðu svo að ég gæti hafist handa við að kynna mér hann aðeins, en hann sagðist ekki vera með Facebook,“ útskýrir Kim.

„Ég þekkti hann ekki í fyrstu og var hrædd um að þetta væri einhver jólasveinn í pabbabandi,“ útskýrir hún og hlær. Hann hafði aðeins gefið henni fyrra nafnið sitt svo að leit á netinu skilaði litlu.

Starfsmenn úr kynningarteymi tónlistarmannsins náðu sambandi við Kim á endanum og hún fylgdi Damien Rice í gegnum stórt verkefni. „Mér fannst þetta ógeðslega fyndið á þeim tíma. Alveg var þetta dæmigert, að ég var næstum því búin að afþakka verkefnið,“ segir Kim og skellihlær.

> ”
> **Þarna var heill heimur á bak við sviðið sem ég hafði aldrei heyrt um áður.**

**Bransann skortir sérhæfingu**

Kim segir gat vera til staðar á íslenskum tónlistarmarkaði. „Íslenskir tónlistarmenn hafa ekki lært að umgangast tónlistina sem vöru. Ég sá að það var gat í markaðnum þarna. Það eru mjög fáir umboðsmenn á Íslandi að gera það sem ég geri,“ segir Kim. „Ég rannsakaði málið aðeins og tók eftir því að þetta er hvergi kennt á Íslandi.“

Kim sérhæfir sig í ráðgjöf og alhliða utanumhaldi fyrir tónlistarfólk undir merkjum umboðsstofunnar Peer Agency, sem hún rekur. „Það er vöntun á þekkingu á þessu sviði og kannski vantar reynsluna líka,“ segir hún.

Kim kveðst gríðarlega þakklát fyrir viðtökurnar sem hún hefur fengið. „Það er dásamlegt að fá viðurkenningu sem fagmaður í faginu. Að Útón sendi mig erlendis á ráðstefnur og listamenn eins og Gus Gus vinni með mér. Það er oft sem fólk eyðir svo mikilli orku í þetta og fær svo lítið til baka.“ ■

# Hvað er eiginlega að okkur?

**NETFLIX**

## Too hot to handle

**Framleiðandi:** Viki Kolar

Nína Richter

Tíu manna hópi fullorðinna einhleypra keppenda er komið fyrir á hitabeltiseyju. Hópurinn samanstendur af keppendum sem allir eiga það sameiginlegt að vera klæddir efnislitlum klæðnaði, vera enskumælandi, gagnkynhneigðir, leggja gríðarlega áherslu á útlit sitt og annarra og eiga erfitt með að mynda rómantísk tilfinningasambönd. Meðan á dvölinni stendur fara keppendur í gegnum námskeið sem snúast um hugrækt og tengslamyndun, á sama tíma og þeim er bannað að stunda kynferðislegar athafnir af nokkrum toga, eða stunda sjálfsfróun.

Manneskjan er skrýtin dýrategund. Tilfinningin sem situr eftir hjá áhorfandanum eftir áhorf á Too hot to handle, er líkust einhvers konar eitrun, og spurningin sem stendur eftir er: Hvað er eiginlega að okkur? En að sjá fullorðið fólk láta allt vit lönd og leið er þrátt fyrir allt svakalega gott sjónvarp.



Too hot to handle segir ef til vill meira um áhorfendurna en þátttakendurna. MYND/SKJÁSKOT

Stjórnandi hópsins er „Lana“, sem er sívalningslaga talandi lampi sem skammar þátttakendur í hvert sinn sem þeir brjóta reglurnar.

Verðlaunapottur bíður sigurvegara þáttarins sem er valinn eftir geðþóttaákvörðun framleiðenda. Potturinn stendur í 100 þúsund Bandaríkjadölum í upphafi þáttar en lækkar umtalsvert í hvert sinn sem regla er brotin. Til að mynda kostar stakur koss sex þúsund dollara, í þriðju þáttaröðinni. Maður hefði haldið að fólk gæti hamið sig þegar slíkir peningar eru í húfi. Svo er nú aldeilis ekki.

Tónn framleiðslunnar gagnvart þátttakendum einkennist af gamansömu virðingarleysi. Fólkið er sett fram sem spólgraðir vitleysingar sem þurfa hjálp. Hjálpin er í formi námskeiða þar sem konum er kennt að tala fallega um píkuna sína og karlmenn tala um neikvæða stimpla sem þeir hafa fengið, og öskra til þess að losna undan þeim. „Meðferðin“, sem þættirnir gefa sig út fyrir að veita fólkinu, er grunn og það er skrýtið misræmi í umgjörð þáttanna og þeirri húmanísku nálgun sem meðferðaraðilar boða. Er kannski einhver dýpri ástæða fyrir því að þetta fólk myndar ekki náin tilfinningasambönd? Er eðlilegt að fólk leiti logandi ljósi að framtíðarmaka fyrir 25 ára aldurinn? Er slæmt að eiga marga rekkjunauta? Þátttakendurnir sjálfir kvarta nefnilega aldrei undan þeim lífsstíl.

Í þáttunum verða til pör, og stór hluti af skjátímanum fer í að fylgjast með því hvort pörin haldi skírlífisheit þáttanna. ■

**NIÐURSTAÐAN:** Ágætis sorp sem upphefur ástarjátningar og framtíðarplön en fordæmir lauslæti. Framboð slíkra þátta er síðan svar við eftirspurn sem er kannski skýrasta dæmið um að það er vissulega eitthvað að okkur.

# STYRKUR ÚTHALD & ÞOL

**Í Sportvörum finnur þú réttu græjurnar fyrir heimaræktina**

Gerðu æfinguna áhrifaríkari með nákvæmum mælingum á hraða, tíma, vegalengd og brenndum kaloríum.



**Assault Air Bike Pro**

**184.990 kr.**



**Göngubretti, Power Walker Pro**

**99.990 kr.**



**Concept2 róðravél, Standard Leg**

**179.990 kr.**



**Concept2 SkiErg**

**167.990 kr.**



**Hlaupabretti Cobra 520**

**359.990 kr.**



**RJR AppSmart 270 hlaupabretti**

**119.990 kr.**



**RJR AppSmart Xtra hlaupabretti**

**164.990 kr.**

sportvörur

DALVEGI 32a | KÓPAVOGI | SPORTVORUR.IS

# Vextirnir bíta meira núna

**Frétt vikunnar**

Orri Björnsson

toti@frettabladid.is

„Það vekur alltaf minningar þegar skólum er lokað vegna veðurs eins og gerðist núna í vikunni,“ segir Orri Björnsson, framkvæmdastjóri Algalífs, þegar hann lítur yfir fréttir vikunnar.

„Stundum veltir maður því fyrir sér af hverju snjór og óveður virðist alltaf koma okkur á óvart. Á köflum er eins og menn séu búnir að gleyma hvernig á að moka snjó. En að öllu gríni slepptu, þá held ég að betra sé að vara við aðeins of oft heldur en of sjaldan.

Annað síendurtekið mál í íslenskri umræðu sem náði flugi í vikunni er fyrirkomulag áfengissölu. Ég er nú á frjálslyndisarminum hvað þetta varðar. Auðvitað á að vera hægt að kaupa áfenga drykki á netinu, eða beint frá framleiðanda, rétt eins og aðra löglega neysluvöru.

En stóra málið í vikunni var hins vegar stýrivaxtahækkun Seðlabankans um 75 punkta. Að mínu viti bíta vextirnir miklu meira núna en áður. Þess vegna verðum við að fara varlega og muna að stýrivextirnir eru ekki eina leiðin til að draga úr þenslu. Sparnaður hjá hinu opinbera hefur sömu áhrifin. Það má ekki verða svo að stýrivextir fari að hafa hamlandi áhrif á verðmætasköpun og hagvöxt í samfélaginu.“ ■

> Auðvitað á að vera hægt að kaupa áfenga drykki á netinu.



Orri Björnsson, framkvæmdastjóri Algalífs. MYND/AÐSEND


# Láttu drauminn rætast í ...




**C&J SILVER** stillanlegur botn + Natures Rest Luxury heilsudýna

- C&J Silver er með sterkum stálbotni og kraftmiklum en hljóðlátum mótor.
- Rúminu fylgir þráðlaus fjarstýring með tveimur minnum og ljósi.
- Botn rúmsins dregst að vegg þannig að þú ert í eðlilegri fjarlægð frá náttborði og lampa.
- Sérstakur takki á fjarstýringunni kemur rúminu í upphaflega stöðu.

| Stærð í cm | Fullt verð: Botn + dýna |
|---|---|
| Luxury 80x200 | 187.900 kr |
| Luxury 90x200 | 193.900 kr |
| Luxury 90x210 | 201.900 kr |
| Luxury 100x200 | 201.900 kr |
| Luxury 120x200 | 207.900 kr |
| Luxury 140x200 | 223.900 kr |




Nature´s **SUPREME** heilsurúm með Classic botni

**Virkilega vönduð heilsudýna sem hentar flestum, millistíf.**
Natures Supreme er samsett úr 5 svæðaskiptu pokagormakerfi með steyptri kantstyrkingu sem gefur um 25% meira svefnrými og lengri endingu. Gormakerfið er mýkra við axlasvæðið, millistíft við miðjusvæðið en stífara við neðrabakssvæðið. Convoluted svampur (egglaga) er í efsta lagi dýnunnar sem gefur virkilega góðan stuðning og aðlögun. Einnig gefur lögunin á svampinum meira loftflæði sem skilar sér í auðveldari snúningi á dýnunni. Mismunandi svamplög gefa henni frábæra mýkt. Hæð dýnunnar er 29,5 cm. **Dýna sem hentar ungum sem öldnum.**

| Stærð í cm | Fullt verð: Botn + dýna |
|---|---|
| Supreme 80x200 | 97.900 kr. |
| Supreme 90x200 | 104.900 kr. |
| Supreme 120x200 | 124.900 kr. |
| Supreme 140x200 | 134.900 kr. |
| Supreme 160x200 | 149.900 kr. |

**www.DORMA.is**
*Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

**Holtagörðum, Reykjavík**
**Smáratorgi, Kópavogi**
**Dalsbraut 1, Akureyri**
**Skeiði 1, Ísafirði**

DORMA
Láttu drauminn rætast




Jón Bjarni Steinsson hefur verið frekur til fjörsins í miðbænum en sjálfsbjargarviðleitni varð til þess að hann opnaði veitingastað í Garðabæ þaðan sem hann stefnir jafnvel á að skutla gestum niður í miðbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Opnaði hverfisbar af sjálfsbjargarviðleitni

Veitingamaðurinn Jón Bjarni Steinsson, stundum kenndur við Dillon, opnaði nýlega hverfisbar í Urriðaholti í Garðabæ, ekki síst til þess að hann og konan hans gætu brugðið undir sig betri fætinum og farið út að borða án þess að þurfa að taka leigubíl. Fyrsta vikan bendir til þess að fleiri en hann hafi beðið eftir þessum möguleika í hverfinu.

svavamarin@frettabladid.is

Jón Bjarni Steinsson, sem hefur verið atkvæðamikill í veitingarekstri í miðbænum þar sem hann rekur Dillon og Pablo Discobar, tók sig til ásamt öðrum og opnaði 212 Bar & Bistro í Urriðaholti í Garðabæ fyrir viku síðan.

„Þetta er sprottið af sjálfsbjargarviðleitni og er mín tilraun til að komast úr miðbæ Reykjavíkur,“ segir Jón og bætir hlæjandi við að hann sé orðinn fertugur.

„Við hjónin vildum redda okkur hverfisbar og veitingastað til að geta sótt án þess að þurfa að fara í leigubíl, með von um að aðrir í hverfinu njóti líka góðs af,“ segir Jón Bjarni og lætur fljóta með að hann gæti ekki verið ánægðari með móttökurnar.

### Skutlað fram fyrir röð

Jón Bjarni segir þá hugmynd hafa komið upp í tengslum við nýja staðinn að bjóðast til að skutla viðskiptavinum í bæinn eftir kvöldstund á 212 Bar & Bistro.

„Þetta er enn í startholunum,“ segir Jón Bjarni með fyrirvara um að varla sé grundvöllur fyrir skutlinu fyrr en opnunartími skemmtistaða verði rýmkaður frekar, en hann hefur einmitt haft sig talsvert í frammi í andófi veitingamanna gegn ströngum samkomutakmörkunum.

„En þegar ég fær góðar hugmyndir eru allar líkur á að ég framkvæmi þær,“ segir hann léttur.

„Við viljum bjóða viðskiptavinum okkar upp á þann möguleika að fá sér góðan kvöldverð án þess að þurfa að spá í að borga leigubíl í bæinn, og sleppa einnig við að bíða í röð,“ segir hann og sér fyrir sér að þeim sem þiggja skutlið verði hleypt fram fyrir röð á Pablo.

### Engin blómkálsfroða

„Pælingin er sú að vera staður fyrir fólkið í hverfinu, með fjölbreyttan matseðil og nýjungar sem eiga við alla, og hafa gaman,“ segir Jón Bjarni og bendir á að matseðillinn nái frá léttum réttum og vegan yfir í steikur og barnamatseðil.

„Við erum ekkert að flækja hlutina með einhverri blómkálsfroðu og þess háttar, heldur ættu allir að geta komið og fengið sér gott að borða úr góðu hráefni.“

Jón Bjarni segir ýmislegt annað í pípunum í Garðabænum. „Við ætlum ekki að vera sportbar en erum með skjá sem er hægt að horfa á boltann á nokkrum borðum án þess að trufla þá sem vilja sitja í rólegheitum. Að sama skapi erum við með skjávarpa til að geta verið með stærri viðburði líkt og Eurovision-kvöld og pöbbkviss.

Viðtökurnar hafa verið afar góðar og það var þétt setið bæði á föstudags- og laugardagskvöld,“ segir Jón, sem hefur ekki yfir miklu að kvarta þar sem þessi helgi líti einnig vel út.

Það spilli ekki fyrir að möguleikinn á góðri partístemningu sé einnig fyrir hendi þar sem hann sé með leyfi til þess að hafa opið til klukkan þrjú. „Við erum með ráðstafanir í takt við það svo við séum ekki að ónáða nágrannana, bæði með hljóðeinangrandi gluggatjöldum, gólfi og góðu hljóðkerfi.“ ■

> Þetta er sprottið af sjálfsbjargarviðleitni og er mín tilraun til að komast úr miðbæ Reykjavíkur.

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid*.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*





BYKO

Komdu og fáðu

# litaráðgjöf

í verslun BYKO Breidd
í dag frá kl 12-15

Jóhanna

## Hvernig stemningu
viltu skapa í rýminu?

Hvort sem þú færð hugmyndir frá nýjustu tískusveiflum eða lætur börnin ákveða litinn er mikilvægast að þú veljir þá liti sem þér líkar best við. Kraftmikla liti í herbergi þar sem athafnasemi er mikil eða rólegri og svalari liti þar sem á að slappa af. Ljósir litir gera það að verkum að herbergið virðist stærra en dökkir litir leiða til hins gagnstæða.



**Litaskanni**
Komdu með þinn lit (t.d. uppáhaldshlut eða flík), litaskanninn finnur litinn og við blöndum hann.




# Byrjaðu að mála strax í dag!



Harris

**Pensill**

50 mm pensill sem hentar vel innanhúss á veggi og loft. Hentar fyrir allar gerðir málningu og lökk. Hágæða gerviþræðir með fínum oddum sem skila sléttri áferð og jafnri þekju.

**1.095**

83034920



Harris

**Málningarskaft**

Skaft sem hægt er að lengja frá 0,64-0,94m

**2.695**

83000739



**Rúlla & bakki**

Málningarrúlla og bakki í einum pakka. Bakkinn er 25 cm á breidd. Hentar fyrir flestar gerðir af málningu.

**2.295**

84305627




**Málningarlímband**

Tesa Precision límband 25 mm

**1.795**

81943342




GJØCO

**Léttspartl**

Medium léttspartl fyrir veggi 0,4L.

**1.595**

80786040

## Eva Laufey Kjaran

dagskrárgerðarkona

*„Frá því ég var lítil þá hef ég verið hrifin af fallegum litum og þá sérstaklega pastellitum. Ég gerði því litakort sem endurspeglar það. Þessa kósý og notalegu stemningu.“*

MAKKARÓNUR | EVUBLEIKUR | MARENGS-TOPPAR | PISTASÍA

KARAMELLA | TÍRAMÍSÚ | BERJAKEIMUR | VANILLU-DRAUMUR

**Skoðaðu litina á byko.is**

# Við bjóðum upp á bollakökur í dag

í öllum verslunum okkar á meðan birgðir endast

KÖKUR & TERTUR 17 SORTIR CAKES & TARTS



BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

frettabladid.is

550 5000
**RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is
**AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is
**PRENTUN** Torg ehf.
**DREIFING** Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

EMIL í Kattholti
Astrid Lindgren

■ Bakþankar



Óttars Guðmundssonar

# Raunir eldri borgarans

Með aldrinum breytast áherslur lífsins. Fæstir hafa lengur metnað til að hlaupa maraþon eða komast uppá Hvannadalshnúk. Smám saman er markið sett lægra og lægra. Reglulegar hægðir og vandræðalaus þvaglát verða viðmið skemmtilegs lífs. Eftirspurn eftir ellilífeyrisþegum er lítil sem engin. Eina fólkið sem sýnir þeim alvöru áhuga eru fasteignasalar sem vilja selja sérhæðina eða húsið í skiptum fyrir rándýra íbúð í elliblokk með lyftu og neyðarhnöppum. Ferðaskrifstofueigendur selja staðlaðar eldri borgara ferðir þar sem harmónikkuleikari og hjúkrunarfræðingur fylgja með í kaupunum. Lífið er orðið að biðsal eftir engu.

„Mér leiðist,“ sagði gamall kunningi minn úr Lauganesskólanum á dögunum. „Ég byrjaði að skrifa ævisögu mína en enginn útgefandi hafði áhuga á handritinu. Enginn flokkur hringdi í mig á kosningadaginn. Ekkert podkast vill tala við mig. Tilbreytingarleysið er algjört. Ég hef heldur aldrei lent í neinum hneykslanlegum ástarævintýrum. Reyndar keypti ég mér einu sinni gleðikonu í Hamborg. En hún er sennilega löngu dáin eða komin á hjúkrunarheimili svo ekki verður hún til frásagnar. Það gerist svo fátt í mínu lífi að það er tilhlökkunarefni að endurnýja ökuskírteinið. Ég er líka einn af sárafáum sem tengi engan veginn við Verbúðina.“ Hann stundi þungan. „Ég er hættur að lesa neitt í blöðunum nema fréttir sem eru mér að skapi og minningargreinar. Eina leiðin til að öðlast tilgang í tilveruna er að fá einhvern sjaldgæfan sjúkdóm. Þá gæti ég bloggað frá sjúkrabeðnum sem mundi kannski vekja einhverja athygli á mér! Hann hvarf útí snjófjúkið og leit ekki um öxl. ■




